

ALÞINGISTÍÐINDI 1916—17.

B. II.
UMRÆÐUR Í EFRI DEILD.

REYKJAVÍK
PRENTAÐ Í FJELAGSPRENTSMÍÐJUNNI
1917

Skammstafanir.

A. = A-deild þingtiðindanna = þingskjölin.
Alp. = Alþingi.
alpm. = alþingismaður.
Alpt. = Alþingistiðindi.
aths. = athugasemd.
atkv. = atkvæði.
atkvgr. = atkvæðagreiðsla.
brtt. = breytingartillaga.
Ed. = efri deild.
e. hlj. = einu hljóði.
flutnm. eða flm. = flutningsmaður.
frasm. eða frsm. = framsögumaður.
frv. = frumvarp.
gr. = grein.
hv. eða háttv. = háttvirtur.
hæstv. = hæstvirtur.
l. = lög.
lagafrv. = lagafrumvarp.
landsk. = landskjörinn.
n. eða nál. = nefndarálit.
Nd. = neðri deild.
ráðh. = ráðherra.
samhlj. eða shlj. = samhljóða.
samþ. = samþykkt.
skrif. = skrifari.
stafl. = staflíður.
Sp. = sameinað þing.
till. = tillaga.
tölul. = tölulíður.
umr. = umræða.
viða.till. = viðaukatillaga.
þgskj. = þingskjál.

þingd. eða þd. = þingdeild.
þingdm. = þingdeildarmaður.
þingsál. = þingsályktun.
þm. = þingmaður.
þm. Ak. = þingmaður Akureyringa.
þm. G.-K. = þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
þm. Húnv. = þingmaður Húnavetninga.
þm. Ísf. = þingmaður Ísfirðinga.
þm. Rang. = þingmaður Rangæinga.
þm. Seyðf. = þingmaður Seyðfirðinga.
þm. Snæf. = þingmaður Snæfellinga.
þm. Vestm. = þingmaður Vestmannaey-
inga.

E. P. = Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
G. B. = Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm.
G. G. = Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm.
G. Ó. = Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv.
H. H. = Hannes Hafstein, 1. landsk. þm.
H. Sn. = Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm.
H. St. = Halldór Steinsson, þm. Snæf.
Jóh. Jóh. = Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
K. D. = Kristinn Danielsson, 2. þm. G.-K.
K. E. = Karl Einarsson, þm. Vestm.
M. K. = Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
M. T. = Magnús Torfason, þm. Ísf.
S. E. = Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm.
S. J. = Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm.

Þessar skammstafanir tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum, og eins með ákveðna greininum.

Efri deild Alþingis.

Deildarsetning.

Ár 1916, föstudaginn 15. desember, kl. 8 síðdegis, þegar lokið var störfum sameinaðs þings að þessu sinni, var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi.

A. Landskjörnir þingmenn:

1. Hannes Hafstein, 1. landsk. þm.,
2. Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm.,
3. Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm.,
4. Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm.,
5. Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm.,
6. Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir þingmenn:

1. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.,
2. Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv.,
3. Halldór Steinsson, þm. Snæf.,
4. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.,
5. Karl Einarsson, þm. Vestm.,
6. Kristinn Danielsson, 2. þm. G.-K.,
7. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.,
8. Magnús Torfason, þm. Ísf.

Elsti þingmaður deildarinnar, Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm., tók forsetasæti

og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Sigurð Eggerz, 2. landsk. þm., og Guðmund Björnson, 6. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Ljet aldursforseti því næst ganga til kosninga um forseta deildarinnar.

Kosningu hlaut

Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm., með 9 atkv. Fimm seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti gekk þá til forsetastóls og ávarpaði deildina svofeldum orðum:

Jeg þakka, — jeg þakka, hæstvirkri efri deild Alþingis, fyrir það traust, sem hún ber til mín, að fela mjer þetta vanda-mikla trúnaðarstarf.

Þess ber vel að gæta, að forsetastarfið verður nú miklu tilkomumeira og miklu erfiðara en það hefir nokkru sinni verið hjer á Alþingi.

Hingað til hefir forseti eingöngu verið fundarstjóri og húsbóndi yfir aðstoðarmönnum þingsins, — og ekki átt atkvæðisrjett um þingmál.

Nú hefir forseti fullan atkvæðisrjett;

Kosning forseta og skrifara.

en þó varðar mestu, að nú á hann að gjörast formaður í vinnunefnd, þeirri nýju höfuðnefnd, sem á að ráða vinnubrögðum allra annara nefnda.

Samkvæmt nýju þingsköpunum stendur nú til gagngjör breyting á öllum vinnubrögðum þingsins — breyting til batnaðar.

Þeir, sem sátu á síðasta þingi, vita það vel, að jeg hefi unnið manna mest að þeirri lagarjetting — umbótinni á þingsköpunum, og jeg þykist skynja, að það sje þess vegna, að mjer er nú falið forsetastarfið í þessari hæstvirtu þingdeild.

Jeg lofa því einu, sem mjer er sjálfrátt að efna; jeg lofa því, að gjöra mjer alt far um að stýra umræðum á þingfundum og atkvæðagreiðslum skipulega og hlutdrægnislaust. Og jeg mun kappkosta af fremsta megni, að koma góðu skipulagi á öll þingvinnubrögðin, svo að nýju þingsköpin komi sem best að tilætluðum notum. En tilætlunin er sú, að öll þingvinnan skuli framvegis ganga miklu greiðar og fara miklu betur úr hendi en tíðkast hefir.

Það herðir huga minn, að jeg veit það fyrir vist, að þjer, hæstv. þingbræður, munuð allir styðja mig að þessu vandasama starfi. Hins vegar megið þjer vita, að jeg mun af fremsta megni láta mjer ant um að afla ykkur hverskonar þæginda og vinnuljettis að svo miklu leyti, sem í minu forsetavaldi stendur.

Hamingjan gefi að þetta nýja þing beri gæfu til að greiða úr öllum vandamálum fósturjarðar vorrar, með enn meiri ráðdeild og fyrirbyggju en þjóðin hefir átt að venjast.

Gætum þess vel, að nú er eldur uppi í heiminum, — ófriðarbál, og engu óhætt, — alls engu er nú með öllu óhætt.

Munum það, að margskonar hættur vofa yfir atvinnuvegum þjóðarinnar.

Gleymum því ekki, að sjálfstæði voru

út á við, — fjöreggi þjóðarinnar, — getur lika orðið hættu búin.

Festum það vel í minni, að Alþingi hefir frá upphafi vega, bráðum í 1000 ár, ráðið örlögum íslensku þjóðarinnar. Oft hefir það, sem betur fer, orðið þjóðinni til heiðurs og blessunar, en stundum þveröfugt, því er ver, til háðungar og bölvunar fyrir land og lýð.

Höfum það umfram alt hugfast, — hvað sem öðru líður, að vjer erum mjög fámennt þjóð, — að öll sundrung út á við verður þess vegna jafnan versta eitur í okkar þjóðarbeinum.

Útanríkismálin reynast ávalt mestu og erfiðustu vandamál hvevrrar smáþjóðar. Þar er öll sundrung sjálfstæðishætta og þjóðlífsháski. Þar má með sanni segja um okkur: „Íslandi riður á að enginn skerist úr leik“.

Heitum því allir, að vinna af fylstu alúð og samviskusemi að hverju vandamáli þjóðarinnar. Og tökum svo til starfa, — þeirra ábyrgðarmiklu trúnaðarstarfa, sem þjóðin hefir falið okkur.

Þá ljét forseti ganga til kosninga um fyrir varaforseta.

Fór kosningin á þá leið, að

Guðjón Guðlaugsson hlaut 6 atkv.,

Magnús Torfason — 5 atkv. og

Karl Einarsson — 1 atkv.,

en 2 seðlar voru auðir.

Með því að enginn var kosinn samkvæmt þessum úrslitum, ljét forseti kjósa aftur óbundinni kosningu, og fjell hún þá svo, að

Guðjón Guðlaugsson hlaut 7 atkv. og

Magnús Torfason — 7 —

Með því að enn hafði enginn meira en helming greiddra atkvæða, ljét forseti fram fara bundna kosningu, milli þeirra tveggja, er síðast hlutu atkvæði, og fór sú kosning svo aftur, að

Guðjón Guðlaugsson hlaut 7 atkv. og

Magnús Torfason — 7 —

Kosning forseta og skrifara. — Sætaskipun. — Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Var þá varpað hlutkesti, og kom upp hlutur Magnúsar Torfasonar.

Lýsti þá forseti yfir því, að kjörinn væri fyrri varaforseti

Magnús Torfason, þm. Ísf., með 7 atkvæðum.

Því næst ljét forseti fram fara kosningu annars varaforseta.

Fór kosningin á þessa leið:

Karl Einarsson hlaut 6 atkv.,

Guðjón Guðlaugsson hlaut 5 atkv.,

Eggert Pálsson hlaut 1 atkv.,

en 2 seðlar voru auðir.

Var því kosningin endurtekin, og fór svo, að

Guðjón Guðlaugsson hlaut 7 atkv. og

Karl Einarsson 6 atkv.,

en 1 seðill var auður.

Lýsti þá forseti kjörinn annan varaforseta

Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar. Hlutfallskosningar beiddust þessir þingmenn:

Jóhannes Jóhannesson,

Hannes Hafstein,

Magnús Kristjánsson,

Eggert Pálsson,

Guðjón Guðlaugsson.

Tveir listar komu fram. Á öðrum, er forseti auðkendi A, stóð

Hjörtur Snorrason,

og á hinum, er merktur var B, voru

Eggert Pálsson og

Magnús Kristjánsson.

Kosningin fór svo, að

A-listinn hlaut 6 atkv. og

B-listinn — 7 —,

en 1 seðill var auður.

Forseti lýsti kosna skrifara deildarinnar þá

Eggert Pálsson, 1. þm. Rang., og

Hjört Snorrason, 5. landsk. þm.

Sætaskipun.

Þessu næst hlutuðu þingmenn, aðrir en forseti og skrifarar, um sæti sin, samkv. 7. gr. þingskapanna, og fór það á þessa leið:

4. sæti hlaut Halldór Steinsson, þm. Snæf.,

5. — — Karl Einarsson, þm. Vestm.,

6. — — Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.,

7. — — Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv.,

8. — — Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm.,

9. — — Kristinn Dánielsson, 2. þm. G.-K.,

10. — — Hannes Hafstein, 1. landsk. þm.,

11. — — Magnús Kristjánsson, þm. Ak.,

12. — — Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm.,

13. — — Magnús Torfason, þm. Ísf.,

14. — — Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Forseti skýrði frá, að ráðherra legði fyrir deildina þessi frumvörp af hálfu landstjórnarinnar:

1. Frv. til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkv. 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, og lögum 9. sept. 1915.

2. — til laga um heimild handa ráðherra Íslands til ákvörðunar sjerstaks tímareiknings.

3. — til laga um þyngd bakarabrauða.

Frv. þessum var útbýtt í deildinni.

Ráðherra (Einar Arnórsson): Jeg leyfi mjer að leggja fram fyrir háttvirta

Stjórnarfrumvörp lögð fram. — Skipun fastanefnda.

deild þrjú lagafrumvörp, er byggjast á bráðabirgðalögum, sem gefin hafa verið út samkvæmt heimild í stjórnskipunarlögum 19. júní 1915, 6. grein, og fylgja þau lög frumvörpunum og þannig lögð fyrir deildina samkvæmt 6. grein sömu stjórnskipunarlaga.

Jeg vænti þess, að hæsty. forseti taki þessi mál á dagskrá og hv. deild taki þau síðan til meðferðar á venjulegan hátt.

Skipun fastanefnda.

Á 2. fundi í Ed., mánudaginn 18. desember, var samkvæmt 16. gr. þingskapanna tekin fyrir skipun fastanefnda, og fór hún á þessa leið:

1. Fjárhagsnefnd.

Samþykkt var í e. hlj. að skipa þriggja manna nefnd. Þessir voru í nefndina kosnir með 11 samhlj. atkv.:

Hannes Hafstein,
Magnús Torfason,
Sigurður Eggerz.

2. Fjárveitinganefnd.

Kosnir voru í e. hlj. í þá nefnd, sem skipuð skal vera 5 mönnum samkv. þingsköpunum:

Eggert Pálsson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhannes Jóhannesson,
Karl Einarsson,
Magnús Kristjánsson.

3. Samgöngumálanefnd.

Samþ. í e. hlj. að skipa nefndina 5 mönnum, og voru þessir kosnir í e. hlj.:

Guðjón Guðlaugsson,
Sigurður Eggerz,
Halldór Steinsson,
Kristinn Danielsson,
Guðmundur Ólafsson.

4. Landbúnaðarnefnd.

Þriggja manna nefnd samþ. í e. hlj., og voru þessir í hana kjörnir í e. hlj.:

Sigurður Jónsson,
Eggert Pálsson,
Hjörtur Snorrason.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Í e. hlj. samþ. að hafa þriggja manna nefnd. Þessir kosnir í e. hlj.:

Kristinn Danielsson,
Magnús Kristjánsson,
Halldór Steinsson.

6. Mentamálanefnd.

Samþ. í e. hlj. að hafa þriggja manna nefnd. Kosnir voru með 12 samhlj. atkv.:

Sigurður Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Magnús Torfason.

7. Allsherjarnefnd.

Þriggja manna nefnd. Í nefndina voru kosnir í e. hlj.:

Hannes Hafstein,
Jóhannes Jóhannesson,
Karl Einarsson.

A.

Frumvörp, samþykkt af Alþingi sem lög.

I.

Stjórnarfrumvörp.

1. Verðlag á vörum.

Á 11. fundi í Ed., fimtudaginn 4. janúar, var útbýtt

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 10, 8. sept. 1915, um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum, eins og það hafði verið samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 51).

Forseti leitaði leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, um að mega taka frv. þegar til 1. umr.

Afbrigðin voru fyrirfram leyfð af ráðherra og nú samþ. af deildinni í e. hlj. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 6. janúar, var frv. tekið til 2. umr. (A. 51).

Hannes Hafstein: Vil að eins taka það fram til athugunar, út af fyrirsögn frumvarpsins, að nú á hún ekki lengur við. Nú eru ráðherrar orðnir þrír og tjá-

ir því ekki lengur að nefna að eins ráðherra Íslands í eintölu, heldur verður að setja „landssjórnin“ eða „ráðuneytið“ í staðinn, eða þá tilgreina hverjum ráðherra er ætluð heimildin, ef einum er ætluð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 samhl. atkv.

2. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 14. fundi í Ed., mánudaginn 8. janúar, var frv. tekið til 3. umr. (A. 85).

Forseti: Jeg vil skýra hæstv. efri deild frá, að samkvæmt athugasemd við 2. umræðu málsins, hefir verið gjörð orðabreyting á fyrirsögn frumvarpsins.

ATKVGR.:

Frv. samþ. í e. hlj. og endursent Nd. (A. 103).

Aðflutningar til landsins. — Seðlaauki Íslandsbanka.

2. Aðflutningar til landsins.

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 5. janúar, var útbýtt

Frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggningar aðflutningum til landsins,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 67).

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 6. janúar, var frv. tekið til 1. umr. (A. 67).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, og voru þau leyfð og samþ. af deildinni í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., mánudaginn 8. janúar, var frv. tekið til 2. umr. (A. 67).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3 umr. í e. hlj.

Á 16. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. janúar, var frv. tekið til 3. umr. (A. 67).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 127).

3. Seðlaauki Íslandsbanka.

Á 1. fundi í Ed., föstudaginn 15. desember, var útbýtt

Frv. til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, og lögum 9. sept. 1915 (A. bls. 1—6).

Á 2. fundi í Ed., mánudaginn 18. desember, var frv. tekið til 1. umr. (A. bls. 1—6).

Sigurður Eggerz: Jeg vil leyfa mjer að leggja til að máli þessu verði vísað til fjárhagsnefndar að þessari umræðu lokinni.

Hannes Hafstein: Jeg vil leyfa mjer, að leggja til að máli þessu verði vísað til allsherjarnefndar að þessari umræðu lokinni. Jeg lit svo á, að verksvið fjárhagsnefndar sje þau málefni, er snerta tekjur landssjóðs, tollmál, skattamál og það annað, sem að tekjum landssjóðs lýtur. En bankinn er að eins að litlu leyti ætlaður til þess að gefa landssjóði beinar tekjur, þó að hann gefi nokkrar, heldur er verksvið hans allsherjargagn, að efla framför atvinnuveganna og yfirleitt að útvega dugnaðarmönnum magn þeirra hluta, sem gjöra skal. Jeg hygg því, að málefni Íslandsbanka falli miklu fremur undir verksvið allsherjarnefndar, sem víst einmitt á að hafa slík allsherjarmál með höndum, sem ekki beint falla undir verksvið annara, sjerstakra lögboðinna nefnda. Því það hefir vafalaust ekki verið tilætlunin, að allsherjarnefndin væri að eins ruslakista.

Sigurður Eggerz: Mjer virðist svo, sem allsherjarnefnd muni fá meira að gjöra á þessu þingi en fjárhagsnefnd, og því af þeirri ástæðu ekki rjett að leysa

Seðlauki Íslandsbanka.

hana frá að fjalla um þetta mál, einkum þar sem jeg fæ ekki betur sjöð en að fjárhagur landsins og bankamálin sje hvort öðru svo nátengd, að rjett sje að þessi nefnd fjalli um hvorttveggja.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. visað til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 188) með 8: 6 atkv.

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 5. janúar, var frv. tekið til 2. umr. (A. bls. 1—6, n. 60).

Karl Einarsson: Jeg vildi að eins fara fram á að málið yrði tekið út af dagskrá í dag, til þess að geta fengið færi á að tala við hina nýju stjórn um ýms atriði frumvarpsins. Hefi jeg minst á þetta atriði við framsögumann, og hafði hann eigi neitt við það að athuga.

Forseli tók frv. út af dagskrá.

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 6. janúar, var frv. tekið til frh. 2. umr. (A. bls. 1—6, n. 60).

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Eins og tekið er fram í því stutta nefndaráliði um þetta mál, sem útbýtt var hjer í deildinni í fyrradag, hefir nefndin sannfærst um það, að þörf landsins á gjaldmiðli hafi aukist svo miklu örar eftir að heimsstyrjöldin hófst, heldur en ráð var gjört fyrir á síðasta þingi, þegar lögin frá 9. sept. 1915 voru sett og samin, að óhjákvæmilegt hafi verið að landsstjórnin gjörði ráðstafanir til að bæta úr þessu. Eins verður nefndin að viðurkenna, að annar vegur hafi ekki verið fær til þess eftir þing 1915 en sá, að gefa út bráðabirgðalög, er leyfðu þeim bankanum, sem einkarjett hefir til seðlaútgáfu, að auka seðla-

magn sitt. Þetta var gjört, fyrst með bráðabirgðalögum 29. sept. 1915, er heimilaði ráðherra að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, sem gefa mátti út samkvæmt lögum 10. nóv. 1905, og lögum 9. sept. 1915, og með því að þau lög gengu aftur úr gildi í lok janúarmán. 1916, en fyrirsjáanleg var mjög ört vaxandi gjaldmiðilsþörf, voru 18. maí 1916 gefin út önnur bráðabirgðalög, er heimiluðu ráðherra, að auka seðlaupphæð bankans, svo sem viðskiftaþörfin krefur. Til þess að takmarka útgáfuna og greiða úr seðlaþörf Landsbankans eftir því, sem lögleg föng voru á, var hvorutveggja þessara heimildarlaga bundin sama skilyrðinu, eins og sett var af Alþingi 1915 í lögnum frá 9. sept. þ. á., sem voru þau:

1) að minsta kosti **helmingur** forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr 2¹/₂ milj. króna, sje *málmforði*,

2) að bankinn við lok hvers mánaðar greiði landssjóði vexti, 2^o/_o á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæðin í hver mánaðarlok fer fram úr 2¹/₂ milj., og

3) að bankinn greiði ókeypiss og eftir þörfum, í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða simskeyti, fjárhæðir þær, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt og ókeypiss það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti, sem innieign Íslandsbanka þar leyfir.

Samkvæmt þessum síðari bráðabirgðalögum hefir ráðherra svo smám saman, eftir beiðni bankans og sannaðri þörf, leyft að auka seðlafúlguna svo, að í septembermánuði síðastliðnum voru seðlar í umferð fast að 5¹/₂ miljón, í lok þess mánaðar 5200800 kr. Síðan hefir upphæð seðla farið smálækkandi.

Þessi bráðabirgðalög og hvert einstakt

Seðlauki Íslandsbanka.

ráðherraleyfi til bankans til seðlaaukningar samkvæmt þeim, hefir verið gefið með ráði og eftir samþyktaðkvæði þeirrar nefndar, sem á síðasta þingi var skipuð ráðherra til aðstoðar, til þess að ráða fram úr ýmsum vandræðum og vandkvæðum, er af heimsstyrjöldinni leiða, og er ekki annað kunnugt en að Velferðarnefndin, — svo hefir nefndin verið kölluð — hafi hlotið almenningslof fyrir þau afskifti sín af peningamálum landsins, enda má fullyrða, alveg hiklaust, að aðrar leiðir voru hvorki færar nje fulltryggar, til þess að bæta úr óumflýjanlegri og ómótmælanlegri gjaldmiðilsþörf, þörf, sem var svo brýn, að til stórvandræða og jafnvel neyðar hefði horft ef ekkert hefði verið aðhafst til þess að bæta úr henni.

Það sem svo mjög og svo ört eykur gjaldmiðilsþörfina, er engan veginn aukin útlán af bankans hálfu. Útlán Íslandsbanka voru talsvert meiri árið 1915 heldur en 1916, þegar peninga þörfin þó óx svo gífurlega. Lánin í Íslandsbanka voru:

	í júní	í júlí	í ágúst	í september
1915:	7,676,948	8,486,652	8,4345,54	7,752,107
1916:	6,954,338	7,039,638	7,735,289	7,919,949

En árið 1916 fóru *útborganir Íslandsbanka fyrir erlenda banka* svo gífurlega vaxandi, að oft var mjög örðugt að standa straum af þeim.

Til samanburðar má geta þess, að sú upphæð, sem bankinn borgaði hjer út fyrir erlenda banka árið 1915, var 12,992,000 kr. alt árið, en frá 1. jan. til 30. nóv. 1916 var bankinn búinn að útborga á sama hátt ávisanir frá erlendum bönkum (sjerstaklega dönskum, norskum og enskum bönkum) yfir 22 milj. 748 þús. kr., sem hjerlendum mönnum höfðu þá greiðst fyrir *innlendar afurðir*. Auk þessa útborgaði Íslandsbanki hjer innanlands fyrir Landsbankann á þessum 11 mánuðum 1916, gegn greiðslu utanlands inn í erlenda banka 2¹/₂ *miljón króna*, en 1915 námu samskonar útborganir að eins 300 þús. krónum.

Hefði borgun ekki getað farið fram á þann hátt, að bankarnir hjer intu þær af hendi — og það hefði verið ómögulegt án seðlaaukningarinnar, vegna skorts á gjaldreyri —, þá hefði landið farið á mis við mikið af þessum viðskiftum og orðið að sæta gömlu aðferðinni, að senda vörurnar til útlendra milligöngumanna, og beðið við það tjón, bæði kostnað og verðafföll, sem hefði numið afarmiklum upphæðum og óþægindum. Sá kostur, sem með bráðabirgðalögunum um seðlaaukningu Íslandsbanka var gefinn á því, að auka gjaldeyri í landinu, án þess að flytja útlenda peninga til landsins, ef það á annað borð hefði lánast, hefir því áreiðanlega auðgað landið um eigi óverulega upphæð, upphæð, sem um þætti muna, ef tapast hefði. En arður Íslandsbanka af þessum viðskiftum, „Provisionin“, er tiltölulega mjög lítill, nema þegar jafnframt getur græðst eitthvað á útlendum peningum, utan Norðurlanda.

Á þessum tímum, og væntanlega einnig í framtíðinni, þarf mikið veltufje til

Seðlaauki Íslandsbanka.

Þess, að dugnaðarmennirnir geti lagt fram magn sitt, og landið og sjórinn gagn sitt, svo að verulega muni um til auðs og þjóðþrifa, og auðið sje að standast samkeppni nágrannaþjóðanna í rjettu hlutfalli við möguleikana. Úr þessu hefir verið reynt að bæta eftir fongum með lagafrumvarpi því, sem hjer liggur fyrir. Enginn skoðanamunur um minni háttar fyrirkomulagsatriði nje gamlar eða nýjar flokkadeilur mega valda farartálma á leið þess.

En þar sem búast má við, að peningamál landsins, bankafyrirkomulagið sjerstaklega, verði tekið til rækilegrar athugunar á næsta reglulegu þingi, þegar tíminn er betri, leggur nefndin til, að gildi þessara laga sje bundið sömu tímatak-mörkum eins og lögin frá 9. sept. 1915, svo að þau gildi að eins til 1. des. 1917, í því trausti, að þingið í sumar gjöri það, sem nauðsyn krefur.

Karl Einarsson: Jeg hefi ritað undir nefndarálit á þingskjali 60 með fyrirvara. Vil jeg nú leyfa mjer að gjöra stuttlega grein fyrir hvers vegna jeg gjörði það.

Fyrst og fremst er jeg í vafa um, að alveg *nauðsynlegt* hafi verið að gefa út bráðabirgðalög þau, sem hjer á að gjöra að lögum. En jeg skal játa það, að eftir þeim skýrslum, sem jeg hefi átt kost á að kynna mjer um þetta mál, þá hefði eitt af tvennu skeð, ef það hefði ekki verið gjört, — annaðhvort hefðu viðskifti þau, sem Íslandsbanki gat með hægu móti annast, með aukinni seðlaútgáfu, ekki gengið eins greitt og orðið viðskiftamönnum óhagkvæmari og dýrari, eða bankinn hefði orðið að kosta nokkuð miklu til, sem sje, orðið í tæka tíð og jafnóðum að flytja innieignir sínar frá útlöndum heim.

Að þessu leyti hefi jeg getað undirritað það í greindu nefndarálitinu, sem sagt er um nauðsynina á bráðabirgðarlögunum. Jafnframt vil jeg taka það fram, að jeg tel

þessa leið, að auka seðlaútgáfurjett bankans, svo að segja takmarkalaust, stórhættulega, og hefði ekki getað felt mig við hana, ef ófriðarástandið væri ekki, sem virðist hafa svo viðtæk og ófyrirsjáanleg áhrif á allt viðskiftalíf vort. T. d. má nefna hvernig fór haustið 1915. Það var þá vafalaust meining þingsins, að leyfa Íslandsbanka að gefa út það, sem hann nauðsynlega þurfti af seðlum. En hvernig fór? Nokkrum dögum eftir að þingi er slitið, kemur bankastjórnin og segist vera í standandi vandræðum, og 29. sept. (í sama mánuði og þinginu var slitið) voru gefin út bráðabirgðalög um aukning seðlaútgáfu. Og það er því að eins sem bráðabirgðarráðstöfun, að jeg get leyft frumvarpinu fram að ganga.

Jeg er sömu skoðunar og jeg var á þingi 1914, um það, að Landsbankinn eigi að fá að auka sína seðla, jafnframt Íslandsbanka, eftir því sem þörf krefur, og svo álit jeg, að tryggingin fyrir seðlunum eigi að vera meiri en hún er. Eina huggunin í þessu síðara tilliti er sú, að seðlarnir, eða aðalfúlga þeirra, eru skammán tíma í umferð. — En að því er hitt atriðið snertir, þá verð jeg að lýsa því yfir sem skoðun minni, að Íslandsbanki yrði, þótt hann hafi einkarjett til seðlaútgáfu, að taka því skilyrði, að Landsbankinn öðlaðist þann rjett jafnframt, sem hverju öðru, ef hann vill fá aukningu á seðlaútgáfurjetti sínum. — Annars er fróðlegt að athuga, hvað nefndin í háttv. Nd. skrifaði um þetta mál í nefndaráliti sínu um frumvarp til laga um aukinn seðlaútgáfurjett Íslandsbanka á þingi 1914. Þar er drepíð á ýmislegt, sem þurfti að laga í stjórn og fyrirkomulagi bankans, ef hann ætti til frambúðar að öðlast slíkan rjett, sem hjer ræðir um, og visast til þess hjer, og skal jeg ekki þreyta háttv. deild á því, að tina það hjer fram, því að jeg lit á frumvarp þetta, sem hjer liggur fyrir,

Seðlauki Íslandsbanka.

sem bráðabirgðarráðstöfun út úr neyð, enda verður næsta þing að gjöra eitthvað í málinu, þar sem ætlast er til að lögin gildi ekki lengur en til 1. des. þ. á. En það skal þó tekið fram, að ekkert af því, sem nefnt er í nefndaraliti þessu frá 1914, hefir verið framkvæmt eða reynt að framkvæma.

Þá var jeg enn fremur að hugsa um, er jeg skrifaði undir nefndaralitið með fyrirvara, að koma með breytingartillögu í þá átt, að bankanum yrði gjört að skyldu að greiða í landssjóð 6% vexti af þeim hluta seðlanna, sem ekki er trygður með málmforða og er í umferð eftir lögum þessum, en jeg mun hætta við það að þessu sinni, af sjerstökum ástæðum. En slíkt ákvæði hefði jeg talið mjög heppilegt, til þess að fyrirbyggja að seðlar væru gefnir út nema í brýnustu nauðsyn.

Að lokum skal bent á, að það eru að eins alt að 3 milj. kr., sem í senn hafa verið í umferð eftir bráðabirgðalögum og lögum frá 9. sept. 1915, og er það því rangt í ástæðunum fyrir frumvarpinu, er sú upphæð er talin 4 milj. króna.

Ráðherra Sigurður Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að þetta mál, sem tekið var út af dagskrá í gær, hefir komið til umræðu í hinu nýja ráðuneyti og fekk þar þær undirtektir, að eftir atvikum væri eigi ástæða til að þessi háttv. deild legðist á móti málinu. Sýndist oss litil hætta á, að misbrúkun yrði höfð í frammi, enda væri hún lítt hugsanleg, þar sem seðlaaukningin er ætíð komin undir samþykki hlutaðeigandi stjórnar. Ætti því stjórninni að vera innan handar að útiloka alla áhættu. Í sambandi við þetta vil jeg enn fremur vekja athygli deildarinnar á brtt. nefndarinnar, sem vænta má að samþykkt verði.

Það sem háttv. þm. Vestm. (K. E.) sagði um þetta mál, fanst mjer snerta mest

framtiðina, en eins og málið liggur hjer fyrir get jeg ekki annað sjeð en að það snerti yfirstandandi tíð. Annars er jeg háttv. þingmanni fyllilega sammála um, að ekki beri að rasa fyrir ráð fram í þessu máli heldur fara sem gætilegast að öllu.

Kristinn Daníelsson: Þetta er svo þýðingarmikið mál fyrir þjóðina, að það er eðlilegt, að fleirum þyki ástæða til að láta í ljós um það hugsanir sínar, heldur en þeim, sem eru nefndarmenn eða framsögumaður. Vil jeg því einnig leyfa mjer að koma með fáeinar athugasemdir, sem ekki skulu þó lengja umræðurnar að neinum mun, og jeg ætla ekki með þeim að vekja neinar deilur um málið.

Jeg hygg að allir muni kannast við, að Íslandsbanki sje það afl í þjóðlífi voru, geti þar svo miklu ráðið, að ekki getur staðið á sama, hver eru afskifti þings og stjórnar af málum hans. Hygg jeg, að það sje mjög áriðandi, að afskifti þau, sem þing og stjórn landsins hafa af bankanum, sje vandlega huguð og á góðum og hollum rökum byggð, og ber þar tvenns að gæta, að bankinn fái að njóta sanngjarnra rjettinda sinna til að vinna hlutverk sitt til gagns fyrir þjóðina, en verði hins vegar þjóðinni ekki ofjarl.

Allir vita, að í bönkunum er fjármagnið, og að fje er það vald, sem flestu kemur til vegar og beita má bæði til góðs og ills.

Þessi banki er, eins og kunnugt er, útlend stofnun og aðalstjórn hans útlend. En fyrir öllum mun það vaka, að fjármál vor komist öll undir innlend yfirráð og að bankinn verði sem fyrst innlend eign, og það fyr en hinn umsamdi tími fyrir seðlaútgáfurjettinn er útrunninn. En til þess er nauðsynlegt að þinginu takist að gjöra viturlegar lagaákvæðanir um bankann og seðlaútgáfurjett hans.

Nú, þing eftir þing, hefir bankinn kraf-

Seðlauki Íslandsbanka.

ist þess, að fá að auka seðlaútgáfurjettinn eftir því sem viðskiftaþörfin krefur. En „viðskiftaþörfin“ er óákveðið hugtak og þýðir hjer sama sem það, sem *bankinn telur* að viðskiftaþörfin krefji. En það hlýtur það geta verið misjafnt, eftir því hvernig á er litið, hvort litið er á þörf og hagsmuni bankans, eða það eitt, sem er brýn nauðsyn þjóðarinnar. Og þingið hefir ekki heldur viljað fallast á þetta, nema með takmörkunum. Því að með lögum 9. september 1915 heimilaði það bankanum að eins að auka seðlaútgáfuna um 1 miljón króna og til frekari áherslu sló það þann varnagla, að í lögunum stendur: í mesta lagi eina miljón. Þingið ætlaðist til að alls ekki yrði farið fram úr því. — En aftur hefir stjórnin gjörst leiðitamari með því að veita heimild til mjög aukinnar seðlaútgáfu með bráðabirgðalögum, og liggja þau nú hjer fyrir þingingu. Jeg ætla mjer að visu ekki að hafa í frammi neinar bitur um þetta, — Það er búið sem búið er og auk þess á sú stjórn, sem hlut á að máli, hjer ekki sæti og getur ekki verið sig í þessari háttv. deild, og get jeg því ekki verið að gjöra árás á hana, eins og sakir standa, enda þótt jeg geti ekki látið hjá líða að lýsa óánægju minni yfir því, að þessi afdráttarlausu ummæli þingsins skyldu vera að engu virt.

Jeg veit það vel, að það er ekki brot á stjórnarskránni, þótt gefin væru út bráðabirgðalög. En hjer voru þau áreiðanlega gefin út á móti vilja og tilætlun þingsins. Það hafa verið gefin út tvenn bráðabirgðalög um seðlaukning fyrir bankann. Hin fyrri frá 29. sept. f. á., að eins fáum dögum eftir að þinginu sleit með orðin á vörnunum „í mesta lagi eina miljón“. Samkvæmt þeim fekk bankinn að gefa út aðra miljón, og hafði þá orðið rjett á að gefa út samtals $4\frac{1}{2}$ miljón. Og hjer á ofan komu þessi bráðabirgðalög í. maí, er heimila

stjórninni að leyfa bankanum að gefa út seðla, svo sem viðskiftaþörfin krefur, og samkv. þeim hefir honum verið leyft að gefa út 3 miljónir um fram upphaflega seðlafúlgú.

Fyrir þessari kröfu bankans um aukna seðlaútgáfu, eru færðar aðallega tvær ástæður. Fyrst sú, að bankinn hafi fengið seðlaútgáfurjettinn og eigi hann. Þetta er satt, með takmörkum. Bankinn hefir fengið einkaleyfi til seðlaútgáfu, en hann á ekki rjett á að gefa út meira en $2\frac{1}{2}$ miljón. Jeg mótmæli því, að nokkuð sje gengið á rjett bankans, þótt hann fái ekki að gefa út seðla þar fram yfir. Það er dýrmætur rjettur landsins, að láta ekki meira af hendi, nema í móti komi nokkur þau hlunnindi, er á ný verður að semja um. — Hin aðalástæðan, sem fram er borin, er nauðsynin fyrir bankann á auknum gjaldmiðli. Þar verð jeg að taka undir með hátthv. þm. Vestm. (K. E.), að jeg hefi ekki getað sannfærst um að nauðsynin hafi verið brýn og óhjákvæmileg. Jeg skal ekki neita því, að það hafi getað verið rjett, en það gat þá verið vegna þess, að bankinn hafði ekki gjört neina ráðstöfun þessu til varnar, en treysti á, að fá á þennan hátt leyfi til að auka seðlaútgáfuna. Það má vel vera að nauðsynin hafi verið 29. sept. 1915. En var það þá ekki vegna þess, að bankinn hugsaði ekki fyrir því í tíma? Hann gat gjört ýmsar aðrar ráðstafanir heldur en að auka seðlaútgáfuna. Hann gat dregið inn fje er hann átti inni í útlendum bönkum, tekið lán eða aukið hlutafjeð. En ef maður leggur saman löglega seðlaútgáfu bankans, og innieign hans á hverjum tíma í erlendum bönkum, þá er það, saman lagt, ætíð meira en það fje, sem hann hafði úti í seðlum á sama tíma, jafnvel þá er hann hefir haft mest úti. Jeg hefi því ekki getað orðið sannfærður um, að brýn þörf hafi verið að auka seðlaútgáfuna, sist meira en lögin

Seðlaauki Íslandsbanka.

frá 1915 leyfa. Hygg jeg, að hafi ekki verið sýnt nægilega fram á, að hann hafi þurft á meiri aukning að halda en þessari 1 miljón, er honum var veitt með þeim lögum. — Jeg skal annars kannast við að jeg tel minna í húfi með frumvarpið í þessu formi og með þeirri breyting, er nefndin leggur til, og jeg get borið það traust til stjórnarinnar, að hún noti þessa heimild með varúð, enda þó að slík fordæmi geti dregið dilk á eftir sjer og orðið að föstum lögum, en jeg hygg að það verði að fara varlega og vandlega að huga að, hver skilyrði skuli setja, ef til þess kemur að auka seðlaútgáfurjett Íslandsbanka. Og jeg vil að lyktum taka undir það með hv. þm. Vestm. (K. E.), að skírskota til þess nefndarálits, er haun minti á, frá 1914. — Enda þótt nokkrum kynni að finnast þar full fast kveðið að einhverju, þá eru þar þó vafalaust atriði, sem vert er taka til greina, áður en afhentur er rjettur til frekari seðlaútgáfu.

Magnús Kristjánsson: Jeg álit að umræður um þetta mál hafi ekki mikla þýðingu. Hjer er meira um formatriði að ræða, og kemur líklega engum til hugar að deildin vilji neita um samþykki sitt til þessarar ráðsstöfunar. Jeg lit svo á, að á síðasta þingi hafi öllum komið saman um, að þingið gæti ekki annað en falið stjórninni og nefnd þeirri, er var skipuð henni til aðstoðar, þetta mál á hendur, og að naumast sje við því að búast, að hægt hafi verið að ganga frá því á annan heppilegri hátt en orðið er.

Þessar upphæðir virðast nokkuð háar, en þegar þess er gætt, að flestar vörur, bæði útlendar og innlendar hafa hækkað svo mjög í verði, er þetta ekki gifurlegt og ekki nema eðlilegt að meiri gjaldmiðill þurfi í landinu, ef viðskiftin eiga að geta gengið nokkurn vegin greiðlega. Og ekki var mönnum ljóst í byrjun, þegar Íslands-

banka var veittur seðlaútgáfurjetturinn, að tímarnir mundu breytast svo stórfenglega.

Jeg sje enga ástæðu í sjálfu sjer til að tala meira um þetta; tel sjálfsgat að samþykkja það. En hitt tel jeg vel til fallið, að málið í heild sinni verði tekið til rækilegrar meðferðar á næsta þingi.

Það eina, sem að minnu álitu hefði getað gefið ástæðu til, að telja þetta óheppilega ráðstöfun, er það, ef svo hefði staðið á, að Landsbankinn hefði á sama tíma haft mikla peninga fyrirleggjandi, sem hann hefði ekki getað ávaxtað sæmilega. En þessu hefir, mjer vitanlega, ekki verið haldið fram, og jeg hygg, að fullyrða megi, að svo hafi ekki verið.

Jeg býst við að allir sjeu mjersammála um það, að þessi ráðsstöfun hafi á engan veg verið óheppileg nje ástæðulaus.

Framsm. (Hannes Hafstein): Það eru að eins örfá atriði í ræðu hv. 2. þm. G.-K. (K. D.), sem valda því, að jeg stend upp. Hann taldi það eina ástæðuna móti því, að samþykkja þetta frv., að yfirstjórn bankans væri útlend, þar sem meiri partur hlutafjárins væri í útlendinga höndum. En þetta er út af fyrir sig alls engin ástæða til þess, að hefta viðskiftalíf hjer í landi og baka landinu tjón, síst þegar svo stendur á eins og nú. Ekki þótti það máli skifta, þegar Íslandsbanki var stofnaður, og einkarjettur til seðlaútgáfu honum veittur, þótt útlendir menn ættu alt hlutafjeð, og aldrei hefir það hamlað því, að landið hefði full not bankans til framfara atvinnuvegum. En ef það er alvara, að hlutafjeð, með því valdi, sem því fylgir, eigi að verða innlent, þá má síðar gjöra ráðstafauir til þess, að landið kaupi upp útlent hlutafje bankans, eða þá til þess, að aukið sje hlutafjeð, eins og áður hefir staðið til boða, þann veg að landssjóður eða hjer búsettir menn hafi forgangsrjettinn

Seðlaauki Íslandsbanka.

til þess að kaupa upp hina nýju hluti, svo að nægilegt atkvæðamagn á aðalfundum verði í höndum innlendra manna.

Nú er ekki tími á þessu stutta aukapingi til málaleitana þeirra og ráðstafana, er nauðsynlegar mundu vera til þess, heldur verður að biða betri tíma. Ef til vill verður unt að taka nýjar ákvarðanir um þetta efni á reglulega þinginu í sumar. En nú má ekki stofna viðskiftalífi landsins í háska með stírfni út af þessu.

Sami hv. þm. (K. D.) sagði, að þessi bráðabirgðalög væru til orðin alveg á móti vilja og tilætlun þingsins, sem ekki hefði viljað samþykkja meira en þessa aukning, um eina miljón kr., sem leyfð var með lögum 9. sept. 1915. Það er rjett, að samkvæmt þeim lögum var seðlaaukningin að eins ein miljón, sem háttv. Ed. þá áleit að mundi duga í bráðina. — En þingið sagði alls ekkert orð í þá átt, að ekki mætti auka seðlaútgáfuheimildina með öðrum lögum síðar. Enda hafði það ekki vald til þess. Jeg er sannfærður um, að þeim hv. þm., sem kunna að hafa látið í ljós, að þessi eina miljón ætti að nægja, hefir ekki komið til hugar sú fjarstæða, að þeir með því gætu bundið hendur landsstjórnarinnar, og svalt konunginn því valdi, sem honum er trygt með stjórnarskránni, og bæði rjett og skylt að nota, þegar nauðsyn krefur, að gefa út bráðabirgðalög milli þinga. Bráðabirgðalögin mundu hafa gilt og átt fullan rjett á sjer þangað til næsta reglulegt þing gjörði aðra ráðstöfun, ef þetta óvænta aukaping hefði ekki komið í spilið, af alt öðrum ástæðum, og knúð málið fram nú miklu fyr en varði, að öllum óviðbúnum. Því síður væri forsvaranlegt, ef þingið synjaði nú þeirri bráðabirgðaráðstöfun, sem hjer er um að ræða.

Hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) vildi jata, að aukning seðlaútgáfurjettarins hefði ef til vill verið nauðsynleg eins og á stóð, en

það hafi þá verið bankastjórninni að kenna, sagði hann, að hún hafi ekki verið viðbúin, svo sem vera bæri, því annars hefði hún getað dregið inn fje, er bankinn ætti inni í útlendum bönkum. Mjer finst þetta nokkuð hörð og undarleg krafa gegn banka, að hann, sem ef til vill þarf til fjárgreiðslu að taka, þegar minst von um varir, til fyrirgreiðslu íslenskum viðskiftum erlendis, eigi að taka út rentufje sitt úr útlendum bönkum og liggja með það vaxtalaust hjer heima, til þess að hafa það til taks, ef ske kynni að hann þyrfti einhverntíma að nota það hjer heima. En auk þess er auðsætt, að það er ekki hægt að kalla inn í einni svipan fje t. d. frá Englandi, nema þá með stórkostlegu kúrs-tapi, og væri það hörð krafa, að bankinn selji innieign sína fyrir það lága gangverð, sem verið hefir og enn er á enskri mynt, til þess að geyma það, sem inn fæst, vaxtalaust hjer heima. Hitt, að bankinn hefði getað bætt úr þörfinni á gjaldmiðli innanlands með því að auka hlutfaje sitt, sjá allir að ekki heldur nær neinni átt.

Jeg álit ekki þörf á að tala meira um þetta að sinni; held að ágreiningurinn um það, hvað gjöra verði nú sje ekki mjög svo mikill, að minsta kosti þá ekki nema af hálfu örfárna manna.

Karl Einarsson: Að eins stutt athugasemd. Hæstv. ráðherra (S. J.) sagði að það sem jeg hefði sagt um málið ætti að eins við framtíðina; átti sennilega við fortíðina; því jeg benti aðallega á hvað hefði gjörst í þessu máli á þingi 1914 og gjörði það til athugunar og leiðbeiningar fyrir stjórnina.

Jeg geng út frá því, að enginn hafi breytt frá þeirri skoðun, er hann hafði á máli þessu á þingi 1914, og ætlast til, að stjórnin taki þær skoðanir til athugunar, er hún býr málið undir næsta þing.

Seðlaauki Íslandsbanka.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

2. — — — 10 — —

Brtt. 60, við 3. gr., samþ. með 13 samhljóða atkv.

3. gr. svo breytt samþ. með 9 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Fr. v. visað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., mánudaginn 8. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 82, 84).

Framsm. (Hannes Hafstein): Jeg hefi engu við að bæta ummæli mín við 2. umr. málsins, en vil að eins vekja athygli hv. deildar á því, að brtt. sú, er hjer liggur fyrir, er að eins formlegs efnis, og vænti þess, að enginn hafi neitt við hana að athuga.

Jeg vil jafnframt þakka hæstv. ráðherra (S. J.) fyrir ummæli hans um málið við 2. umr. þess, og treysti því, að í þeim felist trygging fyrir því, að málið eigi í vændum góðan framgang í hv. Nd.

Magnús Torfason: Jeg stend eigi upp af því, að jeg ætli mjer að hafa áhrif á afdrif málsins, enda býst jeg við, að þau sje sköpuð, þar sem hæstv. ráðherra (S. J.) lýsti yfir óskoruðu fylgi stjórnarinnar við málið. Það, sem sjerstaklega gjörir það að verkum, að jeg kveð mjer hljóðs, var það, að við síðustu umr. þessa máls hjer í hv. Ed., var sagt, að sönnuð hefði verið brýn nauðsyn á, að gefa út bráðabirgðalög frá 29. sept. 1915.

Háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) lagði áherslu á, að hann álitu, að ekki hefði verið sönnuð sú brýna nauðsyn á að gefa út þessi bráðabirgðalög 29. sept. 1915, og jeg fyrir mitt leyti verð að vera sömu skoðunar; finst sönnun hafi ekki legið fyrir. En hún

átti að liggja fyrir sakir heimildar í lög-unum 9. sept. 1915, um 1 miljónar seðla- aukning „í mesta lagi“. Þau orð verður að skoða sem nokkurskonar pólitískt bann gegn bráðabirgðalögum á þessu sviði. Nauðsynin yrði að vera enn rikari en ella, eða alveg óhjákvæmleg.

Saga þessa máls er sú, að 9. september eru samþykkt lög, er heimila Íslandsbanka að gefa út 1 miljón seðla umfram það, er hann hefir heimild til að gefa út samkvæmt eldri bankalögum. 15. september eru þinglausnir, og þá var ekkert komið fram, er sýndi fram á, að þörf væri meiri aukningar, en 29. sept. — eða að eins 14 dögum eftir þinglausnir — eru svo gefin út þessi bráðabirgðalög.

Þar sem menn á þessum tíma árs verja tiltölulega litlu fje í framleiðslufyrirtæki, því að þá er komið einskonar haustdá yfir menn, virðist helsta ástæðan til þessara bráðabirgðalaga, hafa verið kröfur frá erlendum bönkum um, að bankinn borgaði út fyrir sig fje fyrir íslenskar afurðir, en jeg fæ ekki betur sjeð, en að bankanum hefði átt að vera innan handar, með hliðsjón af reynslu fyrirfarandi ára, að inna af hendi þessar greiðslur, með því að ná í seðla frá Kaupmannahöfn, ef hann hefði hugsað um það í tíma. Og jeg tel mjög efasamt, að nokkuð af þeim viðskiftum, er hjer getur verið um að ræða, hefðu fallið niður, þótt seðlamergðin hefði ekki verið aukin.

Jeg tek þetta ekki fram vegna þess, að jeg vilji sakast um orðinn hlut, enda þessi bráðabirgðalög nú úr gildi gengin, heldur til þess, að styðja á það, að nauðsyn til bráðabirgðalaga á að vera ber og augljós.

Að því er snertir lög þau, er hjer liggja fyrir, þá er ótakmörkuð seðlaútgáfuheimild gefin bankanum 18 mai, en jeg verð að lita svo á, sem það sje mjög hæpið, að slíkar aukningar hafi verið þörf þá, vegna viðskiftalífsins, því að það er fyrst 8. júní, að

Seðlaauki Íslandsbanka.

bankinn notar heimildina og gefur út samkvæmt henni $\frac{1}{2}$ miljón kr. í seðlum; næstu $\frac{1}{2}$ miljón gefur hann út 13. sept., eða nær fjórum mánuðum eftir að lögin 18. maí voru gefin gefin út. Það virðist því svo, sem ótakmörkuðu heimildarinnar hefði eigi þurft fyr en síðast í ágúst eða fyrst í september.

Í ástæðum þessara síðarnefndu bráðabirgðalaga, um ótakmarkaðan seðlaútgáfurjett, er skírskotað til þess, að slík ákvæði gildi um Þjóðbanka Dana, en jeg vil taka það fram, að eftir því, sem jeg veit best, er ekki hægt að bera þetta saman sem stendur, því jeg veit ekki betur en að gullíð, sem á að vera hjer að tryggingu, sje geymt í Kaupmannahöfn.

Þessi skírskotun er því ekki rjett. Það væri rjett líking, ef stjórn Dana leyfði það, að gullforði Þjóðbankans þar væri geymdur suður í Hollandi eða á Spáni eða yfir í Ameríku.

Annað mál er, að á meðan Danir komast ekki í ófriðinn, er engin hætta, þótt gullforðinn sje geymdur þar, og með því að bankinn hefir á þessum tíma, þegar seðlar voru mest í veltu, átt talsvert meira fje inni erlendis, dregur það mikið úr hættunni.

Þá vil jeg taka það fram, að þegar jeg gef þessu frv. atkvæði mitt, þá er það með því fororði, að með þessu sje ekki skapað neitt fordæmi; þetta sje hrein ófriðarráðstöfun.

Jeg lit svo á, að við sjeum skyldir til að auka og styrkja Landsbankann, og að við sjeum skyldir til, að gjöra ekki neitt það, er geti staðið honum fyrir þrifum á nokkurn hátt. En þessi seðlaaukning, eykur viðskifti Íslandsbanka að miklum mun, og raskar hlutföllunum á milli bankanna, og það tel jeg ekki rjett til framhúðar, því að min skoðun er, að það sje skylda þingsins, því að eins að auka rjett

Íslandsbanka, að rjettur Landsbankans aukist tiltölulega jafn mikið.

Og þetta er eitt af þeim málum, er landsstjórnin verður að athuga og undirbúa, þegar er tímar leyfa.

Í þessu sambandi vil jeg minnast á till. á þgskj. 62, um skipun bankastjórnarinnar.

Þar er farið tram á, að það skilyrði verði sett, er bankastjóri verður skipaður, að hann megi ekki taka opinberan þátt í stjórn málum.

Mjer skilst svo, sem að með þessu sje takmarkaður rjettur Landsbankans til að hafa fulltrúa hjer á hæstv. Alþingi. (*Forseti*: Það mál er ekki til umræðu). Jeg veit það, og skal ekki fara langt út í það efni, og gjöri það að eins með tilliti til þessa máls. Það er styrkur fyrir báða bankana að hafa hjer fulltrúa, og jeg hjelt, að ekki væri of mikið af bankaviti á þingi, þó að ekki væri gjörður leikur að því, að bola því á burt. Jeg veit líka, að hv. 1. landsk. þm. (H. H.), samkv. fyrri stefnu sinni, er ekki á neinn hátt riðinn við þessa tillögu.

Jeg greiði svo frv. atkv., með fullu trausti þess, að framhald verði á þeirri góðu fjárstjórn bankans, sem verið hefir um sinn, og að stjórnin noti þessi heimildarlög með fylstu varúð.

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Jeg heyrði að háttv. þm. Ísf. (M. T.) ætlaði að greiða atkvæði með frumvarpinu, og get jeg því verið stuttorður í svari mínu til hans.

Hann vildi lita svo á, að með lögunum frá síðasta þingi, er heimiluðu seðlaaukningu um 1 miljón króna, hefði þingið lagt *pólittiskt bann* gegn því, að bráðabirgðalög um seðlaaukning væru gefin út. En þessi skilningur hv. þm. getur ekki verið rjettur, því að samhliða því, að þingið sam-

Seðlaauki Íslandsbanka.

þykti þau lög, þá setti það á fót nefnd, Velferðarnefndina, til að vera í ráðum með stjórninni um allt það, er snertir verslun og viðskiftaþörf landsins, á þessum ófriðartímum, og ráða fram úr þeim vandkvæðum, er upp kynnu að rísa. Stjórnin hlaut að hafa ekki að eins hið lagalega vald, heldur fullkomna pólitíska heimild löggjafarþingsins, til þess að ráða fram úr þessu máli, með ráði Velferðarnefndarinnar, alveg eins og gjört var, án tillits til þess, sem einhverjum þm. kynni að hafa verið í huga undir öðrum kringumstæðum.

Hv. þm. Ísf. (M. T.) þótti of skammur tími liðinn frá þinglausnum til útgáfu bráðabirgðalaganna. En á ófriðartímum skipast margt á skemmri tíma en 14 dögum, það er miklum breytingum veldur, enda engin slík tímatakörk fyrir heimild þeirri, er stjórnarskráin veitir til bráðabirgðalaga. Á örstuttum tímageta verið gjörðar, og voru í raun og veru gjörðar, mjög miklar kröfur til bankans, meiri en nokkurn hafði varað fyrirfram. Geti bankinn ekki fullnægt kröfunum, þá getur hlotist af því stórtjón. Þessi eina miljón, er ræðir um í lögnum frá 9. sept. 1915, var notuð strax, var meira að segja búið að ráðstafa henni eða lofa fyrirfram, þegar er lögin hlutu staðfestingu, og stjórnin veitti heimildina eftir þeim.

Þá þótti hv. þm. (M. T.) það óheimilt eða athugasvert, að gullforði bankans væri geymdur annarsstaðar, heldur en hjer heima, og fann það frumvarpi þessu til foráttu. Út af þessu vil jeg taka það fram, að gullforði sá, er var hjer til í byrjun ófriðarins, liggur enn þá niðri í skáp í Íslandsbanka, og er skápurinn innsiglaður með innsigli stjórnarinnar. Gullforði sá, er bankinn hefir síðan bætt við, hefir ekki getað orðið fluttur hingað, meðan bannað var algjörlega að flytja gull út frá Danmörku og Noregi, og hefir hann því, með fullu samþykki landsstjórnarinnar, verið

geymdur sumpart hjá Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn sem depositum, en sumpart í Kristianiu hjá Norges Bank, og tel jeg það alveg eins trygt, eins og að hætta honum í póstskipum vorum undir skeyti neðansjárvarbátanna. Nú hefir í seinni tíð rýmkast nokkuð um í þessu efni á ýmsan hátt.

Í ráðherratið Einars Arnórssonar var sem mest af gulli því, sem geymt var í Kaupmannahöfn flutt til Noregs, því þar var það, ef svo má að orði kveða, fjær kanónukjöftunum, ef Danmörk kynni að lenda í ófriðnum. — Annars ætti fjeð ekki að vera í neinni hættu í Kaupmannahöfn, þótt Danmörk lenti í ófriðnum, því fjeð liggur ekki saman við gull þarlandra banka, heldur er það geymt alveg aðskilið, sem tilheyrandi landi, sem hefir alveg aðskilinn fjárhag frá Danmerkur ríki, og væri það því fjandsamlegt athæfi gegn Íslandi, en ekki Danmörku, ef fjeð væri tekið. En mjer þykir ekki líklegt, að liggja muni nærri Þýskalandi, að gripa til okkar fátæklegu fjármuna, þó þeir væru geymdir í óvinalandi þeirra.

Háttv. síðasti ræðumaður (M. T.) talaði um, að ekki mætti með lögum þessum gefa neitt fordæmi ókomnum tímum. Hjer er ekki um neitt fordæmi að ræða, heldur brýna þörf, sem úr þarf að bæta. En mín sannfæring er sú, að atvinnuvegir vorir og verslunarfyriřkomulag sjerstaklega sje nú komnir á þann rekspól, að þörf sje í framtíðinni fyrir miklu meiri seðlafúlgu heldur en verið hefir. Verslun landsins er nú öðum að verða alinnlend, en þar af leiðir, að miklu meira fje verður í umferð innanlands árið um kring en hingað til hefir þurft. Til seðlabanka landsins verða auðvitað kröfurnar gjörðar, að hafa nægan gjaldmiðil til, og það er naumast vansalaust, ef innanlandskritur skyldi valda því, að við neyddumst til, að nota stórvægilega seðla úllendra banka til innanlands viðskifta.

Seðlaauki Íslandsbanka.

Jeg man svo ekki eftir, að það sje annað eða fleira, sem jeg þarf að svara af ræðu háttv. þingm (M. T.). Margt hefir vist verið þar vel og rækilega hugsað, en þar sem þetta mál kemur væntanlega til umræðu síðar á þessu ári, á reglulega þinginu, finst mjer ekki ástæða til að eyða löngum tíma í það nú.

Magnús Torfason: Að eins örfáar at-
hugasemdir. Fyrst skal jeg taka það fram, að orðin „í mesta lagi“ í lögnum frá 9. sept. 1915 eru óþörf, ef ekki má byggja á þeim sjerstaklega, að síður eigi framvegis að gefa lög um þetta mál en önnur.

Þegar jeg talaði um gullforðann, átti jeg við hann samkvæmt bráðabirgðalög-
unum. — Það gleður mig að heyra, að allstór skamtur gullforðans er geymdur í Norges Bank í Kristianíu. Tel það hyggi-
lega ráðið.

Jeg veit ekki vel, hvort hæstv. 1. landsk.
þm. (H. H.) hefir skilið það rjett, sem jeg sagði um fororðið. Það á að minu viti ekki að vera fordæmi þess, að fullnægja viðskiftaþörf landsins með seðlaaukning Íslandsbanka — og engu öðru.

Magnús Kristjánsson: Að eins örfá orð viðvikjandi breytingartillögunni, því að um aðalefni málsins hefi jeg engu við að bæta það, sem jeg hefi áður tekið fram því viðvikjandi, og þessi athugasemd er algjört formsatriði.

Mjer finst þingið enn ekki vera búið að átta sig á, hvernig tákna skuli hið ný-
myndaða ráðuneyti, þegar það kemur fram sem heild. — Hjer er um tvö frumvörp að ræða, annað um verðlag á vörum, en hitt um seðlaaukning Íslandsbanka. En tvö orð, ráðuneyti og landsstjórn, eru hjer höfð til að tákna sama hugtakið. En slikt er ósamræmi, sem á ekki að eiga sjer stað, síst í lagamáli. Hvort þessara orða sje í sjálfu sjer betra, skal jeg engan dóm á

leggja, en betur myndi jeg fella mig við orðið, sem breytingartillaga seðlaukninga-
nefndarinnar kemur fram með, en það orð er landsstjórn.

Framsm. (Hannes Hafstein): Það var eitt atriði í ræðu háttv. þm. Ísf. (M. T.), sem jeg gleymdi að minnast á áðan. Hinn háttv. þingmaður ljét í ljós þá skoðun sína, það væri röng kredda, að bankastjórar ættu ekki að eiga sæti á þingi, og gat þess jafnframt til, að jeg myndi vera samdóma honum í þessu atriði. Þar átti háttv. þingmaður vissulega kollgátuna.

Þessi skoðun, að bankastjórn megi ekki eiga sæti á Alþingi, hefir fylgt sumum mönnum sem einskonar erfðasynd. Þegar Tryggvi Gunnarsson fyrv. bankastjóri, var alþingismaður, hamaðist blaðið Ísafold og, ef mig minnir rjett, núverandi bankastjóri Landsbankans, háttv. 1. þm. G-K. (B. K.), á móti slikri „ósvinnu“, eins og heill og hagur allrar þjóðarinnar væri í háska staddur, ef bankastjórar sætu á þingi. Síðan varð þessi háttv. þingmaður sjálfur bankastjóri Landsbankans, án þess að hætta þingmennskunni, sem og betur fór. Þá snerist fljótlega við blaðið. Og ekki leið á löngu áður en ýmsir menn, sem áður höfðu verið verjendur þess að bankastjóri Tr. G. sæti á þingi, snerust nú öndverðir móti því, að B. K. sæti á þingi, nema því að eins, að hann legði niður bankastjórnina, eða þá hinu, að hann væri bankastjóri, nema hann hætti við þingmennskuna.

Nei, það er engin ástæða til að meina bankastjórum að eiga sæti á þingi. Dóm-
arar hafa leyfi til þess. Hvers vegna þá ekki bankastjórar? Mjer finst þvert á móti nauðsynlegt fyrir landið að hafa á þingi menn, sem vit hafa á bankamálum og fjármálum yfirleitt, og þenna mótþróu gegn bankastjórum á þingi hefi jeg aldrei

Seðlauki Íslandsbanka.

álitid annað en dægurflugur í hinu pólitiska flugnageri.

ATKVGR.

Brtt. 82,b samþ. með 12 samhlj. atkv.

— 82,a — án atkvgr.

Frv. svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

(A. 108).

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar. kl. 6 síðdegis, var útbýtt

Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkræmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, og lögum 9. sept. 1915, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 171).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að taka frv. þegar til einnar umr. (A. 171, 158).

Afbrigðin leyfð og samþ. í e. hlj.

Framsm. (Hannes Hafstein): Hæstv. forseti hefir skýrt frá því, að þegar þessum fundi er lokið, eigi enn að halda 3 fundi í dag í efri deild, og er því ekki timi til að vera langorður á þessum fundi.

Hv. þingmönnum mun vera það kunnugt, að Nd. hefi breytt 1. gr. frv. frá því, er það var afgreitt hjer í deildinni.

Í gærkveldi, þegar frv. þetta var til umræðu í hv. Nd., og engan varði annað en að frumvarpið mundi verða samþ. óbreytt, kom alt í einu fram í miðri umræðu brtt. frá nokkrum þingmönnum, um að hækka landssjóðsgjaldið af hinum útgefnu seðlum um helming, frá því er hjer hafði verið samþ., setja það upp í 4⁰/₁₀ í stað 2⁰/₁₀, af seðlum í umferð.

Þessi tillaga var samþ. umræðulanst svo

að segja, og, að því er, virtist án þess, að menn gjörðu sjer ljóst hvað í tillögunni lá, eða hvað af henni myndi hljótast, ef samþykkt yrði.

En svo munu hv. flutningsmenn hafa áttað sig á því, að þessi breyting væri ekki vel heppileg, og kom þá fram við 3. umr. breytingartillaga frá sömu mönnum, að færa þessi 4⁰/₁₀ niður í 3⁰/₁₀, og var það samþ. En jafnframt var því lýst yfir af annari hálfu, að mjög margir hv. þingmenn í Nd., sem greitt höfðu atkvæði með hækkuinni við 2. umr., væru við nánari yfirvegun komnir að þeirri niðurstöðu, að rjett væri, að færa gjaldið niður í það, sem upphaflega var í frv., eða í 2⁰/₁₀, þótt þeir kæmu ekki þá fram með brtt. í þá átt, vegna asa þess, sem á málinu var hafður. En þeir gengu að því sem visu, að þessi hæstvirta efri deild mundi lagfæra þetta, og setja frv. í samt lag, svo að málið kæmi niður til Nd. aftur.

Þeir hv. þingmenn, sem báru fram tillögunu um hækku gjaldsins, munu hafa litið svo á, að seðlaaukningin mundi ætluð aðallega til aukinna útlána eða annara „gróðabragða“ fyrir bankann. En þetta er bygt á misskilningi. Það er ekki farið fram á seðlaaukningarheimild vegna aukinna útlána, heldur aðallega til þess, að geta int af hendi innanlandsgreiðslur fyrir erlenda banka, eins og jeg gat um við 1. umr. málsins, sem borga þarf Íslendingum fyrir afurðir sínar, ull, kjöt, fisk, dún o. s. frv., og það er íslenskum framleiðendum afarmikill hagur, að geta selt vörur sínar hjer, gegn greiðslu hjer, í stað þess, að neyðast til að senda þær út óseldar, og eiga alt, bæði verðhæð og borgun andvirðis, undir eftirkaupum við útlenda umboðsmenn, eða erlenda spekulanta. Þessi seðlaaukning er því miklu fremur til hagnaðar fyrir landsmenn, heldur en fyrir bankann. Hagnaður sá, sem bankinn fær af henni,

Seðlaanki Íslandsbanka.

eru ekki auknir útlánsvextir, heldur að eins „provision“, sem hlutaðeigandi bankar, er útborgunarinnar heiðast, greiða, og er hún stundum mjög litil tiltölulega.

Á 11 fyrstu mánuðum ársins 1916 borgaði Íslandsbanki þann veg út fyrir erlenda banka 10 milljónum meira en fyrir árið 1916 eða nákvæmlega 22 milj. 748 þús. kr. árið 1916, í stað 12 milj. 492 þús. árið 1915, eins og jeg hefi áður skýrt frá hjer í deildinni, og það er þetta, sem aðallega knýr fram seðlaaukning. Þegar þessu er þann veg farið, er auðsætt, að það getur ekki átt við rjett rök að styðjast, að láta bankann greiða afarhátt landssjóðsgjald af seðlaaukningu, auk þeirra byrða, sem gullforðatryggingunni fylgir.

Aukning á seðlamagni bankans er skilyrði fyrir því, að landsmenn geti fengið fullt verð fyrir afurðir sínar og að verslunin geti haldið áfram að færast inn í landið. En svo framarlega sem bankanum er gjört ókleift að gefa út nauðsynlega seðla, með of miklum greiðslukvöðum til landssjóðs af hinum útgefnu seðlum, þá leiðir þar af ekki að eins það, að Íslandsbanki verður að neita greiðslum fyrir erlenda banka, heldur mundi einnig leiða það, að bankinn yrði að *afsala* sjer rjettinum samkvæmt lögnum frá 1915 til útgáfu 1 milljónar, vegna *kvaðarinnar*, sem fylgir þeim rjetti, að inna ókeypiss af hendi innanlands greiðslur einnig fyrir *Landsbankann* eftir ávisun útlendra banka; en þær greiðslur numu árið sem leið *hálfri þriðju milljón króna*, eins og áður hefir verið skýrt frá. Til þess að sleppa við þessa kvöð, sem að þunga stendur ekki í neinu sennilegu hlutfalli við rjettinn til þess, að gefa út *eina milljón* í seðlum móti 50% gullforða og 2% gjaldi í lands-sjóð, mundi bankinn verða að reyna, að fá sjer danska og norska seðla til eigin þarfa, og draga inn þá íslensku seðla, sem hann enn hefir úti, samkvæmt nefnd-

um lögum frá 1915. En slíkt væri hvorki landssjóði nje landsmönnum til hagnaðar nje heiðurs, enda ekki vist nema aðflutningur útlendra seðla *gæti* tepst eða tafist, vegna styrjaldarinnar, eins og háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) benti á í Nd. í dag.

Jeg vona því, að hæstv. Ed. fallist á brtt. Jeg er ekki í vafa um, að ef málið kemur aftur til Nd., mun hún fallast á 2%.

Karl Einarsson: Það er að eins stutt athugasemd.

Jeg skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara, og gjörði þá grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Jeg skal þess vegna ekki fara inn á það svið nú. Þá hafði jeg hugsað mjer að koma með brtt, sem færi í þá átt, að teknir yrðu fullir útlánsvextir af þeirri seðlafúlgju, sem færi yfir vist hámark, en jeg tók það þá fram, að jeg hefði ákveðið, að ljá frumv. fylgi óbreyttu til bráðabirgða til næsta þings. Hv. Nd. hefir samþ. 4% afgjald alveg umhugsunarlaust. Og sama hv. deild hefir, eftir að hafa sofið eina nótt, ákveðið, að það skuli ekki vera nema 3%. Af þeirri meðferð málsins hefi jeg ekki getað sannfærst um, að rjett sje, að gjöra neina breytingu á niðurstöðu þeirri, sem nefndin komst að. Jeg vil að lokum lýsa yfir því, að jeg vil, að þingið leyfi málinu fram að ganga nú sem bráðabirgðaákvæði. Jeg hefi ekki sannfærst um, að ástæða sje til að breyta frumvarpinu og mun því greiða því atkvæði mitt.

Sigurður Eggerz: Það er að eins stutt athugasemd.

Mjer virðist ekki rjett að gjöra „conflict“ við hv. Nd. út af þeirri 1%, sem hjer ber á milli. Frumvarpið í þeirri mynd, sem það nú er, er samþ. með 19 atkv. í hv. Nd. Og jeg fæ ekki skilið að sú 1%, sem hjer ræðir um, geti haft eins alvarleg áhrif á viðskiftalíf bankans og mjer heyrð-

Seðlaauki Íslandsbanka.

ist á hv. 1. landsk. þm. (H. H.). Hjer er þó varla að ræða um meira en 10 þús. kr. spursmál. Og mjer skilst, að jafnvel þó að kostnaðurinn við seðlaútgáfuna væri svo mikill, að af henni yrði ekki beinlinis gróði fyrir bankann, eða jafnvel smátap, að þá muni hagnaðarinn fyrir bankann, af því að geta haldið viðskiftaveltu sinni í eins stórum stil og nú á sjer stað, eða í stærri stil, vera svo mikill, að 1% spursmál verði algjörlega hverfandi í því sambandi. Annars skal jeg taka það fram, að langt er frá því, að jeg vilji sýna Íslandsbanka neina meinbægni, og skilst mjer, að í sjálfu sjer sje engin hætta á ferðum, þótt bankinn fái heimild til að auka seðlafúlgu sína, ef aukningin er hæfilega gulltrygð. Að gefnu tilefni annarsstaðar frá, þá minnst hv. 1. landsk. (H. H.) á, að samkv. áliiti sumra, væri hætta á, að flytja danska seðla hjer inn í stórum stil, vegna Norðurláfuófriðarins, en til þess yrði þó að taka, ef neitað væri, með hæfilegum skilyrðum, um aukinn seðla útgáfurjett. Í þessu sambandi vildi jeg leyfa mjer að minnast á, að árið 1914, þegar Íslandsbankaseðlar voru gjörðir óinnleysanlegir, var svo ákveðið, að gullforðann skyldi geyma innsiglaðan í landinu, til nauðsynlegra ráðstafanna landinu til handa á stríðstímum. Síðan hefir mikið verið gefið út af seðlum. En mikið af þeim gullforða, sem átti að vera handbær, ef á þyrfti að halda, er eftir því sem sagt er, ýmist geymdur í Danmörku eða annarsstaðar. Ef Danir lenda í ófriðnum, getur okkur stafað hætta af þessu, ekki síður en af seðlumum dönsku. Og verður að telja þessar ráðstafanir fyrri stjórnar mjög at-hugaverðar, því engar sannanir hafa verið færðar að því, að ekki hafi verið hægt að flytja gullforðann inn í landið. Á seinustu tímum mun að visu hafa verið útflutningsbann á gulli frá Danmörku, en

jeg hefi fyrir satt, að alt af hafi mátt fá leyfi til að flytja gull til Íslands.

Frsm. (Hannes Hafstein): Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) áleit hættu á því, að það mundi verða frv. til falls, ef afgjaldsupphæðinni væri nú breytt, með því að frv. hefði verið samþykkt, eins og það er nú, með 19 atkv. í Nd.

En jeg get frætt hv. þm. um það, að margir, sem greiddu atkv. með frumvarpinu svo orðnu í Nd., gjörðu það af því, að tillaga um lækkun niður í 2% var ekki fram komin, en munu vafalaust greiða atkvæði með frumvarpinu svo breyttu, þegar það kemur aftur niður í Nd., og tel jeg því visan framgang þar.

Alt tal um það, að stofnað sje til ágreinings við háttv. Nd. með því að samþykkja breytingartillögu nefndarinnar, um að setja frumvarpið aftur í *status quo*, er ástæðulaust. Mjer er kunnugt um, að verði brtt. nefndarinnar samþykkt hjer, þá á hún sjer vist samþykki flestra þingmanna í Nd., sem í gærkveldi samþykktu 1% niðurfærslu frá því, sem í ógáti var samþykkt við 2. umræðu málsins.

Einn háttv. þm. sagði um gullforðann, að hann væri *allur* kominn til útlanda. Þetta er alls ekki rjett. Frá því stríðið hófst hefir alt það gull, sem þá var hjer í forða, verið geymt í bankanum forsiglað með innsigli stjórnaráðsins, og nú í haust var sent hingað heim í gulli til bankans 400000 kr. til viðbótar við forðann. Meðan bannað var að flytja út gull frá Danmörku, og undantekningarleyfi fjekest ekki, varð að geyma talsvert af „*fluktúerandi*“ gullforðaviðbótum bankans utanlands, og var það gjört með fullu samþykki landsstjórnar innar, enda er í lögunum ekkert, sem bannar þetta. Fje það, sem hefir verið geymt utanlands af málmforða bankans, hefir verið geymt, sem sjerstakt depositum í Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn og Noregsbanka í

Seðlauki Íslandsbanka. — Tímareikningur.

Kristianu. Annars skýrði jeg frá öllu þessu nákvæmlega við 2. umræðu um þetta mál í þessari hv. deild um daginn og ætti að vera óþarfi að endurtaka það aftur og aftur.

ATKVGR.

Brtt. 158 samþ. með 9 : 2 atkv.

Frv. svo breytt samþ. með 9 samhljóða atkv. og endursent Nd.

(A. 175).

4. Tímareikningur.

Á 1. fundi í Ed., föstudaginn 15. desember, var útbýtt

Frv. til laga um heimild handa ráðherra Íslands til ákvörðunar sjerstaks tímareiknings (A. bls. 12—13).

Á 2. fundi í Ed., mánudaginn 18. desember, var frv. tekið til 1. umr. (A. bls. 12—13).

Kristinn Daníelsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að máli þessu verði vísað til allsherjarnefndar til athugunar og álits að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. vísað til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 188) í e. hlj.

Á 10. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. janúar, var frv. tekið til 2. umr. (A. bls. 12—13, n. 38).

Framsm. (Jóhannes Jóhannesson): Hvað þetta mál snertir, virðist nægilegt að vísa til álits á þingskjali 38. Óska

jeg því fyrir hönd nefndarinnar, að deildinni mætti þóknast að vísa þessu máli til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2. — — — —

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 11. fundi í Ed., fimtudaginn 4. janúar, var frv. tekið til 3. umr. (A. bls. 12—13).

Framsm. (Jóhannes Jóhannesson): Með því engum mótmælum hefir verið hreyft gegn frumvarpi þessu eða breytingartilögur komið fram við það, finn jeg ekki ástæðu til þess, að fara um það frekari orðum, og treysti því, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Magnús Torfason: Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla frumvarpinu á neinn hátt; er þvert á móti eins og fleiri landsmenn glaður yfir breytingu þessari og tel hana þarflega, bæði sakir ljósmetisparnaðar og ýmsra annara hlunninda. Það sem veldur því, að jeg stend upp, er það, að nefndin telur tímamótin til 15. nóvember. Þykir mjer það fulllangt, því þá er, eins og menn vita, komið fram í svartasta skammdegið. Yfirleitt mun ekki mun ekki farið á fætur fyr en kl. 7 um um það leyti árs, en eftir miðtíma verður það kl. 5¹/₂, og er þá alls eigi komin nein dagsskíma. Tel jeg ástæðulaust að ákveða tímann lengur en til 1. nóv., enda þekki jeg marga gamla og reynda búmenn, er jafnvel seinkuðu klukkunni um það leyti. — Tek jeg þetta fram til athugunar fyrir stjórnina. —

Bakarabrauð.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.
(A. 69).

.

5. Bakarabrauð.

Á 1. fundi í Ed., föstudaginn 15. desember, var útbýtt

*Frv. til laga um þyngd bakara-
brauða* (A. bls. 14—17).

Á 2. fundi í Ed., mánudaginn 18. desember, var frv. tekið til 1. umr. (A. bls. 14—17).

Haldór Steinsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að frumvarpi þessu verði, að þessari umræðu lokinni, vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. vísað til allsherjarnefndar (A. bls. 188) með 11. samhljóða atkv.

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 5. janúar, var frv. tekið til 2. umr. (A. bls. 14—17, n. 58).

Framsm. (Karl Einarsson): Frumvarp þetta, sem liggur hjer fyrir, var gefið út sem bráðabirgðalög 16. nóv. 1916, og var það gjört eftir málaleitun frá bæjarstjórn Reykjavíkur. Þótti það upplýst, að brauðin væru mjög misjöfn að þyngd, þótt sama gjald væri tekið fyrir þau.

Nefndin áleit að sjálfsagt væri að samþykkja frumvarp þetta; en jafnframt skal jeg fyrir mitt leyti taka það fram, að jeg

álit, að ekki hefði verið þörf á því, að gefa út bráðabirgðalög um þetta svo stuttu fyrir þing. Þetta segi jeg að eins fyrir mig sjálfan, en ekki fyrir nefndarinnar hönd. Nefndin hefir leyft sjer að koma fram með 3 smábreytingartillögur, sem jeg hygg að miði til bóta. Breytingartillögurnar bera það með sjer sjálfar, að þær miða að eins til að gjöra ákvæði frumvarpsins skýrari og fyllri, og vísa jeg til nefndarálitsins, þingskjals 58, um þetta, og hefi eigi öðru við að bæta, en vona að þær og frumvarpið verði samþykkt af háttv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 58,1 (ný 2. gr.) samþ. í e. hlj.

— 58,2. a., við 2. gr., samþ. í e. hlj.

— 58,2. b., við sömu gr. — - - —

— 58,2. c., — — — — . . . —

2. gr. (verður 3. gr.) svo breytt samþ. í e. hlj.

3. gr. (verður 4. gr.), samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 6. janúar, var frv. tekið til 3. umr. (A. 76).

Of skamt liðið frá 2. umr. Forseti leit aði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, og voru þau leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

(A. 83).

Bakarabrauð.

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 9 síðdegis, var útbýtt

*Frv. til laga um þyngd bakara-
brauða,*

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 161).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá

þingsköpum til þess, að taka frv. þegar til einnar umr. (A. 161).

Afbrigðin leyfð og samþ. í e. hlj.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 samhlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 181).

II.

Þingmannafrumvörp.

1. Fjölgun ráðherra.

Á 7. fundi í Ed., föstudaginn 29. desember, kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 31).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr. (A. 31, 36),

Forseti: Að fengnu leyfi hæstv. ráðherra, til að hafa allar umræður um þetta mál í dag, leyfi jeg mjér að bera það undir hæstv. deild, hvort hún samþ. það fyrir sitt leyti.

Afbrigðin samþ. með 11: 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, eftir að hlutað hafði

Fjölgun ráðherra.

verið um, á hverjum byrja skyldi atkvæðagreiðslan, og upp komið hlutur 2. þm. G.-K. (K. D.), og sögðu

já:

Kristinn Danielsson,
Magnús Kristjánsson,
Magnús Torfason,
Sigurður Eggerz,
Sigurður Jónsson,
Guðjón Guðlaugsón,
Guðmundur Ólafsson,
Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason,
Jóhannes Jóhannesson,
Guðmundur Björnson.

nei:

Halldór Steinsson,
Karl Einarsson.

Eggert Pálsson var fjarstaddur.

Halldór Steinsson: Í gær var þetta mál til umræðu í hv. Nd. og því hraðað svo mjög, lítt upplýstu, sem lífið lægi við, að þessir þrjú fæddust áður en dagurinn væri á enda.

Jeg vil taka það fram, að jeg býst ekki við, að varpa neinu nýju ljósi yfir þetta mál hjer í deildinni, en þar sem jeg bjóst við að hafa sjerstöðu að því, þótti mjer hlýða að gjöra örlitla grein fyrir atkvæði mínu.

Það hafa aðallega verið færðar til þrjár ástæður fyrir því, að þetta framvarp hefir komið fram. Í fyrsta lagi, að störf stjórnarinnar væru orðin svo mikil og margskonar, að ókleift væri einum manni að fást við þau, svo vel fari úr hendi. Í öðru lagi fengist meiri trygging fyrir sjerþekkingu stjórnarinnar á þeim málum, er fyrir hana yrðu lögð, ef þrjú menn skipuðu hana í stað eins. Og í þriðja lagi fengist meiri trygging fyrir varanlegum friði innan pólitísku flokkanna, utan þings og innan.

Jeg ætla nú að vikja að hverju atriðinu fyrir sig. Þriðja atriðið, sem sje trygging fyrir friði inn á við, er litilsvirði og fellur um sjálf sig. Því það getur ekki verið meiningin í framtíðinni, að taka sinn ráðherrann úr hverjum flokki, og ef einn flokkurinn yrði í meiri hluta, myndi hann illa sætta sig við einn ráðherra. Það er líka gagnstætt venju annarstaðar. Það er spá mín, að innan skamms geti það mál komið fyrir, er hver flokkurinn um sig lætur sig mikið varða, og litur sínum augum á, og þá er hætt við, að litið verði úr friðnum. Þessari ástæðu er því best að sleppa. — Ef jeg sný mjer þá að annari ástæðunni, að með þessu fengist menn í stjórnina, er hefðu sjerþekkingu á hverju einstöku máli, þá tel jeg þá ástæðu ekki meira virði en þá síðasttöldu. Það er auðvitað, að mörg mál koma fyrir stjórnina, og ef hún ætti að hafa sjerþekkingu á sjerhverju þeirra, þá væri ekki nóg, að ráðherrarnir væru þrjú, og ekki nóg þó þeir væru þrisvar sinnum þrjú, því að þó einn ráðherrann hafi sjerþekkingu í dómsmálum, annar í bankamálum og þriðji í landbúnaðarmálum, þá koma fyrir stjórnina ótal fleiri mál, sem ekki heyra hjer undir, og þyrfti þá stjórnin, þrátt fyrir það, þótt hún væri þriðföld, að leita álits sjerfróðra manna, eins og ráðherrarnir hingað til hafa gjört. Sjest best á þessu, hversu litilsvirði þessi ástæða verður.

Þá kem jeg að fyrstu ástæðunni, og virðist mjer hún eina frambærilega ástæðan. Jeg hefði líka getað skilið hana, ef hún hefði verið aðalástæðan, til þess að þetta frv. er fram komið, en mjer er kunnugt um, að svo er ekki. Hin sanna ástæða var, að enginn flokkur var í meiri hluta, svo að hann treysti sjer til að koma að einum manni. Þetta er eina sanna ástæðan, en svo komu flokkarnir sjer saman

Fjölgun ráðherra.

um að flagga með hinum ástæðunum. Jeg efast ekki um það, ef einhver flokkur hefði haft nægan meiri hluta, þá hefði hann getað valið þann mann í ráðherrasess, er hann best treysti, og tel jeg vist, að sá maður hefði tekið að sjer stjórnina, þrátt fyrir aukin störf, og sjest þá best á því, að það er ekki vegna ofmikilla starfa, að þetta frv. kemur nú fram. Það er mikið rjett, að stríðið hefir aukið störf stjórnarinnar, en það er ekki nýbyrjað nú; hefir þegar staðið í 2½ ár. Og ef það eitt er aðalástæðan, þá hefði átt að kalla þing saman miklu fyr.

Jeg held, að það hefði verið heppilegast, að þetta mál hefði fengið að biða, að minsta kosti til næsta þings, svo þjóðin og þingmenn fengi að átta sig betur á því. Málið hefir líka fengið mikla mótspyrnu út um land. Jeg finn þess vegna enga ástæðu til, að hamra það í gegn nú og greiði því atkvæði móti því.

ATKVGR.

Fr. v. s. til 2. umræðu með 11:1 atkv.

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 29. desember, kl. 2½ síðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, 36).

Magnús Torfason: Jeg stend upp til að gjöra nokkra grein fyrir breytingartilögu á þgskj 36, þess efnis, að 3. gr. frumvarpsins falli niður, en sú grein hljóðar svo: „Landritaraembættið legst niður“.

Mjer hefir skilist svo, sem þessi 3. gr. sje lítt þörf í þessu frumvarpi, því í 2. gr. stjórnarskrárinnar, síðustu málsgrein, stendur: „Verði ráð-

herrum fjölgað, legst landritaraembættið niður“.

Þessi grein virðist vera beint bjóðandi, og það virðist því vera bein afleiðing af 1. gr. þessa frumvarps, er hjer liggur fyrir, að landritaraembættið leggist niður. Með samþykki þessarar gr. sje landritari sjálfdauður. Mjer virðist því með öllu óþarft að hafa þessa 3. gr. í frv.. Það er að leggjast á náinn, og þótt það geti ekki skaðað þann, er fyrir því verður, þá getur það þó hins vegar orkað þeim tvímælis, er verkið fremur.

Jeg skal hins vegar játa það, að það ælli að vera meinlaust, þó að þessi grein stæði þarna, en mjer hafa heyrst koma fram raddir í háttv. Nd. um það, að vekja mætti upp aftur landritaraembættið með einföldum lögum. En jeg lit svo á, að sú skoðun sje röng, og hún styðjist eingöngu við þessa 3. grein. Það liggur líka nærri að lita svo á, að úr því að það þurfi sjerstakt lagaboð til þess, að fella niður landritaraembættið, þá megi eins vekja það upp aftur með sjerstöku lagaboði. En það er ekki rjett.

Jeg fæ því ekki betur sjeð en að þessi grein sje fyrst og fremst gagnslaus, en auk þess jafnvel villandi, og vist er um það, að hún hefir komið skýrum og mætum lögfræðingum út á hinar örgustu villigötur.

Úr því jeg stóð upp, þá vil jeg nota tækifærið til þess, að fara nokkrum orðum um 4. málsg. í athugasemdunum við frv. Þar segir svo: „Loks má geta þess, að stjórnin er styrkari gagnvart öðrum embættismönnum landsins, ef þrir menn skipa hana, heldur en ef að eins einn er ráðherra“.

Það virðist svo, sem þessi athugasemd gefi það í skyn, að landstjórninn kenni vanmáttar gegn undirmönnum sínum. Væri svo, þá sje jeg ekki annað ráð þar

Fjölgun ráðherra.

til bóta en að auka vald landsstjórnarinnar; en með þessu frumvarpi, er henni eigi gefið neitt meira vald en verið hefir.

Jeg hefi litið svo á, að samkvæmt lögum hafi landsstjórnin fullkomið einveldi gagnvart þjónum þjóðarinnar, og jeg veit ekki betur en að þeir sitji og standi eins og hún vill, og svo að segja lifi upp á hennar náð.

Það eru að eins 3 embættismenn, er segja mætti, að væru undanþegnir þessu. Það eru dómaramennir í yfirdóminum. En reynslan hefir sýnt það, að laun þeirra eru svo naumt skorin, að þeir hafa allir þurft, eða þykjast þurfa að halda á stjórnarbitunum.

Ef eitthvað ætti að vera í þessari athugasemd, þá ætti það að vera það, að embættismennirnir hefðu reynst landsstjórninni of erfðir viðfangs, en mjer fyrir mitt leyti er það ókunnugt. Jeg hefi aldrei heyrt talað um það, að embættismenn hafi staðið upp í hárinu á landsstjórninni, eða brugðist hlýðniskyldu sinni, þvert á móti heyrt þeim ámælt fyrir, að þeir væru eins og mýs undir fjalaketti stjórnaráðsins.

Það mætti ef til vill geta sjer þess til, að hjer væri miðað við einhverjar erjur innan stjórnarráðsins sjálfs, en mjer er ekki heldur kunnugt um að svo sje, enda tel jeg það líklegt, að hæstv. ráðherra hafi haft fullan húsaga heima hjá sjer, því stjórnin gjörir talsverðar kröfur um það, að aðrar stofnauir hafi góðan aga í sinum húsum.

Jeg vil því, ef í þessari athugasemd á að felast nokkur ásökun til embættismanna, um það, að þeir hafi sýnt landsstjórninni nokkurn skort á hlýðni, mótmæla því harðlega hvað mig snertir, svo og fyrir aðra að því leyti, sem mjer er frekast kunnugt.

Það hefir verið talað allmikið um ástæður fyrir því, að frv. þetta er komið fram,

og nú fyrir skenistu var því haldið fram, að það væri vegna þess, að enginn þingflokkur væri í meirihluta. Jeg get vitanlega ekki sagt um það, hvað vakað hefir fyrir hverjum einstökum þingmanni, eða hverjum þingflokki öðrum en þeim, sem jeg er nánast tengdur við, en jeg vil lýsa því yfir, að frá hans hálfu er það ekki aðalástæðan. Aðalástæðan er miklu viðtækari en svo. Það sem vitanlega er aðalástæðan er það, að störf stjórnarinnar hafa aukist heljarmikið. Landið hefir á síðustu árum hækkað og stækkað, bæði inn á við og út á við, svo undrun sætir. Það litur jafnvel svo út, sem landinu hafi breint og beint verið gefið vaxtarmedal, og frumvarp þetta er ekkert annað en beinn ávöxtur þessa vaxtar.

Og við eigum að hafa leyfi til þess, að vona, að ráðherraval í framtíð takist svo vel, að með þessu frv. verði mótað nýtt og gagnsamt tímabil í stjórnarfararsögu landsins.

Hannes Hafstein: Mjer skildi til svo, sem það væri aðalatriðið í ræðu háttv. þm. Ísf. (M. T.) að rökstyðja brtt. sína á þingskj. 36

Hann telur 3. gr. frumvarpsins óþarfa, af því að hið sama standi í stjórnarskránni og má vera að greinin sje ekki nauðsynleg. Hins vegar er það alls ekki óvenjulegt, að stjórnarskrárákvæði sje tekin upp í almenn lög, og í nú gildandi landslögum er ákvæði um landritaraembættið bæði í stjórnarskránni og í lögum um skipun á æðstu umboðsstjórn landsins frá 3. okt. 1903. Á líkan hátt, eða þó enn frekar, er endurtekið í kosningalögum það, sem einnig er ákveðið í stjórnarskránni. Jeg sje því ekki, að það gjöri neitt til, þó þetta um niðurlagningu

Fjölgun ráðherra.

landritaraembættisins standi hjer í frumvarpinu, að minsta kosti ekki svo, að ástæða sje til fyrir þá sök, að tefja málið með því, að senda það aftur niður í Nd.

Jeg sje því ekki betur en að óhætt sje og enda sjálfsagt, að fella þessa brtt. á þingskjali 36.

Ráðherra (Einar Arnórsson): Jeg vildi að eins gjöra örilitla athugasemd við ræðu háttv. þm. Snæf. (H. St.) við 1. umræðu þessa máls. Háttv. þingm. sagði, að ef störf stjórnarinnar hefðu vaxið svo við striðið, að þörf hefði verið til að fjölga ráðherrum, þá hefði stjórnin átt að kveðja þing fyrir saman. Við þessu er því að svara, að á Alþingi 1915 bar landsstjórnin fram frv. um fjölgun ráðherra, en af einhverri ástæðu var það þá afgreitt með rökstuddri dagskrá, eða með öðrum orðum moldað. En þingið vildi þá eigi fjölga ráðherrum, því þótt stjórnin gjörði að eins ráð fyrir tveimur ráðherrum, en þingið vildi hafa þrjá ráðherra, þá var það ekkert annað en marklaus fyrirsláttur, og hafa oft verið gjörðar erfiðari brtt. á þinginu. Nú hefir þing verið kvatt saman, og það var gjört svo fljótt, sem unt var eftir kosningarnar, þótt það væri ekki gjört með sjerstöku tilliti til þess máls.

Þá vildi jeg minnast á eitt atriði í ræðu háttv. þm. Ísf. (M. T.). Mjer skildist svo, sem hann vildi svara einu atriði í aths. við frumvarpið. Mjer ber í sjálfu sjer ekki að svara þessu, þar sem jeg ber enga ábyrgð á athugasemdunum, en að efni mun þetta hafa verið tekið upp eftir aths. þeim, er jeg ljét fylgja frv. 1915. En öll ræða háttv. þm. Ísf. (M. T.) var byggð á miskilningi, því að eins og aths. er orðuð, þá á hún eigi að eins við styrk stjórnarinnar til að skipa embættismenn og

veita þeim lausn, heldur getur og þessi styrkur stjórnarinnar legið í mörgu öðru. Eins og háttv. þm. veit, þá gjöra embættismenn oft og einatt margar tillögur til stjórnarinnar um ýms mál. Þegar einn maður situr í stjórnarsessinum má ekki búast við því, að hann hafi sjerþekkingu á öllum þeim atriðum, er þar koma til greina. En það má búast við því, að þegar stjórnin er skipuð þremur mönnum, þá hafi hún betri tök á að rannsaka og meta tillögur þær, er henni berist frá undirmönnum hennar. Og það er mikill styrkur fyrir landsstjórnina. Hún þarf þá síður, ef svo má að orði kveða, að gleypa alt hrátt og ómelt, sem henni berst frá undirmönnum sínum. Þótt stjórnin verði að visu ekki „júrídískt“ styrkari með 3 en 1 ráðherra, þá verður hún, ef svo mætti segja, „intellektuelt“ og „moralskt“ styrkari gagnvart undirmönnum sínum.

Um brtt. hv. þm. Ísf. (M. T.) vil jeg að eins taka það fram, að jeg lit svo á, að í sama stað komi, hvort hún er samþ. eða feld. Það gjörir engan mismun.

Ef svo fer að ráðherra verður síðar að eins einn, þá vekst landritaraembættið aftur upp, hvort sem tilagan er samþykkt eða ekki, og ef þriggja ráðherra skipulagið helst, þá er landritaraembættið jafnt horfið úr sögunni, hver sem forlög breytingartillögunnar verða.

Magnús Torfason: Jeg þarf fáu að svara háttv. 1 landsk. þm. (H.H.), því hann virtist vera samþykkur ástæðum þeim, er jeg færði fyrir brtt., og get verið honum þakkir fyrir það, og get verið honum samdóma um það, eins og jeg í upphafi máls míns tók fram, að hjer sje ekki um neitt verulegt atriði að ræða, og það skifti litlu, hvort tillagan er samþykkt eða

Fjölgun ráðherra.

eigi. En jeg verð fastlega að mótmæla því, að jeg hafi komið fram með þessa tillögu til þess, að tefja fyrir frumvarpinu, enda þykist jeg hafa sýnt, að svo er eigi, með atkvæði mínu, er ræða var um afbrigði frá þingsköpum. En hins vegar virtist mjer það — og svo mun hafa verið um þingheim allan — sem háttv. 1. landsk. (H. H.) ælti afarörðugt að átta sig á því vandaþursmáli.

Hæstv. ráðherra talaði um það, að eftirlitið með embættismönnum yrði styrkara með þremur ráðherrum, betra að dæma tillögur þær, er stjórninni berast. Þessu get jeg verið sanþykkur. En hafi þetta eitt átt að liggja í átaldrí málsgr. aths, er hún afar óviðkunnalega orðuð. Mjer er og kunnugt um það, að þeir, sem ekki eru embættismenn hafa lítið sömu augum á þessa málsgrein og jeg gjörði, og ekki verið í neinum vafa um hvert hún stefndi.

Það vakti fyrir mjer, er jeg kom fram með brtt. á þingskj. 36, að ekki megi setja aftur á fót landritaraembættið með einföldum lögum, og þar sem að lita má svo á, sem þetta sje nóg samlega tekið fram með ummælum hæstv. ráðherra (E. A.), og háttv. 1 landsk. þ.n. (H. H.), og öll deildin virtist samþykk þessum ummælum, get jeg, úr því engar aðrar brtt. eru komnar fram, tekið till. mína aftur, svo að málið þess vegna þurfi ekki að flækjast milli deilda.

ATKVGR.

- | | | |
|-------------------------------------|--|--|
| 1. gr. samþ. með 12 samhljóða atkv. | | |
| 2. — — — 11. — — | | |
| 3. — — — 11. — — | | |
| 4. — — — 12. — — | | |

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Fr. v. visað til 3 umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., föstudaginn 29. desember, kl. 3¹/₄ síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 31).

Sigurður Eggerz: Það er að eins ör-stutt athugasemd við 3. umr. þessa máls, og er sú athugasemd aðallega af þeim rötum runnin, að raddir hafi heyrst, bæði hjer og í hv. Nd., í þá átt, að sú væri aðalástæðan fyrir fjölgun ráðherranna, að án þess hefði ekki verið hægt að mynda stjórn.

En langt er frá því að þetta hafi verið ástæðan til ráðherra-fjölgunarinnar, enda vitanlegt að hægt var að mynda eins manns stjórn í þinginu. Hitt er aftur á móti kunnugt, að það hefir beinlínis legið í loftinu að fjölga ráðherrum, og fyrir nokkrum árum síðan lagði jeg áherslu á, að brátt mundi reka nauðsyn til fjölgunarinnar. Tvær aðalástæður eru fyrir því, að fjölga ráðherrum, og eru báðar veigamiklar, svo veigamiklar, að kostnaðarauki sá, sem af því leiðir, verður mjög ljettur á metunum. Fyrri ástæðan er sú, að með því fæst trygging fyrir því, að slíkt óhapp hendi ekki, að hin miklu völd ráðherrans, lendi hjá illviljuðum óhappamanni, sem misbeiti valdinu sjer í hag, en öðrum í óhag, því að alt af eru líkur til, að 3 menn „kontrolleri“ hver annan, enda ólíklegt að tómir óhappamenn veljist í stjórnina. Hin ástæðan er sú, að öllum hlýtur að vera ljóst, að þrir menn geta ýtt atvinnuvegum vorum áfram með meiri vakandi áhuga en einn maður, og haft frumkvæði í þeim málum meiri en áður hefir átt sjer stað. En öllum hlýtur að vera ljóst, hvílikt feiknastarf er enn óunnið á atvinnu-málasviðinu. Þessar tvær aðalástæður hygg jeg, að vaki fyrir þinginu með ráðherra-fjölguninni. En ástæðan til að málinu er ýtt svo óvenju hratt í gegn um þingið,

Fjölgun ráðherra.

er stríðshættan, sem yfir landinu vofir, en sú hætta er nú svo mikil, að margra álit, að talið er rjett, að skipa ýmsum ágreiningsatriðum flokkanna lægri sess en ella skyldi. Og því hefir það ráð verið tekið, að þrjú aðalflokkar þingsins mynduðu stjórnina. Þar sem því stjórnin er mynduð af mönnum með gjörólikum skoðunum á ýmsum stórmálum landsins, þá sjá allir, að hjer er að eins um bráðabirgðastjórn að ræða, sem ællað er aðallega það hlutverk, að bjarga landinu út úr stríðsvandráðunum. Hitt er aftur stór misskilningur, sem bólað hefir á hjá ýmsum, að á venjulegum tímum verði stjórnin mynduð af andstæðum flokkum. Vitanlega verður stjórnin þá mynduð að eins af einum flokki, ef hann er nógu stór, eða þá af pólitískum flokkum, sem samstæðir eru að skoðun. Hitt, að pólitískir andstæðingar gangi saman í stjórn, eru og verða að eins undantekningar, sem byggðar eru á algörlega sjerstökum kringumstæðum. Enda ljóst, að á venjulegum tímum mundi allra flokka stjórn springa, ef stórmáli væri varpað inn í þingið, sem ágreiningur væri um hjá stjórninni, eins og t. d. járnbrautafrumvarpi.

Ummæli hv. þm. Ísf. (M. T.) um, að embættismenn gagnvart stjórninni sje eins og mýs undir fjalaketti, virðist mjer sist vel viðeigandi, enda hygg jeg, að alment skjálfi þeir ekki fyrir fjalaketti stjórnarinnar. Hitt er annað mál, að embættismönnum ber að sýna hverri stjórn sjálf-sagða kurteisi, eins og stjórninni ber að sjálf-sögðu einnig að sýna þeim og öðrum.

Magnús Torfason: Að eins örfá orð út af orðum hv. 2. landsk. þm. (S. E.).— Hann þóttist þurfa að átelja mig, fyrir líkinguna um músina og fjalaköttinn. Það

var alveg óþarfi fyrir hann að misskilja orð mín. Það er sitt hvað, lagavald stjórnarinnar yfir embættismönnum, og framkvæmd þess. Jeg ætlaði alls ekki að gjöra að umræðuefni, hvernig sambandi og samvinnu embættismanna og stjórnarráðs væri farið. Jeg endaði líka orð míu um þetta atriði, með því að taka það fram, og jeg undirstrika það nú aftur, að jeg vissi ekki til, að embættismenn hefðu brugðist hlýðniskildu sinni, og þar sem þetta er önnur hlið góðrar samvinnu, ætti að mega ganga út frá því sem visu, að landsstjórnin hafi komið fram gagnvart embættismönnum landsins svo sem vera ber.

Magnús Kristjánsson: Að eins örstutt athugasemd út af orðum hv. 2. landsk. þm. (S. E.). Hann hjelt því fram, að það hefði engin vandkvæði verið á því, að mynda stjórn með einum ráðherra. En jeg verð að lita alt öðruvísi á það, og tel enga vissu, að slíkt hefði getað átt sjer stað. Enda kom það greinilega fram við kosningu forseta sameinaðs þings. Það hljóta allir að sjá, að þótt í svipinn sje hægt að fá loforð helmingis þingmanna, um að þeir amist ekki við mannum, þá er það algjörlega ófullnægjandi, svo að stjórn geti staðist, eða stjórnað svo í lagi sje. Jeg get því ekki sjeð, að það sje á rökum byggt, að engin vandkvæði hafi verið á, að fá stjórn skipaða á þann hátt, sem hv. 2. landsk. þm. (S. E.) gat um. Hitt viðurkenni jeg, að aðalástæðan til stofrunar stjórnar á þennan hátt, og það sem rjettlætir hana, er þetta ástand, sem er í landinu, nú vegna stríðsins.

Það er hvorki mjer að kenna nje þakka, að hún kemst á nú, og jeg tel að hyggilegra hefði verið, að þetta hefði beðið til næsta þings og núverandi stjórn hefði set-

Fjölgun ráðherra.

ið þangað til, eða að bráðabirgðastjórn hefði verið skipuð til næsta þings.

Jeg vil að endingu geta þess, að þetta fyrirkomulag getur ekki verið til frambúðar, sjerstaklega vegna þess, eins og háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) tók fram, að samvinna getur tæplega haldist með ráðuneyti mynduðu af mönnum með svo mismunandi skoðunum, eins og hjer virðist eiga sjer stað. Og að mynda ráðuneyti af öllum flokkum sje jeg ekki, að sje heppilegt, því það getur verið að einn flokkur hafi marga hæfa menn, en annar engan.

Sigurður Eggers: Það hefir vitanlega enga þýðingu að vera að deila við háttv. þm. Ak. (M. K.) um það, hvort hægt hefði verið að mynda stjórn á annan hátt. Það er sannanlegt, að það var hægt. Jeg hafði sjálfur fengið loforð um fylgi 22—23 manna, svo að jeg gat tekið við stjórn einn, ef jeg hefði viljað.

Hitt er annað mál, að óhyggilegt hefði verið fyrir einn mann, að taka við á ófríðartímum, eins og nú, með ekki samfeldari meiri hluta.

Jeg er, eins og jeg tók fram áðan, samála hv. þm. (M. K.) um, að hjer sje að eins um bráðabirgðastjórn að ræða, er hefir það hlutverk að bjarga landinu út úr stríðshættunni.

Menn með gjörólikar landsmálaskoðanir geta auðvitað ekki, undir venjulegum kringumstæðum, unnið saman í stjórn, því þeir mundu verða á vixl þröskuldur í vegi þeirra mála, sem ágreiningur er um, hvenær sem þeim væri ýtt fram á stjórn mála-sviðið.

En stjórn, sem er orðin til í því skyni að gjöra eitthvað, hún verður að fylgjast að, sem einn maður, um öll stórmál, ann-

ars getur hún ekki búist við góðum árangri.

Hitt legg jeg áherslu á að allir skilji, bæði utan þings og innan, að þessi stjórn er að eins til orðin til þess að bjarga landinu úr þessari hættu, sem vofir yfir því, stríðshættu.

Kristinn Daníelsson: Fyrst það kom til umræðu, hvort hægt hefði verið að mynda stjórn með einum manni, þá kann jeg ekki við, að hv. 2. landsk. þm. (S. E.) standi einn uppi. Það er vitanlegt, og mjer kunnugt, að það er rjett, sem hann sagði, að það var hægt að mynda stjórn með einum manni, og hefði verið gjört, ef ekki hefði tekist að koma á samkomulagi millum flokka-anna. Jeg vil einnig taka undir það, að þetta er að eins bráðabirgðafyrirkomulag, og getur engum komið til hugar, að slík-samsteypastjórn sje framtíðarstjórn. Þetta er gjört hjer í líkingu við það, sem hefir þótt vel gefast annarsstaðar, sem tilraun til þess, að ráða sem best fram úr vanda-málum þjóðarinnar nú á þessum hættu-legu tímum.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 12:1 atkv., og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 41).

2. Skipaveðlán.

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 5. janúar, var útbýtt

Skipaveðlán. — Niðurlagning Njarðvíkurkirkju.

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 2. nóv. 1914, um heimild fyrir landsstjórnina til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs skipaveðlán h. f. Eimskipafélags Íslands,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 68).

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 6. janúar, var frv. tekið til 1. umr. (A. 68).

Of skamt liðið frá útbýtingu frv. Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, og voru þau leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., mánudaginn 8. janúar, var frv. tekið til 2. umr. (A. 68).

Hannes Hafstein: Að eins örstutt aths. viðvíkjandi orðalaginu á fyrirsögn frv. Þar stendur „heimild fyrir landsstjórnina“, en ætti heldur að vera „heimild fyrir ráðherrana“.

Orðið landsstjórn hefir, að minsta kosti aloft, verið notað um hina sjerstöku stjórn Íslands, konunginn og ráðherra Íslands. En það mun vissulega ekki vera meining þeirra, sem nú samþ. þessi lög, að konungsúrskurð þurfi til þess að framkvæma það, sem lögin heimila, heldur að það skuli gjört af hlutaðeigandi ráðherra, eða ráðherrunum í sameiningu.

Forseti: Eg er fyllilega sammála hæstv. 1. landsk. þm. (H. H.) um þetta atriði og vil leyfa mjer að vekja athygli hæstv. Ed. á því,

hve áriðandi og nauðsynlegt er að hafa jafnan eitt og sama orðalag á því, sem hjer um ræðir.

ATKVGR.

Frumvarpsgreinin samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12. samhlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. janúar, var frv. tekið til 3. umr. (A. 68).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 128).

3. Niðurlagning Njarðvíkurkirkju.

Á 2. fundi í Ed., mánudaginn 18. desember, var útbýtt

Frv. til laga um niðurlagning Njarðvíkurkirkju og sameining Keflavíkur- og Njarðvíkursókna (A. 8).

Á 3. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. desember, var frv. tekið til 1. umr. (A. 8).

Flutnm. (Kristinn Daníelsson): Jeg get að mestu eða öllu leyti sparað flutningsræðu, vegna nýbreytni þeirrar í þingsköpunum, að greinargjörð skuli fylgja hverju frumvarpi sem skýring á því, og

Niðurlagning Njarðvíkurkirkju.

getur sú greinargjörð komið í stað flutningsræðu. En jeg skal að eins geta þess, að jeg flyt málið eftir beiðni beggja sóknarnefnda, og liggur erindi þeirra frammi á lestrarsal Alþingis, undir Ed. nr. 2 1916, og vísa jeg hv. þm. þangað, og eins þeirri hv. nefnd, er væntanlega fjallar um málið.

Það þykir ef til vill undarlegt, að mál þetta skuli vera borið fram nú á aukabingi, en svo stendur á, að það er búið að vera í smíðum nú í 2 ár, og veldur ýmsum erfiðleikum með innheimtu og annað, og væri því mjög æskilegt, að greiðst gæti úr því nú. Það kynni einnig að þykja undarlegt, vegna þess að lög 16. nóv. 1907 um skipun prestakalla, sem auðvitað eru um leið lög um skipun sókna, gjöra ráð fyrir hvernig megi án lagabreytingar gjöra breyting á skipun sókna, þótt eigi sje hægt að breyta skipun prestakalla nema með nýjum lögum. Nú hefir allur undirbúningur og ráðstafanir samkvæmt 4. gr. nefndra laga farið fram, en þá er til stjórnarinnar kom, taldi hún þessa sóknasameiningu eigi lögum samkvæma, þar sem um var að ræða sameining sókna, er hvor var í sínu prestakalli.

Jeg játa, að stjórnin hafi mikið fyrir sjer í þessu, að venjulega sje ekki unt að sameina sóknir hvora í sínu prestakalli, en á hinn bóginn verður ekki sjeð, að lögin setji í þessu máli neinn þröskuld, þar sem þau heimta þetta ekki beint sem skilyrði, og ekkert er í framkvæmdinni því til fyrirstöðu, að sameiningin komist á, því að hjer hafa báðir prestar komið sjer saman um, að þeir noti Keflavíkurkirkju.

Jeg vona því, að þessari fyrirstöðu frá lagalegri hlið verði hrundið, með því að setja sjerstök lög um þessa sameiningu, og þetta litla og meinlausu mál fái góðan framgang á þinginu.

Að þessari umræðu lokinni legg jeg því til, að málinu verði vísað í nefnd, og

þykir best við eiga, að vísa því til mentamálanefndarinnar.

ATKVGR.

Fr. v. vísað til 2. umr. með 13 samhlj. atkv.

Fr. v. vísað til mentamálanefndar (sjá A. bls. 187—188) með 11: 1 atkv.

Á 7. fundi í Ed., föstudaginn 29. desember, var fr. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 23).

Frams. (Sigurður Jónsson): Þetta litla lagafrumvarp þarf ekki langrar framsögu með. Greinargjörðin, sem fylgdi því, lýsti því og skýrði það, og svo gjörði flutningsmaður enn frekari grein fyrir því. En þó ætla jeg að láta nokkur orð fylgja því.

Nefndin hefir athugað öll skjöl málsins, og leggur eindregið til að málinu verði vísað til 3. umræðu. Það er að eins 1. gr. frumvarpsins, sem gæti komið til athugunar fyrir deildina; það er formatriði. Hinar greinarnar eru í fullu samræmi við vilja hlutaðeigandi safnaða. Hjer liggur fyrir eitt atriði í hinni nýju stefnu löggjafarinnar, að veita hjeruðum og söfnuðum svo fullan rjett, sem hægt er, og tel jeg þá stefnu rjetta. Ber jeg því þá ósk fram fyrir hönd nefndarinnar, að frumvarpinu verði vísað til 3. umræðu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögn fr. samþ. án atkvgr.

Fr. v. vísað til 3. umr. með 11. samhlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. janúar, var fr. tekið til 3. umr. (A. 8).

Niðurlagning Njarðvikurkirkju. — Strandferðaskip.

Framsm. (Sigurður Jónsson): Með því að eigi hefir komið fram nein brtt. við frumvarp þetta, virðist engin þörf á, að lengdar sje umræður um það. Leyfi jeg því að láta þá ósk mína í ljós, að frumvarpið verði samþykkt hjer við 3. umræðu og síðan afgreitt til Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

(A. 49).

4. Strandferðaskip.

Á 15. fundi í Ed., þriðjudaginn 9. janúar, var útbýtt

Frv. til laga um kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 104).

Á 16. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. janúar, var frv. tekið til 1. umr. (A. 104).

Of skamt liðið frá útbytingu frv. Forseti leitaði leyfis um afbrigði frá þingsköpum, og voru þau leyfð og samþ. í e. hlj.

Framsm. (Guðjón Guðlaugsson): Eins og háttv. þm. munu hafa tekið eftir, þá er frumvarp þetta komið fram frá samvinnusamgöngumálanefnd þingsins.

Nefndarálitinu, þgskj. 57, hefir verið býtt út fyrir nokkrum dögum, og þótt það hafi aðallega verið til afnota fyrir háttv. neðri deild, þá tel jeg sjálfsgagt, að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer það; að minsta kosti hefir verið nægur tími til þess.

Þetta frv. er byggt á mjög sterkum óskum frá landsmönnum, svo sterkum óskum, að jeg hygg að margir hv. þm. gætu ekki komið heim til sín, nema með kinn-

roða, án þess að þeir hefðu hrundið strandferðunum í einhverjar framkvæmdir. Ástandið, eins og það er nú, með strandferðirnar er afarbágborið, og svo ófullnægjandi, sem frekast er hægt, svo það er von, að óskir manna sje miklar um, að úr þeim sje bætt.

Og þá beinast vonir landsmanna vitanlega til Alþingis. Þaðan vænta þeir hjálparinnar, og þangað berast raddirnar.

En hvernig á að framkvæma strandferðirnar?

Hver ráð eru vænlegust?

Hið fyrsta, er nefndin gjörði, til þess að reyna að fá spurningum þessum svarað, var að fá upplýsingar hjá landsstjórninni, um hvaða tillögur hún sjálf hefði um tjeð efni, eða hvaða tillögur henni hefðu borist.

Hið fyrsta, er landsstjórnin sendi, var brjef frá Eimskipafjelaginu, dags. 20. nóv. 1916, þar sem það hvetur eindregið til þess, að landsstjórnin kaupi skip til strandferða, og síðan var oss sent brjef frá Kaupmannaráði Íslands, dags. 18. des. 1916, og er þar eindregið lagt til, að skip sje keypt, og sjerstaklega tekið fram, að mikið heppilegra sje að kaupa skip en leigja.

Nefndin, sem hefir athugað málið ræki-lega, komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri um aðrar leiðir að ræða en að kaupa skip, en nefndin ræður eigi til þess vegna þess, að hún telji rjett að landið „spekuleri“ í sliku, heldur vegna þess, að hún telur ekki annað ráð vera fyrir hendi.

Það er ekki tilætlun nefndarinnar, að skipið gengi lengur en 7—8 mánuði á ári í strandferðir; hinn timann ætlast nefndin til, að það sje notað til millilandaferða, því þar þarf líka umbóta við.

Annars tel jeg óþarfa, að vera að skýra mönnum frá því, hversu strandferðirnar eru bágbornar. Það hlýtur öllum lýð að vera kunnugt,

Það var ætlunin að Eimskipafjelagið

tæki að sjer strandferðirnar, og um það var samið, en þessar ferðir, sem Gullfoss og Goðafoss fóru, hafa ekki verið í meðvitund manna sem neinar strandferðir, enda hafa þær verið mjög ófullnægjandi og óábyggilegar.

Og nú hefir Eimskipafjelagið tekið með öllu fyrir þessar strandferðir. Áætlun þess fyrir árið 1917 eru eingöngu millilandaferðir, svo það er bersýnilegt, að ástandið verður enn hörmulegra en það nokkurn tíma áður var, ef ekkert er að gjört.

Jeg vil skýra frá því, að Eimskipafjelag Íslands hefir boðist til þess, að hafa á hendi útgjörð skipsins. Tel jeg það mjög heppilegt að svo verði, því það er varhugavert að setja á fót farstjórn fyrir strandferðirnar. Nefndin gengur líka að því sem vísu, að Eimskipafjelagið annist útgjörð skipsins. Það hefir skrifstofur og sjerfræðinga í þessum efnunum, og á að vera vel fært til þess. Og auk þess ætti það að vera hagnaður fyrir Eimskipafjelagið, jafnvel svo mikill hagnaður, að eigi væri óhugsandi, að það tæki að sjer skrifstofuhaldið fyrir ekkert eða lítið gjald. Það geta allir sjeð í hendi sjer, að fyrir fjelag, er hefir millilandaferðir á hendi, er mikill hagur að hafa umsjón með strandferðunum, og að flutningur þess frá útlöndum getur gengið mun greiðara til hinna ýmsu staða á landinu þess vegna.

Nefndin litur svo á, að hjer sje að eins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, á meðan við höfum ekki 2 skip til strandferðanna, og það sama er að segja um strandbátana, er jeg mun skýra nánar, er þeir koma til umræðu.

Nefndin telur það heppilegast, ef unt væri, að fá leigð 2 skip til strandferðanna, og að strandferðum verði þá líkt hagað og Alþingi 1915 áætlaði, og ef það fengist þá fjellu kaupin niður. En þótt nefndin líti svo á, þá telur hún vist, eins og nú stendur, að skip verði keypt.

Og þegar ekki þarf lengur að halda á þessu skipi til strandferða, þá koma dagar og þá koma ráð.

Bæði má selja skipið og eins mætti nota það til millilandaferða, og jeg fyrir mitt leyti tel ekki ólíklegt að Eimskipafjelagið myndi kaupa það. Og jeg fyrir mitt leyti tel það best farið, að Eimskipafjelagið annist sem mest samgöngur vorar á sjó en ekki landsstjórnin.

Magnús Kristjánsson: Jeg þarf ekki að þreyta háttv. deildarmenn með löngu máli.

Jeg býst við að allir sjeu sammála um það, að það sje óhjákvæmilegt að kaupa skip til strandferða, en það er eitt atriði hjá hv. nefnd, er jeg vildi drepa á.

Atriði þetta heyrir raunar fremur til 2. umræðu málsins, en að jeg gjöri það nú, er vegna þess, hversu tíminn er naumur, svo betri tími væri til að gjöra breytingartillögu, ef hennar teldist þörf.

Mjer fyrir mitt leyti, þykir það óviðkunnanlegt, hversu lögin gjöra ráð fyrir fáum strandferðum, og jeg efa það mikillega, að það sje minni þörf fyrir strandferðir vetur en sumar.

Það er alkunna, að ýmsum atvinnuvegum vorum hagar svo, að það er nauðsynlegt fyrir þá, að folk geti flutt sig úr stað, bæði vetur og sumar, og það getur orsakað mikið tjón, ef það er ekki hægt. Jeg lit því svo á, sem það sje brýn þörf á strandferðum alt árið.

Jeg vil því beina því til háttv. nefndar, hvort hún vilji ekki breyta frv. í þessu efni, því þótt reynslan leiði ótvírætt í ljós, að brýn þörf sje strandferða allan ársins hring, þá mun landsstjórnin eigi taka þær upp, þar sem lögin skorða þær við skemri tíma, og ætlast til að skipið fari og millilandaferðir.

Jeg vona, að háttv. nefnd taki þetta til ihugunar og vænti svars hennar, því ella

Strandferðaskip.

mun jeg bera fram brtt. hjer að lútandi.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Þetta atriði, er hv. þm. Ak. (M. K.) tók fram, var ekki rætt í nefndinni, en jeg tel mig fara rjett með, er jeg segi, að nefndin leit svo á, sem þetta yrði ekki ótilfinnanleg byrði fyrir landssjóðinn, og þess vegna vildi hún ekki spenna bogann hærra en nauðsyn krefði, en það kom ekki til af því, að hún teldi ekki þörf strandferða allan ársins hring.

Eins og nefndin taldi það vist, að tekjuhalli yrði á strandferðunum, eins vist taldi hún það, að það yrði hagnaður á millilandaferðunum, og gæti það að nokkru jafnað hallann.

En það er í sjálfu sjer rjett, sem hv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að strandferða er þörf allt árið, og að því fje, sem til þess er varið, er vel varið. Og vetrarferðirnar eru fult svo nauðsynlegar fyrir þjóðina sem sumarferðir, þó hins vegar mesta þörfin sje liðið hjá, þegar landsmenn hafa komið afurðum sínum frá sjer.

Jeg býst við því, að nefndin vilji athuga þetta atriði, en því að eins má gera nokkra breytingu á frumvarpinu, að af því stafi engin hætta á, að frv. kunni að daga uppi á þinginu. En um það vænti jeg að formaður nefndarinnar, hv. 2. landsk. þm. (S. E.), gefi upplýsingar, hvort hann vill kalla nefndina saman til að athuga þetta.

Sigurður Eggerz: Út af ummælum hv. þm. Ak. (M. K.) vil jeg geta þess, að frá frv. hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að skipið sje lengur í strandferðum en 8 mánuði, því í frv. stendur, að skipið skuli vera í strandferðum „minsta kosti“ 8 mánuði. Frumvarpið gefur því fremur en hitt undir fótinn um það, að hafa ferðirnar lengur.

Nefndinni var það og fyllilega ljóst, að

vel gæti svo farið, að bæta þyrfti við 1. ferð.

Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að jeg mun kalla nefndina saman til að athuga þetta frekar.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi nú fengið þá skýrslu frá hv. formanni samgöngunefndarinnar (S. E.), að eftir frumvarpinu sje heimilt að hafa ferðirnar fleiri en nefndarálitið gjörir ráð fyrir, en jafnframt því hefir hv. framsm. nefndarinnar (G. G.) skýrt frá því, að þeim mun fleiri sem ferðirnar væru, þeim mun meiri mundi tekjuhallinn verða af þeim.

Mjer finst vera ljóst, ef tekjuhallinn verður þeim mun meiri, sem ferðirnar eru fleiri, að stjórnin fari naumast upp á sína ábyrgð að hafa ferðirnar fleiri en lögin beint gjöra ráð fyrir.

Eins og nú litur út fyrir, að skipaferðunum verði hagað, þá verða engar skipaferðir frá Norðurlandi til Suðurlands frá því í októbermánuði og þar til í júnimánuði.

Þetta er hreinasta óhæfa, og afartjón fyrir fjölda fólks.

Jeg fyrir mitt leyti verð að lita svo á, sem það sje bein skylda þingsins að ráða bót á þessu, því þetta er með öllu óhafi.

Aftur er það um vetrarferðir þær, er jeg gat um, að þeirra er brýn þörf, en viðkomustaðir skipsins mættu vera miklu færri og áætluðinni hagað á ýmsan annan hátt en fyrir sumarferðirnar.

Jeg er ekki vel ánægður með fyrirkomulagið á strandferðunum, fyr en þær eru komnar í það horf, að skip ganga til strandferða allan ársins hring, því fyr en svo er, tel jeg ekki, að þær komi að fullum notum.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Jeg vil að eins beina því til hv. þm. Ak. (M. K.), hvort hann gæti eigi gjört sig ánægðan

Strandferðaskip.

með það, að tíminn til strandferða, væri lengdur um mánuð, og yrði alt að 9 mánuðum.

Það er öldungis rjett hjá hv. þm. Ak. (M. K.), að viðkomustaðir í vetrarferðum gætu verið miklu færri, og hafnirnar betri, og gæli skipið því verið fljótara í förum. Ætti að vera hægt að miðla hjer málum, svo strandferðir yrðu fleiri, og millilandaferðir yrðu líka.

Og stór framför væri það, frá dauða þeim, er nú rikir, ef skipið gæti gengið fram til ársloka, og færi þá í millilandaferðir, sem það væri í til miðsvetrar.

Jeg álit, að ummæli hv. þm. Ak. (M. K.) sjeu nú, eins og endranær, mjög skynsamleg og í fylsta máta þess verð, að þeim sje gaumur gefinn, eftir því sem hægt er.

Sigurður Eggerz: Jeg vil enn leggja áherslu á, að frá frumvarpsins hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að skipið gengi lengur en 7—8 mánuði í strandferðir. Og jeg verð að lita svo á, að stjórnin að sjálf-sögðu telji sjer skylt, að láta skipin ganga, ef þörf krefur og nauðsynin á frekari millilandaferðum er því ekki til fyrirstöðu. Jeg leyfi mjer að vænta þess, að hv. þm. Ak. (M. K.) láti sjer nægja, ef jeg gef yfirlýsingu í þessa átt í nafni samgöngumálanefndanna.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. í e. hlj.

Á 17. fundi í Ed., fimtudaginn 11. janúar, var frv. tekið til 2. umr. (A. 104).

Of skamt liðið frá 1. umr. Forseti leit-aði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, og voru þau leyfð og samþ. í e. hlj.

Framsögum. (Guðjón Guðlaugsson): Jeg talaði um aðalefni frumv. í gær, og þarf því eigi að ræða það frekar á þessu stigi málsins. En það eru aðallega skýringar á ýmsum greinum þess, er jeg nú vildi láta deildinni í tje. Fyrst og fremst skal það fram tekið, að í frv. varð ekki ákveðið neitt hámark á verði skipsins, og liggja til þess tvennar ástæður. Fyrst og fremst það, að nú er alt svo dýrt, að ekki er mögulegt, að ákveða verð á slíku skipi með nokkurri nákvæmni. Og þá er hin ástæðan engu viðráðanlegri, að þörfin er svo brýn, að engin minsta átylla var til að stöðva fyrirtækið. Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelags Íslands, er vjer áttum tal við, rjeð oss fastlega frá því, að taka skip á leigu, en taldi aftur ekki ólíklegt, að skip mundi mega kaupa. Um nákvæma verðáætlun á slíku skipi, gat auðvitað ekki verið að ræða, en framkvæmdarstjórinn áleit, að 800 tonna skip mundi kosta eitthvað nálægt 800,000 krónur, eða tonn- ið um 1000 krónur, og þá auðvitað að sama skapi minna verð, sem skipið yrði minna.

Nefndin bjóst við því, eins og framkvæmdarstjórinn, að skipið yrði undir öllum kringumstæðum dýrt, og því var ástæða til að gjöra sjer mikið far um, að skipið yrði eigi dýrara en nauðsyn krefði.

Nefndin lagði því litla áherslu á, að skipið yrði farþegaskip, jafnvel þó að það sje kostur við strandferðaskip, sem venjulega margir ferðast með, að á í þeim sje rúm fyrir farþega. Vildi nefndin taka tillit til kostnaðarins og setja lágar kröfur í þessu efni. En með því að skipinu er ætlað að ganga 7—8 mánuði ársins, áleit nefndin að eigi mætti þó vera minna en eitt farþegarúm fyrir 20—30 menn, er svaraði til venjulegs annars farrýmis á góðum fólksflutningaskipum hjer við land. Og þá einnig svo út búð, að sjófólk og

Strandferðaskip.

verkafólk, er ferðast þarf stutta leið, geti verið undir þiljum, án siðferðilegrar vansæmdar eða heilsuspillis. Þetta er hugsunin í nefndarálitinu, og hún er byggð á því, að fara sem vægast út í fjárkröfurnar. Nefndin athugaði líka stærð skipsins, og hafði þar fyrir sjer álit framkvæmdarstjóra, sem áleit ekki stærra skip en 800 tonn hentugt, sjerstaklega vegna einnar alkunnrar hafnar, sem er Hornafjörður. Taldi hann þangað inn væri ekki örugt að sigla stærra skipi. En jafnframt leit nefndin svo á, að öllu minna skip en 6—800 tonn væri ekki með öllu fullnægjandi, sjerstaklega á meðan skipið væri ekki nema eitt, og svo einnig vegna millilandaferðanna að vetrinum.

Jeg gat um það í gær, að atriði það, sem um getur í 4. gr. frumvarpsins, að stjórn Eimskipafjelags Íslands tæki að sjer farstjórn þessa skips, er einkar heppilegt. Nafn Eimskipafjelags Íslands var ekki nefnt, og lá það í því, að bæði getur svo farið að fjelagið breyti nafni, eða hætti að vera til, eða vildi ekki. En farstjórn gilti þá hverja stjórn, er vildi taka að sjer rekstur og umsjón. En orðið farstjórn gilti þá það fjelag, er hefði sjerstaka stjórn og skrifstofu, er sæi um rekstur skipsins. Er þetta eldra orð, frá þeim tímum er skip var leigt. Var þá einn farstjóri og 2 fargæslumenn.

Var þá og rætt um fargjöld og farmgjöld, en ekki timi til þess að semja sjerstaka skrá, og hliðraði nefndin sjer jafnvel heldur hjá því, með því að hún áleit að skrá sú yrði að vera miðuð við það, sem verið hefði á öðrum skipum undanfarið ár milli landa og með ströndum fram, með eðlilegri hækkun og lækkun, sem á gæti orðið, eftir því sem timarnir breytast. Fanst líka sjálfsagt, að gjöldin yrðu hærri eftir því, sem reksturkostnaður yrði meiri. Nefndin notaði bæði orðin; áleit þó að fyrri orðið yrði það, sem gilda mundi.

Þá áleit nefndin, að það gæti ekki verið meiningin, jafnvel þó að sá hugsunarháttur sje ekki með öllu óþektur meðal manna á lægsta stigi þjóðfjelagsins, að ausa út fje landssjóðs með því að hafa fargjöldin mjög lág; hitt aðalatriðið, að strandferðir geti á komist í stað engra, sem nú eru.

Hvað t. d. fargjöldin snertir, þegar skip ganga ekki að nauðsynjalausu, ættu þau ekki að þurfa að vera mjög há. Á þetta bendir eftirlitsleysi fyrri tima, því mjer er kunnugt um, að sumir farþegar hafa flutt með sjer fyrir alls ekki néitt, ótilhlýðilega mikið fargóss, jafnvel hafa fundist dæmi þess, að 1—2 menn hafa flutt með sjer heilann bátsfarm, og er slikt og annað eins hneykslanlegt fyrir fráma menn. Þingið á að gjöra alt sitt ítrasta til að nema burtu svona lúalegan hugsunarhátt. Og þó erfitt kunni að ganga, að uppræta þetta og koma í framkvæmd nýjum og hollum hugsunarhætti, verður að gjalda varhug við því, að hafa eigi farmgjöld og fargjöld svo lág, að fyrirtækið skaðist á því.

Loks samdi nefnin áætlun fyrir 7—8 mánuði; og er það álit og vilji nefndarinnar, að stjórnin hagræði áætluninni svo, að hún verði nægilega rúm, svo að skipið geti gengið sæmilega og eðlilega á milli hafna.

Hv. formaður nefndarinnar (S. E.) mun nú skýra frá vilja nefndarinnar, vilja hennar til að lengja timann, og þarf jeg því ekki að fara frekar út í það. Treysti jeg því fyllilega að stjórnin — eftir að hafa litið á kostnaðarástæðurnar — skeri úr því, hvort bæta skuli við einni ferð að vetrinum, sem jeg teldi heppilegt og sanngjarna miðlun frá því, að hafa strandferðir alt árið. Þá vil jeg enn fremur benda á það, að það dugar ekki að miða við strandbátinn Ísafold eða önnur slikt skip, því að allar slikar ástæður eru nú orðnar harla breyttar. Eimskipafjelagið t. d. hagar nú svo ferðaáætlun sinni, að það forðast allar

Strandferðaskip.

strandferðirnar eins og heitan eld. Án þess að ætla mér að hæla sameinaða fjelaginu, eða lofa það, má þó geta þess, að það var alls ekki talið með strandferðum, að Vesta fór í febrúar, marz, júní, og júlímánuði inn um allan Húnaflóa, og til Ísafjarðar og Reykjavíkur, og var þá stundum orðin svo ljett í sjó, að skrufan kom upp ef nokkur kvika var. Þetta er nú orðið allmikið breytt, þar sem sameinaða fjelagið neitar nú öllum ferðum og Eimskipafjelags skipin koma eigi nema á einstöku hafnir, og fara lengst og nyrst til Norðurfjarðar, enda þar í óbygðum upp undir Drangajökli og snúa svo við aftur. Áf þessu leiðir að það er engin sýnileg ferð til þess, að komast á milli aðalstaða landsins að vetrinum, og vildi jeg fastlega mælast til, að hin heiðraða stjórn tæki þetta til athugunar.

Eggert Pálsson: Það er engan veginn meining mín, þótt jeg hafi um orðið heðið í þessu máli, að leggja nokkurt hálmastrá í veg fyrir þetta frumvarp, eða neita því um atkvæði mitt. Þvert á móti greiddi jeg því atkvæði við fyrstu umræðu, og býst við að gjöra það áfram; enda sje jeg ekki, að strandferðanefndin hefði getað skilst við þetta þýðingarmikla mál öllu betur en hún hefir gjört í þetta sinn, og með þeim erfðu kringumstæðum, sem nú eru fyrir hendi.

Jeg get fyrir mitt leyti, felt mig við þá stefnu, sem komið hefir fram hjá nefndinni, að kaupa eitt skip til strandferðanna en ekki leigja, þar sem hagur Eimskipafjelagsins er nú einu sinni svo, að það er ekki megnugt þess, að taka strandferðirnar að sjer. Jeg tel það einnig stefnt í rjetta átt hjá nefndinni, að stuðla að því, að smærri flutningabátar komist á, og sjeu gjörðir út í hinum ýmsu fjórðungum landsins, og stærri flóum, þar sem þeim verður við komið, og þörfin vitanlega er fyrir þá.

En þegar, eða ef, samgöngurnar á sjónum komast í þetta horf, sem virðist hafa vakað fyrir nefndinni, þá skilst mér, að eitt strandferðaskip mundi geta nægt um fyrirsjáanlega langan tíma, svo framarlega, sem viðkomustaðir skipsins væru ekki hafðir alt of margir, heldur flóa- og fjórðunga bátunum ætlað að taka við og flytja vörurnar og fólkið til hinna ýmsu, mörgu og smáu hafna.

Jeg veit það að visu, að slíkt fyrirkomulag mundi gjöra nokkrum einstaklingum, sem lægju lengra frá hinum ýmsu viðkomustöðum skipsins, vörur sínar nokkru dýrari vegna „umskipuninnar“, sem þá þyrfti að eiga sjer stað; en hjá því virðist tæplega unt að synda, nema að fylgja sömu aðferðinni, sem hingað til hefir átt sjer stað, að láta sjálf strandferðaskipin, eða strandferðaskipið koma við á hverri einustu vik eða firði í landinu, hvort sem mikið eða lítið er þangað að flytja. En með því laginu sýnist óhjákvæmilegt, að strandferðakostnaðurinn allur verði að þeirri hit, sem aldrei verður fyllt. Sje skipin eða skipið látið koma á allar þær hafnir, firði og vikur, sem hægt er að hugsa sjer, eða upp að telja, er bersýnilegt, að útgjörð þeirra eða þess, geta ekki með nokkru móti borið sig, nema með feikna miklu tillagi úr landssjóði. En ekki nóg með það; heldur með því fyrirkomulagi loku skotið fyrir, að fjórðunga- og flóabátarnir geti haft nægilegt að gjöra. Þeir hljóta, vegna hinna mörgu viðkomustaða strandferðaskipanna eða skipsins, að sigla að mestu tómir um þau svæði, sem þeim er ætlað um að fara, og lítið þar af leiðandi að fást upp í þann útgjörðarkosnað, svo að styrkinn til þeirra má því ekki heldur nema við neglur sjer, ef þau sýslufjelög, sem halda þeim úti eiga að geta staðist kostnaðinn.

Mín skoðun er því sú, að með þessu fyrirkomulagi á strandferðum verði bæði

Strandferðaskip.

strandferðaskipaútgjörð og flóaþátaútgjörð, að tveimur hitum, er eti hvor aðra upp og ávalt sje jafnstórar eftir, hversu miklu sem í þær er fleygt. Væri aftur á móti hin aðferðin tekin upp, að láta sjálft strandferðaskipið koma við á fremur fáum stöðum, og flóa- eða fjórðungsbátana taka svo við, þá hygg jeg, að hvorutveggja útgjörðin gæti borið sig með nokkurn veginn hæfilegum styrk úr landssjóði. Eins og jeg gat um, kynni þetta fyrirkomulag að verða nokkuð dýrara einstaklingunum, vegna t. d. „umskipunar“, er þá ætli sjer stað. En þar sem allar strandferðir mundu með þessu fyrirkomulagi borga sig betur en ella, þá gæti þar af leiðandi flutningsgjöldin, bæði með strandferðaskipunum og bátunum, lækkað, ef svo sýndist. Og ynnist þá með þessu móti nokkuð upp í upp-skipunarkostnaðinn.

Jeg sje nú af nefndaráliti strandferðanefndarinnar, eða rjettara sagt einu fylgiskjali með því, að hún ætla þessu nýja skipi að fylgja sömu reglunni og áður, að tina upp svo að segja hvern fjórð og vik í hringferðum sínum.

Jeg skal engan veginn lá nefndinni, þótt hún kæmist að slíkri niðurstöðu í þetta sinn, enda miða mín ummæli ekki á neinn hátt til þess, að raska gjörðum hennar nú. Það er að vissu leyti eðlilegt, að nefndin viki ekki í þetta sinn frá foruri venju eða aðferðum. Því bæði er tíminn naumur til starfa og alt fremur óvíst og þar á meðal hvort hinir fyrirhuguðu flóa- eða fjórðungsbátar komast á.

Mín ummæli stefna því mest til framtíðarinnar, ef þing og stjórn vildi þá nokkurt tillit taka til þeirra. Því þetta er það mál, sem áreiðanlega gengur aftur og sennilega á hverju þingi.

Og ef svo væri, að þessar bendingar mínar væru einhvers virði sem framtíðarstefna þessa þýðingarmikla máls, strandferðanna, eða flutninganna á sjónum um-

hverfis strendur landsins, þá gjöri jeg ráð fyrir, að þing og stjórn taki þær til greina í gjörðum sínum og tillögum framvegis.

Að visu má nú segja, að þetta mál komi mjer ekki beinlínis við, þar sem mál þetta snertir svo lítið hagsmuni kjördæmis míns. En það snertir mig þó sem hvern annan fulltrúa þjóðarinnar og gefur mjer fylsta rjett til þess, að láta mína skoðun í ljós í málinu. Enda engan veginn vist, að mínar tillögur sje á minna viti byggðar en annara, þótt jeg þekki betur samgöngur á landi en sjó.

Sigurður Eggerz: Það er í tilefni af ráðu háttv. þm. Ak. (M. K.) við 1. umr. þessa máls, er hneig í þá átt, að strandferðaskipið væntanlega yrði ætlað til strandferða alt árið, að jeg skal taka það fram, að samvinnunefndin í samgöngumálunum telur rjett, að stjórnin láti hið væntanlega strandferðaskip fara fleiri ferðir en þær, sem á áætlun standa, ef þörf krefur, og nauðsynin til millilandaferða er því ekki til fyrirjáanlegrar fyrirstöðu.

Jeg vænti nú að háttv. þm. Ak. (M. K.) sætti sig við þessa yfirlýsingu frá samvinnunefndinni.

Magnús Kristjánsson: Það er engin ástæða fyrir mig að tala nú, — að eins lýsa því yfir, að jeg sætti mig við þessa yfirlýsingu frá háttv. formanni samvinnunefndarinnar (S. E.).

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2., 3., 4., 5., 6. og 7. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Sjógarður fyrir Einarshafnarlandi. — Ófriðarráðstafanir.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, var frv. tekið til 3. umr. (A. 104).

Of skamt liðið frá 2. umr. Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, og voru þau leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 166).

5. Sjógarður fyrir Einarshafnarlandi.

Á 14. fundi í Ed., mánudaginn 8. janúar, var útbýtt

Frv. til laga um að landstjórninni veitist heimild til að greiða styrk úr landsþjóði til viðgjörðar á sjógarðinum fyrir Einarshafnarlandi og Óseyrar-ness í Arnessýslu,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 81).

Á 15. fundi í Ed., þriðjudaginn 9. janúar, var frv. tekið til 1. umr. (A. 81).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, og voru þau leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 17. fundi í Ed., fimtudaginn 11. janúar, var frv. tekið til 2. umr. (A. 81).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2. — — — 8 — —

Fyrirsögn frv. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, var frv. tekið til 3. umr. (A. 81).

Of skamt liðið frá 2. umr., en afbrigði frá þingsköpum um það leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 165).

6. Ófriðarráðstafanir.

Á 14. fundi í Ed., mánudaginn 8. janúar, var útbýtt

Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurláfuófriðnum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 80).

Á 15. fundi í Ed., þriðjudaginn 9. janúar, var frv. tekið til 1. umr. (A. 80).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, og voru þau leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Ófriðarráðstafanir. — Sala og leiga skipa.

Á 17. fundi í Ed., fimtugdaginn 11. janúar, var frv. tekið til 2. umr. (A. 80).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2., 3., 4., 5. og 6. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 80).

Áður en til dagskrár þessa fundar væri gengið, mælti

Forseti: Jeg verð að vekja athygli hæstv. Ed. á því, að til þess að Alþingi geti lokið störfum sínum í dag, þarf 3 þingfundir, og auk þess einn stuttan auka-fund. Vona jeg, að þessi fundur verði eigi lengri en svo, að næsti fundur geti byrjað kl. 6. En skrifstofan segir að fyrr verði naumast tilbúin þau nauðsynleg skjöl, sem koma þurfa á þann fund.

Of skamt var liðið frá 2. umr. Forseti leitadi leyfis til afbrigða frá þingsköpunum, og voru þau leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 164).

7. Sala og leiga skipa.

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 6 síðdegis, var útbýtt

Frv. til laga um þann við sölu og leigu skipa úr landi,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd (A. 172).

Á 20. fundi, sama dag kl. 9 síðdegis, var frv. tekið til 1. umr. (A. 172).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Forseti leitadi leyfis til afbrigða frá þingsköpunum, og voru þau leyfð og samþ. með 11 samhlj. atkv.

Magnús Kristjánsson: Þetta mál er enn lítt undirbúið, og jeg mun því ekki greiða því atkvæði mitt. Jeg get ekki heldur sjeð, að neina nauðsyn beri til að samþykkja það nú. Jeg býst ekki við, að mönnum sje hugleikið að fækka skipum sínum, heldur muni þeim vera hugstætt, að eignast fleiri. Jeg álit því alveg ástæðulaust að ætla, að hjer sje nein hættu á ferðum. Og þó að frumvarpið yrði samþykkt, mundi stjórnin veita mönnum undanþágur.

En jeg lit svo á, að frumvarp þetta sje óheppilegt að einu leyti. Jeg er hræddur um, að ef það yrði að lögum, mundi það draga úr áhuga manna á skipakaupum, og þá er ver farið en heima setið.

Tíminn er ónógur til þess, að afgreiða málið nú, og vil jeg því stinga upp á, að að því verði vísað til allsherjarnefndar, að þessari umræðu lokinni.

Halldór Steinsson: Jeg er ekki á sama máli og háttv. þm. Ak. (M.K). Málið er að visu nýkomið á döfina. En jeg álit, að það þurfi ekki langan tíma til ihugunar. Þm. sagði, að hjer mundi engin hættu á ferðum, skipaeigendur mundu ekki vilja selja skip sín. En jeg er hræddur um, að það geti nú samt átt sjer stað. Jeg hefi heyrt, að sumir botnvörpungaútgjörðarmenn í Reykjavík vilji nú selja botnvörpunga sína. Vjer megum ekki við því, að missa skip

Sala og leiga skipa.

vor út úr landinu, enda hafa aðrar þjóðir gjört samskonar ráðstafanir og hjer er um að ræða. — Jeg vil því fastlega mæla með þessu frumvarpi.

Magnús Torfason: Jeg stend upp til þess að styðja till. háttv. þm. Ak. (M. K.) um að visa málinu til allsherjarnefndar. Þó tel jeg rjettara að visa því til sjávarútvegsnefndar. Jeg gjöri þó þetta ekki að neinu kappsmáli.

Háttv. þm. Snæf. (H. St.) sagði, að þetta mál þyrfti ekki mikillar athugunar við (*Halldór Steinsson*: Það voru ekki mín orð). Hafi mjer misheyrst, bið jeg afsökunar. Hjer er þó um bannmál að ræða. Og mjer þykir skritið, að háttv. þm. Snæf. skuli vera svo ginnkeyptur fyrir þessu bannmáli.

Þegar um er að ræða höft á atvinnufrelsi, verða menn að hugsa sig vel um. Jeg þekki það vel á höftunum, sem lögð voru á með fiskiveiðasamþyktinni, til há-sællar minningar, og Alþingi varð að upphefja, hversu miklum skaða þau geta valdið. Þau höft ollu stórskaða og jeg man vel, hve mikið jeg hafði fyrir því, að losa siðasta haftið, er jeg kom til Ísafjarðar. Og sú lausn gladdi alla, og enginn hefir viljað vekja upp þann draug aftur.

Jeg veit að visu, að tekið hefir verið fram, að erlendar þjóðir hafi samþykkt skipasölubann hjá sjer. Þetta gæti verið gott fordæmi. En maður verður alt af að taka tillit til sjerstakra ástæðna. Ef við athugum, að löggjöfin sjálf telur skipin svo litils virði, að eigi sje hægt að fá nema $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{5}$ eða $\frac{1}{6}$ part út á þau ný í fiskiveiðasjóði, sjáum vjer, að ástandið hjer er mjög ólíkt því, sem það er erlendis, svo að ómögulegt er að bera það saman.

Að því er snertir innihald frumvarpsins, er það að segja, að það er býsna alment orðað. Þar segir, að ekki megi

leigja nje selja nein skip út úr landinu. Þetta tel jeg afarvarhugavert að því er fiskiskip snertir. Jeg gæti skilið það fremur, ef átt væri við flutningaskip, sem eru í hærra verði en fiskiskipin. Ekkert er heldur til tekið, hvort þetta bann á að gilda um skip, sem nú þegar eru keypt eða skip, sem verða keypt. Og það finst mjer svo stór galli á frumvarpinu, að eigi sje viðunandi.

Enn fremur er það, að ef menn ætla sjer að kaupa skip og sjá að þeir geta eigi selt þau aftur, þótt þeir fegnir vildu, mundu þeir hætta við skipakaupin. Frumvarpið getur þess vegna unnið á móti tilgangi sínum.

Jeg skal líka taka það fram, að mjer þykir skritið, að þetta frumvarp skuli koma fram á sama tíma, sem menn eru að kaupa fjölda skipa. Eins og menn vita hefir mótorbátaútvægur tvöfaldast á Ísafirði nú á siðari árum. Mjer finst því, að í frumvarpinu felist vantraust í garð útgjörðarmanna, sem hafa komið útgjörðinni í blóma og umskapað bæði þennan bæ og Ísafjörð.

Líka ber að gæta að því, að margir þessara útgjörðarmanna eru fátækir og því varhugavert að gjöra mikið að því, að hefta atvinnufrelsi þeirra. Það gæti vel hugsast, að þingið fengi á sínum tíma skaðabótakröfur frá þeim mönnum, er keypt höfðu skip og vildu siðar selja þessa gömlu dalla. Nú eru kol í háu verði, og því vel hugsanlegt, að menn vildu losa við sig gömul skip. En þessi lög mundu hindra það, og þar með gætu þau hindrað kaup á nýjum skipum. Og jeg legg mikla áherslu á þetta atriði málsins, meðal annars af því, að jeg heyri sagt, að útlendar skipsmiðastöðvar hafi svo mikið að gjöra, að þær hafi margra ára skipapantauir, jafnvel fram yfir 1920. Jeg vil taka undir það með hv. þm.

Sala og leiga skipa.

Ak. (M. K.), að þessu máli verði ekki flaustrað af nú á þinginu; annars gæti ver farið en til er ætlast.

Ráðherra Sigurður Jónsson: Jeg get ekki sjeð, að þetta frumvarp fari neitt í bág við áhuga manna á að kaupa ný skip. En það þarf líka að gæta fengins fjár. Menn tala hjer um bann og höft og skaðsemi þeirra. Þessi takmörkun, sem frv. fer fram á, er ekki samanberandi við ýmislegt af svipuðu tagi, sem hlutlausar þjóðir sætta sig vel við á þessum tímum, og meira að segja, þetta aukaping er þegar búið, nær því einróma, að fallast á að gjöra megi miklu meiri takmarkanir á vanalegri athafnastarfsemi og viðskiftafrelsi einstaklinganna. Í því efni má benda á þau höft, sem landsstjórninni er heimilað að leggja á verslunina í einstökum greinum og í heild sinni. En landinu er bráðnauðsynlegt, að halda sínum skipum, ef í nauðir ræki. Í 1. gr. frumvarpsins stendur: „Landsstjórnin getur veitt undanþágu frá banni þessu“. Hjer er það skýrt tekið fram, að landsstjórninni sje heimilt að gjöra undantekningar, að því er leigu eða sölu skipa snertir. Og hv. þm. Ísf. (M. T.) þarf varla að óttast, að stjórnin verði á móti sölu gamla dalla, sem menn vildu losast við. Slikur ótti lýsir að minsta kosti ekki því trausti á stjórninni, sem hv. þm. virðist bera til hennar í öðru orðinu.

Ef við samþykkjum ekki þetta frumvarp, getum við átt á hættu að missa miljónina, sem okkur langar alla svo mikið til að fá.

Sigurður Eggerz: Jeg vil taka í sama strenginn og hv. þm. Snæf. (H. St.) og læstv. ráðherra (S. J.). Mjer skilst, að þessi lög sje nauðsynleg. Það getur rekið að því, að skip hækki svo í verði, að geipifje verði boðið í íslensk skip. Og er

því eðlilegt, að freisting skipaeiganda yrði mikil, til þess að selja skipin fyrir of fjár. Þetta gæti vel komið fyrir. En hvílik hætta er landinu ekki búin, ef svona færir? Svo lengi sem við höfum nóg kol og salt, getum við lifað, en ef við missum skipin, erum við dauðir. Þessi lög gætu að visu orðið bagaleg fyrir suma útgjörðarmenn. En þá er að meta hitt meira, að hjer er um nauðsynlega tryggingu að ræða í þarfir lands og þjóðar.

Jeg gat ekki vel skilið hugsanaganginn í ræðu hv. sessunautar míns. (M. T.) Hann virtist eigi skilja, hvort frumvarpið ætti við skip, sem nú eru keypt eða verða keypt. En þetta er auðskilið mál. Frumvarpið á auðvitað bæði við þau skipin, sem eru og verða keypt. En eins og læstv. ráðherra (S. J.) tók fram, er landsstjórninni heimilað að veita undanþágu á þessu.

Jeg vil enda orð mín á því, að nái þetta frumvarp eigi fram að ganga, getur það orsakað meira tap en það, sem nemur miljóninni, sem fæst með sildartollinum.

Magnús Kristjánsson: Jeg held nú satt að segja, að þessi ótti sje á litlum rökum bygður. Jeg veit ekki hvers konar taugaóstyrkur hefir gripið suma hv. þingmenn, er þeir þykjast allsstaðar sjá grýlu, og halda, að alt sje á heljarþröminni fyrir ráðleysi manna og það þeirrar stjettar, sem lyft hefir þessu landi á hærra menningarstig en nokkur önnur stjett í landinu.

Jeg þarf auðvitað ekki að nefna mörg dæmi í þessu sambandi því til sönnunar, að hefðu slik lög sem þessi gilt hjer í landi að undanfögnu, mundu þau hafa orðið til stórtjóns. En ef það er hins vegar meiningin, að þetta verði að eins lög, sem aldrei verði fylgt í framkvæmdinni, þá sje jeg ekki til hvers verið er að samþykkja þau.

Sala og leiga skipa.

Jeg vil biðja háttv. þingmenn vel að athuga það, að fyrir fáum árum voru seldir hjeðan margir gamlir fúadallar. Og hvað höfum við svo fengið í staðinn?

Við höfum fengið ný og góð skip, sem fullkomlega samsvara kröfum tímans; skip, sem fullnægja öllum þeim kröfum, sem hægt er að gjöra til góðra skipa; skip, sem eru fær um að mæta úfnum sjó, en þess er oss brýn þörf, þar sem sjór er hjer oft úfinn og úþægur. Við verðum að hafa svo góð skip sem framast er hægt, svo að mannlifunum sje sem minst hætta búin.

Og þess vegna verðum við að geta selt þau skip, sem gömult og úrelt eru, og fá ný og góð skip í staðinn. En á þetta leggur frv. hömlur.

Jeg hygg, þótt jeg sökum naumleika tímans eigi vilji tefja hv. deild með því, að það sje fullhægt að sanna, að það sje fult svo skadlegt, að frv. nái fram að ganga, sem að það sje felt.

Og það er engin þörf þessara nauðungarlagar, og það allra sist á þessa stjett, er hefir margsynt hyggindi sín og dugnað, og stórauðgað þjóðarþúð hin síðari árin.

Sigurður Eggerz: Jeg vil að eins gjöra stutta athugasemd, en að öðru leyti visa til fyrri umsagnar minnar um málið.

Jeg vil vekja athygli á því, að hæstv. ráðherra (S. J.) skýrði frá því, að landsstjórnin mundi gefa undanþágur fyrir sölu gamalla skipa, svo að ummæli hv. þm. Ak. (M. Kr.) voru óþörf.

Jeg vil undirstrika það, að jeg vil ekki með þessari lagasetning gefa útgjörðarmönnum neina vantraustsyfirlýsingu. Jeg vil þvert á móti taka það fram, að jeg tel þá hafa gjört landi og þjóð stórgagn.

Annað mál er það, að þegar þeim er boðið stórfje fyrir skip sín, svo að þeir geta grætt afarmikið á að selja þau, þá er það ekki nema mannlegt, þótt einhver hugsí meira um hag sinn en hag landsins.

Halldór Steinsson: Jeg vil að eins

gjöra órstutta athugasemd í tilefni af ræðu hv. þm. Ísf. (M. T.).

Hv. þm. furðaði á því, að jeg skyldi vera með bannlögum. En því er nú svo varið, að þótt jeg sje yfirleitt ekki með þvingandi bannlögum, þá er jeg með þessu frv., af því að jeg lit svo á, sem þetta frv. sje eins og hverjar aðrar nauðsynlegar stríðsráðstafanir.

Þá var sami hv. þm. (M. T.) að bera þetta saman við fiskiveiðasamþykktirnar. En það er ekki rjett. Þær voru um alt annað og ólíkt efni, og á alt öðrum tíma. Þær eru því með öllu ósambærilegar.

Um gömlu skipin, sem hv. þm. hafa verið að tala um, sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða. Þótt ekki megi selja þau utan, þá væri ekki óhugsandi, að þau mætti selja innanlands, enda stjórninni gefin heimild til undanþágu.

Hv. þm. Ak. (M. K.) furðaði á taugaóstyrk manna í þessu máli. Ef taugaóstyrkur sá, er hann talar um, á að vera fölginn í því, að við viljum nú, sökum ófriðarins, gjöra frekari ráðstafanir en ella hefði verið, þá get jeg fyrir mitt leyti felt mig við að vera kallaður taugaóstyrkur.

Sami hv. þm. (M. K.) var að tala um, að í þessu frv. feldist vantraust til útgjörðarmanna. En svo er alls ekki, þótt ráðstafanir, sem snerta heill lands og þjóðar, kunni að einhverju leyti að fara í bág við hag einstaklingsins, þá er það fjarstæða, að tala um, að slíkt sje vantraustsyfirlýsing á nokkra stjett.

Magnús Torfason: Hæstv. ráðherra (S. J.) var að tala um að hafnir yrðu þurkaðar af skipum, ef þessi lög næðu ekki fram að ganga, og fanst á honum, að hann væri fús á að taka á sig þá ábyrgð, er lögin leggja honum á herðar, en jeg er hræddur um, að það sje ekki af þeirri ástæðu, heldur hinu, að ekki væri keypt meira af skipum.

Sala og leiga skipa.

Það getur ekki annað en glatt mig, því að hingað til hefir stjórnin ekki verið svo mjög þess hugar. (*Ráðherra Sigurður Jónsson*: Það var í sambandi við aðra ábyrgð). (*Sigurður Eggerz*: Meir skal konung hafa til frægðar en langlifis).

En frv. þetta getur hindrað skipakaup og skipaviðskipti. Það er ekki nema eðlilegt, að menn verði ragir við að kaupa skip, þegar þeim er bannað að selja þau aftur. Vitaskuld bætir það úr, sem hæstv. ráðherra (S. J.) sagði, að landsstjórnin mundi rif á að veita undaupágur, og ef hún gjörir það eftir beiðni og þörfum, eins og vænta má samkvæmt orðum hans, þá verða þetta að eins gagnlaus pappírslög gjörð til þess eins að hanga aftan í öðrum þjóðum.

Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) var að tala um, að það væri freisting fyrir útgjörðarmenn að selja skip sín háu verði. En jeg veit ekki annað en að nú hafi lengi verið hátt verð á skipum, án þess það hafi freistað útgjörðarmanna svo, að þeir hafi selt skip sín. Þessi hræðsla er því með öllu ástæðulaus, og ef það reyndist, að hún væri á nokkru byggð, þá vil jeg vekja athygli háttv. Ed. á því, að landsstjórnin getur, ef hún telur þess þörf, gefið út bráðabirgðalög um þetta efni, eins og um aðrar ófriðarráðstafanir. En fyr en í nauðir rekur má ekki og á ekki að hindra frjáls viðskifti í þessu efni.

Frv. gjörir engan mun á verslunarskipum og fiskiskipum. Hjer er því ráðist á annan aðalatvinnuveg landsmanna, sjávarútveginn, og mjer er sem jeg sjái framan í hv. 2. landsk. þm. (S. E.), ef Alþingi ætlaði að hefta atvinnufrelsi bænda. Þá mundi hann rísa upp með brýnda raust og taka háa tóninn.

Annars veit jeg ekki hvaðan mönnum úr sveitum kemur vald til að tala um þetta mál, hvað fiskiskipin snertir.

Ráðherra Sigurður Jónsson: Jeg hjelt jeg hefði talað svo skýrt, að óþarfi væri að misskilja mál mitt, og jeg taldi lög þau, er hjer um ræðir, mundu geta að gagni orðið, ef í nauðir ræki með skip til millilandaflutninga. Pappír sá, sem lögin eðlilega útheimta, getur því borgað góða vexti og alveg óþarfi að telja frv. þessu, frekar en svo mörgum öðrum, það til foráttu að undantekningar eru heimilaðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til sjávarútvegsnefndar feld með 8:4 atkv.

Á 21. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 10¹⁰ síðdegis, var frv. tekið til. 2. umr. (A. 172).

Afbrigði leyfð og samþykkt.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, eftir að hlutað hafði verið um, á hverjum byrja skyldi atkvgr., og upp komið hlutur þm. Ak. (M. K.), og sögðu

já:

nei:

Sigurður Eggerz,	Magnús Kristjánsson,
Sigurður Jónsson,	Magnús Torfason,
Eggert Pálsson,	Guðjón Guðlaugsson,
Guðmundur Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Halldór Steinsson,	Jóhannes Jóhanness.
Hjörtur Snorrason,	
Karl Einarsson,	
Kristinn Danielsson,	
Guðmundur Björnson.	

2. gr. samþ. með 9:1 atkv.

3. — — — 9:1 —

Sala og leiga skipa. — Millilandaskip.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Fr. vísad til 3. umr. með 8 : 5 atkv.

Á 22. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 11¹/₄ síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 172).

Afbrigði frá þingsköpum leyfð af ráðherra og samþ. af deildinni með 10 : 2 atkv.

Magnús Torfason: Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.:

Tillaga um að vísa frv. til allsherjarnefndar feld með 8 : 4 atkv.

Fr. samþ. með 9 : 5 atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 182).

8. Millilandaskip.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Fr. til laga um kaup á eimskipum til vöruftutninga milli Íslands og útlanda,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 152).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, um að mega taka frv. þegar til 1. umr. (A. 152).

Afbrigðin leyfð og samþ. í e. hlj.

Framsögumaður (Sigurður Eggerz): Það er einkenni á öllum menningarlöndum, að samgöngur á sjó og landi og í lofti taka stöðugum framförum. Sam-

göngur stytta fjarlægðir í löndunum og flytja þá ýmsu landshluta nær hver öðrum. Samgöngurnar eru lykillinn að framtíð þjóðanna, og um leið og þær eru bættar, rísa upp nýir atvinnuvegir og hinir gömlu stækka. Alt breytist við nýjar samgöngur. Alt ris nýfætt og nýskapað upp úr hæðinni og mollunni. Jeg jata það, að jeg hefi tröllatru á samgöngum. Samgöngur á friðartimum eru nauðsyn, bæði fyrir þessa þjóð og aðrar þjóðir, samgöngur milli hinna ýmsu landshluta og landa á milli. En samgöngur á ófriðartimum landa á milli, eru meira en nauðsyn, þær eru lífsnauðsyn fyrir oss Íslendinga.

Ófriðurinn geisar í kring um oss. Hingað til hefir hann ekki slegið hrákalda hramminum á oss, því þótt ýmsir hafi átt við örðug kjör að búa, vegna verðhækkunnar, sem átt hefir sjer stað, þá hefir landið í heild sinni grætt. Miljónirnar hafa runnið inn í landið. Og ýmsir framtakssamir og stórhuga menn hjá oss eru nú orðnir stórrikir á þessum árum. Og hinn afarmikli gróði, sem hefir orðið á sjávarútvegi vorum, sýnir hve þetta land er ríkt, og hve mikla trú vjer megum hafa á því. En það, sem oss hefir oft vantað á þessu þingi, það er einmitt trú á landið, og þess vegna hafa afskifti vor af ýmsum atvinnumálum verið alt of smátek. Afskifti vor af samgöngumálum vorum hafa verið of mjög mörkuð af þessu trúleysi á framtíðarmöguleika landsins. Og af því hefir landið beðið stórtjón. Ef vjer hefðum verið stórtækir í þessum efnum á undanfórnum þingum, þá gætum vjer horft með enn meira trausti inn í framtíðina, einnig á þessum ófriðarárum. Skipastóll sá, er vjer höfum nú yfir að ráða, er sem hjer segir:

1. Gullfoss.
2. Væntanlegt skip í stað Goðafoss.
3. Skip sameinaða gufuskipafjelagsins samkvæmt samningi frá 1909.

Millilandaskip.

4. Væntanlegt strandferðaskip.

Í þessum flokki eru skip sameinaða fjelagsins, en margir eru nú þeir, er samkvæmt fenginni reynslu treysta lítið á það fjelag, ef í harðbakkana slær, því ærið örðugt hefir oft verið að sækja rjett vorn í hendur þess fjelags.

Þótt sumum kunni að þykja skipastóll sá, sem jeg hefi talið, glæsilegur, þá er þess að gæta, að vanhöld á skipum eru aldrei meiri en nú. Reynsla annara þjóða hefir sýnt það, að siglingar nú á tímum eru stórum hættulegar, og einu megum vjer ekki gleyma, að stríðið getur átt eftir að sýna svartari hliðar, og sjálfsagt erum vjer enn þá ekki komnir á örðugasta stríðshjallann. Nú er það örðin sannspá, er jeg spáði á síðasta þingi, að harðna mundi frá því, sem þá var komið. Og enn er jeg viss um að harðnar. Skipum getur fækkað enn svo, að ómögulegt verði að fá skip, ómögulegt að fá leigt skip. Okkar eigin skip geta orðið fyrir vanhöldum. En mest hættan stafar landi voru af því, ef vjer verðum skipalausir. En slíkt má með engu móti koma fyrir. Alþingi verður því að skerast í leikinn, og gjöra sitt itrasta til þess, að varðveita hagsmunum lands og þjóðar í þessu efni. Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir og samþ. hefir verið af hv. Nd. Alþingis, er ein af slíkum ráðstöfunum til að varðveita landið. Samgöngumálanefndin hefir stungið upp á, að keypt væri skip 1500—2000 tonna; en hv. Nd. hefir verið það stórhugaðri, að hún hefir breytt því og gjört ráð fyrir fleiri skipum. Jeg ætla ekki að vera margorður við þessa umræðu málsins, enda býst jeg við, að fá tækifæri til að taka til máls við aðra umræðu, en jeg ætla þó að minnast á nokkrar mótbárur, sem hafa komið, og fram kunna að koma gegn frv. Fyrsta mótbáran, sem fram hefir komið er sú, að nú sje skip mjög dýr, og ef ófriðurinn hætti,

þá mundi skipið falla í verði, og landið biða ljón.

Þessari mótbáru er því að svara, að því miður er alls ekki vist, að stríðið hætti svo bráðlega — ómögulegt um það að segja, — en þó svo væri, yrði samt sem áður skipaekla svo mikil, að hætta á, að skipið eða skipin fjellu í verði, er ekki mjög mikil. Enda skip nú fljót að borga sig. Og því verður þá að taka, þótt verðfall verði á skipunum, því að önnur hætta er, fjárhagslega sjeð, miklu meiri, og það er hætta sú, að landið stæði uppi skipalaust, og sú hætta verður ekki með tölum talin. Og hver vill bera ábyrgð á henni?

Þá ástæðu get jeg hugsað mjer færða gegn frv., að örðugt muni vera að fá fje, en jeg get ekki gjört mjer í hugarlund að svo verði, því það er kunnugt, að báðir bankarnir hafa stórgrætt fje síðustu árin, og hafa mikið fje handbært. Og jeg býst við því, að þeir yrðu fúsir að veita lánið með sanngjörnum kjörum.

Nefndin taldi rjett, að skipið væri svo stórt, að það væri 1500—2000 smálestir, og er það með tilliti til Amerikufærða, því það er miklu hagsfeldara og ódýrara, að reka þær ferðir með stóru skipi en litlu, og jeg verð að leggja talsverða áherslu á þetta.

Í frv. samgöngumálanefndarinnar var tiltekin stærð skipsins, en það hefir fallið burtu í hv. Nd, en hvers vegna er mjer ókunnugt.

Það er líka miklu haganlegra að kaupa skip til flutninga en að leigja það. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, greiðir landsstjórnin nú í leigu fyrir skip það, er hún hefir í förum, skipið Bisp, 65 þúsund krónur á mánuði, auk kola, eða 780 þúsund kr. um árið, auk kola. Af því mega allir ráða, að betra er að kaupa skip, þó dýr sje, en að leigja. Og þegar einstakir menn ráðast í skipakaup,

þá ætti það ekki að vera landinu of-
vaxið.

Jeg hefi fyrir satt, að frv. það, er hjer
liggur fyrir, sje vilji alls þingsins, en jeg
hefi því miður ekki heyrt afstöðu stjórnar-
arinnar til þess, en jeg vona að hæstv.
ráðherra, er á sæti hjer í deildinni, upplýsi
mig og aðra um afstöðu stjórnarinnar til
málsins.

Og jeg vona, að hæstv. stjórn taki mál-
inu vel, og að hún leysi það röggssamlega
af hendi, því í þessu efni verðum vjer að
gjöra mjög ákveðna kröfu til röggsemi
stjórnarinnar, því þetta er einmitt eitt af
þeim málum, sem sjerstaklega er ætlast
til, að allra flokka stjórn, líkt og þessi, hafi
að stefnuskrármáli. Eins og jeg hefi tekið
fram áður, er aðalhlutverk stjórnarinnar
að reyna að bjarga landinu sem best út
úr ófriðnum. Hins vegar getum vjer ekki
gjört alt of miklar kröfur til hennar á öðr-
um sviðum, þar sem skoðanirnar eru svo
mismunandi. Og þó stjórnin sjálf væri
svo skapi farin, að hún vildi sjóða graut
úr skoðunum sínum, þá mundi slíkt lítið
þýða, því vitanlega mundu flokkarnir, sem
að henni standa, skilja hana þá eina eftir
yfir grautum.

Ráðherra Stgurður Jónsson: Í til-
efni af orðum hv. 2. landsk. þm. (S. E.),
þar sem hann var að beina því til lands-
stjórnarinnar, að hún vildi láta í ljós skoð-
un sína, vil jeg segja örfá orð.

Jeg get um þetta efni látið mjer nægja,
að visa til orða hæstv. forsætisráðh. (J. M.)
í Sp., þar sem hann gat þess, að stjórnin
teldi það aðalskyldu sína, að ráða fram
úr þeim vandkvæðum, sem ófriðurinn leiddi
yfir þjóðina.

En að öðru leyti skal jeg taka það
fram, að landsstjórninni hefir ekki enn
unnist tími, sökum þinganna, til að tala
sig saman, hvorki um þetta mál nje ann-
að, en þó þykist jeg mega fullyrða, að

þetta verði fremsta eða með fremstu á-
hugamálum landsstjórnarinnar.

Viðvikjandi stærð skipsins, skal jeg geta
þess, að það kom fram í gær í hv. Nd.,
að það væri ekki heppilegt að binda það
við ákveðna lestatölu, því vel mætti það
vera, að hægt væri að fá skip, er væri
1000 til 1300 smálestir að stærð og fært
til Ameríkuferða fyrir hlutfallslega betra
verð en hið stærra. Og sá munur gæti
verið svo mikill, að hagfeldara væri að
kaupa minna skipið.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hefi haft
þann heiður, að eiga sæti í samgöngu-
málanefnd hv. Ed., og í samvinnunefnd
beggja deilda um samgöngurnar.

En það er nú komið svo, að jeg á ekki
lengur fullkomlega samleið með hv. með-
nefndarmönnum mínum.

Það er til orðtak, sem segir „hingað og
ekki lengra“, og mjer er svo farið, að
mjer hefir alt af verið hætt við að sundla,
er jeg fer mjög hátt; það er líklega svo
mikið af jarðefni í mjer, og er því illa
lagður til þess að fljúga upp til skýja.

Mjer finst, að þegar hv. Alþingi er buið
að samþykkja að kaupa eitt strandferða-
skip, þá væri nóg komið, er einu milliferða-
skipi væri aukið við, en að ganga lengra,
og fara jafnvel að kaupa mörg millilanda-
skip, finst mjer bera meiri keim af ung-
æðisskap og fljótræði en af skynsemi og
rökum.

Jeg skal játa það, að þetta hefir má ske ekki
mikla þýðingu, þótt einstöku þingmenn sje
að tala um að kaupa mörg skip, því að
það sje ekki hætta á því, að landsstjórn-
in fari að ganga svo langt í því efni.

En mjer finst það vera með öllu ótil-
hlyðilegt, að vera að láta það í ljós, sem
ekki er vilji þingsins, en að eins gaspur
og skvaldur úr einstöku mönnum. Og
mjer finst það ósiðlegt og óeðlilegt í

Millilandaskip.

hæsta máta, að ætlast til þess, að landsstjórnin hlaupi eins og skopparakringla eftir öllum uppþyrlunum og hugsunarhringli einstakra angurgapa.

Jeg vil taka það fram, að jeg óska þess, að landsstjórnin noti heimildina til að kaupa eitt skip, og jeg kys miklu fremur, að hún kaupi skip heldur en leigi, vegna þess að jeg tel það hagnað.

En landssjóður á ekki frekar að „spekule- lera“ í skipakaupum.

Háttv. framsm. (S. E.) talaði með frv. (*Sigurðnr Eggerz*: Jeg átti aðallega við eitt skip). Það gleður mig að heyra.

Það er rjett, að einstakir menn hafa minna fje að jafnaði til stórskipakaupa en landsstjórnin hefir nú, og miuni tryggingu fyrir lánsfje; en einstakir menn hafa óskiftari vilja, og sterkari hvöt til þess að ráðast í skipakaup en hægt er að búast við, að landsstjórnin hafi.

Þessir menn geta beitt kröftum sínum óskiftum að málinu; þeim verður verkið ljettara og kostnaðarminna en landsstjórninni.

Jeg gæti ekki hugsað mjer, að nein landsstjórn hefði t. d. getað gengið í fótspor Thors Jensen. Jeg býst ekki við, að vjer verðum nokkurn tíma svo heppnir að fá slíka landsstjórn, og vita þó allir, að þessi mikilsmelni maður, sem jeg nefndi, byrjaði bláfátækur. Áhugi og áræði einstakra manna, er miklu meira en hjá nokkurri landsstjórn, og þeir geta verið margfalt áræðnari í gjörðum sínum og því, ef hepnir er með, verður árangur og ágóði þeirra meiri en ef fjelög eða opinberar stofnanir gangast fyrir því.

Jeg hirði ekki um að fara lengra út í málið, en skal endurtaka það, að jeg get ekki gengið lengra en að keypt sje eitt millilandaskip.

Mjer finst það vera ábyrgðarhluti að fella frv., og mun því sitja hjá og ekki greiða atkvæði. Jeg vona að hæstv. stjórn

hagi sjer skynsamlega og kaupi eitt skip, en gjörist ekki leiksoppur í hendi einstakra fjárbrallsmanna.

Hannes Hafstein: Bæði í þessu frv. og 2 öðrum frv., sem hafa verið hjer á dagskrá í dag og deildin hefir þegar samþykkt, er gjört ráð fyrir allmiklum lán- tókum landssjóði til handa.

Með þessu frv. er landsstjórninni heimilað að kaupa eitt eða fleiri millilandaskip og taka lán til þess. Í frv. um ýmsar ráðstafanir út af Norðurálfuófriðnum er ætlast til þess, að landsstjórnin taki lán, til þess að kaupa allskonar varning, og enn fremur á landsstjórnin að taka lán til þess að kaupa eimskip til strandferða og kaupa á strandferðabátum.

En jafnframt því, er Nd. ætlast til þess, að landsstjórnin taki öll þessi lán er hún í öðrum lagasmíðum sínum samtímis að girða fyrir það, að peningalindirnar, innlendu bankarnir, sem að þessum lántökum verða að stuðla, geti komið að notum í þessu efni. Jeg á við breytinguna á frv. um aukinn seðlaútgáfurjett Íslandsbanka, sem jafnframt átti að koma Landsbankanum að liði.

Undarlegt tímanna tákn má það heita, að samtímis því, er hv. Nd. samþ. ráðstafanir, sem vafalaust gjöra nauðsynlegt að nota til þeirra að miklu leyti fje það, sem íslensku bankarnir eiga á vöxtum erlendis, ætlast hún til þess, að sömu peningarnir sje jafnframt notaðir til þess að kaupa fyrir þá útlenda peningaseðla, eða annan útlendan gjaldmiðil til sívaxandi innan- landsviðskifta.

Það er sem sje alveg víst, að þegar landið fer að kaupa þessi nýju skip, og vörur frá Vesturheimi, þá verður litið svo á, að verið sje að keppa á móti dönskum gufuskipafjelögum og danskri verslun, og eftir fenginni reynslu má fullyrða, að undir þeim kringumstæðum vilja dönsku

Millilandaskip.

bankarnir — og um aðrar peningalindir erlendis er ekki að tala, meðan stríðið stendur yfir — ekki leggja fram rekstursfjeð, án þess íslensku bankarnir taki að minsta kosti verulegan þátt í fjárframlögnum, eða mestmegnis beitist fyrir því, að leggja fram fjeð.

En ef bankarnir eiga að vera færir um slíkt, þá má ekki jafnframt taka fyrir kverkar þeirra, og gjöra þá gjaldmiðilslausu innalands.

Jeg ætla mjer ekki að leggja orð í belg í umræðunum um það, hvort kaupa eigi eitt eða fleiri skip landssjóði til handa til aðflutninga. Jeg vildi geta stutt að því með atkvæði mínu, að keypt yrði að minsta kosti eitt skip, vegna hins sjerstaka ástands, sem stríðið skapar, þó að landssjóðsútgjörð sje ekki æskileg nje gróðavænleg fyrir landssjóðinn. En til kaupanna þarf fje, og það er þýðingarlaust að samþ. allskonar fjárgreiðslu úr landssjóði, nema því að eins, að landssjóði sje jafnframt sjeð fyrir möguleikum til þess að fá fjeð handbært.

Það er ekki til neins að gefa með annari hendi en taka jafnframt aftur með hinni það, sem gefið er. Það er litil meinabót í því að samþykkja, að gjöra megi eða gjöra skuli hitt og þetta, ef jafnframt er girt fyrir, að mögulegt sje að koma því í framkvæmd.

Magnús Torfason: Það er svo með þetta mál, sem önnur, er ófriðinn snerta, að Alþingi verður að kasta öllum áhyggjunum upp á stjórnina.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er að eins heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa skip, og það vegna þess, að svo er litið á, sem skipakaup felist ekki í þeim almennu ráðstöfunum, er þegar hafa verið gjörðar.

Jeg felli mig betur við, að frv. útiloki það ekki, að landsstjórnin geti keypt fleiri en eitt skip, ef hún telur þess þörf, en þar fyrir má ekki skoða það svo, sem jeg með atkvæði mínu vilji endilega vera með því, að landsstjórnin kaupi tvö skip, eða ýta undir að svo verði gjört. Landsstjórnin verður að ráða fram úr því á eigin ábyrgð.

En jeg verð að leggja áherslu á það, að landsstjórnin vindi bráðan bug að skipakaupunum, því ef það er gjört, eru líkur fyrir að skipakaupin borgi sig, en ef það er dregið á langinn, þá eru líkur fyrir að kostnaðurinn verði meiri. Hjer á það við: „Það sem þú gjörir, gjör þú skjótt“.

Í tilefni af ræðu hv. 4. landsk. þm. (G. G.) vil jeg taka það fram, að fyrir alla, er hafa lesið annað en um orustur í styrjöldum á Norðurlöndum, er það fullkomlega ljóst, að leiga og farmgjöld á skipum hækka stórum á öllum ófriðartímum, og að þessi hækkun helst nokkuð lengi eftir hvern ófrið. Og þar sem hjer er um óendanlega meiri og stærri ófrið að ræða en nokkru sinni fyr í heimssögunni, þá eru allar líkur til, að hækkunin haldist lengi, svo ef að landsstjórnin vindur bráðan bug að skipakaupunum, þá gæti það tæplega orðið til tjóns.

Það sem mjer þykir að þessu, er það, að það hefir ekki verið gjört fyrir löngu, því þá hefðum við staðið miklu betur að vígi. En jeg vil ekki sakast um orðinu hlut, og fráfarandi landssjórn er vorkun, þótt hún hafi eigi hrundið þessu máli áfram, því hana vantaði það er þurfti, alment þingtraust að baki sjer.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Jeg skal ekki vera langorður. Jeg vildi að eins gjöra örstutta athugasemd.

Mjer þykir leiðinlegt hve hv. 4. landsk.

Millilandaskip.

þm. (G. G.) liggja þungt orð til frumvarpsins. Jeg hygg að hv. þm. þurfi ekki að óttast, að landsstjórnin kaupi fleiri en eitt skip fyrst um sinn. En það er einlæg ósk mín, eins og hv. þm. Ísf. (M. T.) tók rjettilega fram, að þessi kaup verði gjörð sem allra fyrst. Og varla býst jeg við, að meira en eitt skip verði keypt til millilandaferða nú í bráðina. Jeg er sannfærður um, að treysta má landsstjórninni til þess, að misbrúka ekki þá heimild, sem henni er veitt með þessu frv. Fari hins vegar svo, að landsstjórninni þyki þurfa að kaupa fleiri en eitt skip, þá er sú heimild auðvit- að sjálfögð. Jeg vil þess vegna mæla eindregið með því, að stjórnin gengist sem allra fyrst fyrir kaupum, að minsta kosti, á 1500—2000 tonna skipi.

Jeg vil taka það fram, áður en jeg lýk máli mínu, að þó að landsstjórnin ráði farstjórn skipanna, samkvæmt frv., þá er fastlega til þess ætlast af samgöngumálanefndinni, að eimskipafjelagsstjórninni verði falið að reka útgjörðina eða hafa farstjór- nina með höndum, enda hefir eimskipafje- lagsstjórnin heitið nefndunum því.

Nú rjett í þessu hefir mjer borist til eyrna, að eimskipafjelagsstjórnin hafi keypt nýtt skip, sem heitir Lagarfoss, og er ástæða til að gleðjast yfir því.

Kristinn Daníelsson: Það er að eins örstutt athugasemd.

Jeg vil mæla eindregið með því, að frv þetta nái fram að ganga, þótt jeg hefð heldur kosið, að það hefði verið samþ eins og það var orðað á þgskj. 86. Þv, að jeg er í raun og veru mótfallinn því að landssjóður kaupi fleiri en eitt skip, það er að segja, að jeg tel ekki, að hann eigi að fjörast rekandi skipaútgjörðar. En þeirri ósk minni vil jeg lýsa hjer í

hæstv. deild, að landsstjórnin gjöri alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að greiða fyrir samgöngum vorum á þessum tímum. Að lokum vildi jeg svo óska, að tíniinn yrði ekki frekar tafinn með löngum um- ræðum um frv., heldur að það yrði sanþ. af hinni hæstv. deild, eins og það liggur nú fyrir.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg tók það fram áður, að ef gjört væri mikið að skipakaupum, þyrfti mikið fje. Og það á illa við, að aukin sje útgjöld landssjóðs, sama daginn og tekjulindir hans eru styfl- aðar, eða rjettara sagt hjálparmeðlum hans kipt í burt, eins og hv. 1. landsk. .n. (H. H.)tók fram. Jeg tel rjettast, að aka hjer skynsamlega seglum eftir vindi. Annars vil jeg taka undir það með hv. 2. þm. G.-K. (K D.), að jeg er mjög óánægður með frammi- stöðu hv. Nd. í þessu máli. Jeg vildi helst, að frv. hefði náð fram að ganga í sömu mynd og það var upphaflega frá sam- vinnunefndinni.

Eitt er enn ótekið fram viðvikjandi þessu máli. Það er um farstjórnina. Við höf- um skriflegt og munnlegt tilboð frá stjórn Eimskipafjelagsins um, að hún vilji taka að sjer farstjórn á þessu *eina* skipi, strand- ferðaskipiou. En það er ekki þar með sjeð, að hún mundi vilja annast farstjórn *margra* landssjóðsskipa, sem yrðu keipi- nautar Eimskipafjelagsins. Að minsta kosti er valt að treysta því. Það er alt öðru máli að gegna með strandferðaskipið, sem mundi verða fjelaginu til stórhagnaðar.

Eggert Pálsson: Hver stundin er nú orðin dýrmæt, og skal jeg ekki halda langa ræðu. Jeg vildi að eins gjöra stuttlega grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. En hún er í stuttu máli þessi, að jeg get

Millilandaskip.

ekki greitt frv. atkv. mitt. Mjer finst í ofmikið ráðist með því, að veita landsstjórninni heimild til að kaupa mörg skip. Vjer höfum hjer eitt skipafjelag, sem vjer viljum styrkja, og mjer finst það fara nokkuð í öfuga átt við þennan vilja, að landsstjórninni sje heimilað að kaupa mörg skip, sem auðvitað yrðu keppinautar Eimskipafjelagsins. Hitt list mjer miklu nær, að vjer tækjum drýgri þátt í fjárframlögum til Eimskipafjelagsins, svo að það gæti keypt tvö skip nú þegar til viðbótar við þetta eina skip, sem eftir er. En nú er það of seint að breyta um stefnu eða aðferð í þetta sinn. Í þessu máli eru nú þrjár leiðir fram undan, sem sje, að vera með því, eða móti, eða láta það afskiftalaust, greiða hvorki atkv. með því eða móti. Og þann kostinn ætla jeg að taka.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Það er hreinn og beinn misskilningur, að við viljum fara í bág við hagsmuni Eimskipafjelagsins með því, að heimila landsstjórninni að kaupa fleiri en eitt skip. Og við höfum átt fund með eimskipafjelagsstjórninni, þar sem hún játaði, að skipakaup landssjóðs færu eigi í bág við hagsmuni sína. Við höfum því fengið játningu hennar fyrir því, að hjer sje ekki um æina samkepnir að ræða, af hálfu landssjóðs. Jeg býst líka við, að menn muni líta svo á, að hagsmunir Eimskipafjelagsins sje hagsmunir landsins í heild sinni. Frá sjónarmiði Eimskipafjelagsins getur þess vegna ekkert verið, sem mæli á móti þessum skipakaupum.

Líka komst það til tals í nefndinni, að Eimskipafjelagið keypti skipið. En það þótti ekki aðgengilegt, því að ef svo færi, að skip fjellu í verði, yrði erfiðara fyrir

það að bera tjónið, heldur en landssjóð.

Þetta mál þyrfti að vera afgreitt með sem flestum atkv. í báðum deildum, svo að stjórnin yrði því öruggari til skipakaupa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 6 síðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 152).

Afbrigði frá þingsköpum leyfð og samþ.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Jeg fjekk tækifæri til að taka fram flestar ástæður fyrir frv. þessu við fyrstu umr. málsins, og sje því eigi ástæðu til að lengja umr. nú, bæði vegna þess, að tími þingsins er orðinn svo naumur, og jafnframt vegna þess, að jeg ber fult traust til hinnar heiðruðu deildar, að hún láti frv. ná fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
2., 3., 4., 5. og 6. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

Millilandaskip.

Á 20. fundi í Ed., sama dag, kl. 9 síð-
degis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 152).

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 samhlj. atkv. og
afgreitt -

Afbrigði leyfð og samþ.

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 183).

Enginn tók til máls.

B.

Frumvörp, feld eða vísað til stjórnarinnar.

Þingmannafrumvörp.

Sildarútlutningsgjald.

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 6 síðdegis, var útbýlt

Frv. til laga um útlutningsgjald af silki,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 162).

Förseti leitaði leyfis til afbrigða frá þing- sköpunum, um að taka frv. þegar til 1. umr.

Afbrigðin leyfð og samþykkt.

Magnús Torfason: Þetta mál er eitt af stórmálum þingsins; en því miður er tíminn alt of stuttur fyrir hv. Ed., að athuga það eins og þyrfti. Ekki einu sinni timi til að athuga það í nefnd. Jeg get lýst því yfir, að jeg er stefnu frumvarpsins algjörlega samþykkur. Jeg skil, að það vaki fyrri þinginu, að það þurfi talsvert að leggja af nörkum til að fylla upp í skarð það, sem vjer höfum í dag höggið í lands- sjóðinn. Og þá vakir og hitt ekki síður fyrir oss, að stuðla að því, að sildarút- vegurinn verði sem innlendastur. Og jeg hyg, að jeg hafi eins næma tilfinningu

eins og aðrir fyrir þessu hvorutveggja. En þó að jeg vilji ekki vera þröskuldur í vegi þessa máls, verð jeg að líta svo á, að þetta sje svo mikið stórmál, að var- hugavert sje að samþykkja það svona undirbúningslitið á þessu aukapingi. Á því eru hliðar, sem vita að útlöndum, sjer- staklega Noregi; en að sambandi við það land er oss mesta hagræði. En aftur á móti er útlit fyrir, að Norðmönnum sje ekki sambandið við oss Íslendinga neitt áhugamál. að öðru en útvegssambönd þeirra og sildveiðar snertir. Ber þar raun vitni, að Björgvinjarskipin ætluðu að hætta Íslands- ferðum sínum síðastliðið ár.

Það er kunnugt, að ýmsir af mönnum, sem þennan útveg reka, hafa töluvert samband við Noreg. Þanta þeir þaðan sildarnætur, báta, tunnur o. fl., og geta ekki verið án þessara sambanda. Tala jeg í þessu efni sjerstaklega fyrir hönd Ísfirðinga, enda sennilegt, að þeirra við- skifti við Noreg sje tiltölulega meiri en annara veiðistöðva. Jeg tel því talsvert varhugavert, að samþykkja frumvarpið nú, en ekkert hættulegt þótt frestað sje til næsta alþingis; alhægt að samþykkja það á

Sildarútflutningsgjald.

næsta þingi, áður en ein einasta sildar-
tunna yrði flutt út úr landinu. Mjer virð-
ast þau úrslit málsins eðlilegust og rjett-
ust, að fela það stjórninni, sem vjer ber-
um fult traust til, til undirbúnings undir
næsta þing.

Jeg tek það aftur fram, að jeg vil ekk-
ert láta liggja í þessari tillögu minni, sem
bendi á, að jeg sje á móti stefnu frum-
varpsins. Samkvæmt þessu leyfi jeg mjer
því að afhenda svofelda rökstudda dag-
skrá:

„Með því að deildinni þykir varhuga-
vert að samþykkja lög um þetta mál nú
á aukapinginu, skorar hún á stjórnina, að
undirbúa frv. í þessa átt til næsta
reglulegs Alþingis, og tekur fyrir næsta
mál á dagskrá“.

Kristinn Danielsson: Af því að jeg
var einn í sjávarútvegsnefndinni, sem þetta
frv. er frá, þá stend jeg nú upp til að
segja fáein orð. Nefndin komst eftir ræki-
lega ihugun að þeirri niðurstöðu, að rjett
væri, að málið næði fram að ganga á þessu
þingi. Hitt er einnig rjett, sem háttv. þm.
Ísf. (M. T.) sagði, að timinn væri stuttur,
sjerstaklega fyrir Ed., að athuga og ræða
málið. En það gleður mig þó að heyra,
að hann er ekki með öllu mótfallinn frv.,
og jeg vona ekki heldur jafnvel, þótt það
ætti að ná fram að ganga á þessu þingi.
Það er einnig rjett tekið fram, að það
var brýna þörfin á auknum tekjum fyr-
ir landssjóðinn, sem miklu rjedd hjá
sjávarútvegsnefndinni, en lika það, að
vernda innlendan sildarútveg fyrir út-
lendum yfirgangi; því það eru allar
horfur á, að hann sje að verða undir,
ef sama heldur áfram, sem nú gjörist.
Hitt alt, hver hætta af þessu frv. gæti
stafað eða óhagræði frá viðskiftum við
önnur lönd, hefir sjávarútvegsnefndin at-
hugað, en þótt hún vildi alls eigi gjöra
lítið úr því, þótti henni það ekki svo þungt

á metunum, að hún þess vegna sæi ástæðu
til að gefast upp við málið. Hafði hún
og til ráðuneytis með sjer nokkra stærstu
og helstu útgjörðarmenn, sem álitu að
einnig mundi lækt að yfirvinna hina mestu
örðugleika, sem af þessu kynnu að stafa,
t. d. tunnuleysið og fleira, sem nefnt hefir
verið.

Þá kom og til ihugunar, hvort ekki væri
tiltækilegt að fresta málinu til næsta þings;
og hvort það kæmi eigi að eins fullum
notum á þann hátt; en það þótti þó
dregilegra, einkum gagnvart Norðmönnum,
um, að koma frv. fram nú þegar, heldur en
að gjöra það rjett áður en veiðitími væri
byrjaður.

Um leið og jeg vildi lýsa yfir þessari
niðurstöðu sjávarútvegsnefndarinnar —
hefði jeg kosið að drepa á ýms fleiri at-
riði máls þessa, sem nauðsyn væri á að
rætt væri rækilega. En með því að eng-
inn tími er nú til að hafa langar umræð-
ur, læt jeg sitja við þessar fáu athugasemd-
ir.

Magnús Kristjánsson: Mjer virðist
þessi till. um rökstadda dagskrá nokkuð
snemma á ferðinni, meðan málið er ekki
rætt. Vil jeg fyrst benda á, að sjávarút-
vegsnefndin leit svo á, að eitthvað bæri
að gjöra, til þess að verjast sívaxandi yfir-
gangi útlendinga, sem útveg þennan stunda,
og fanst þetta heppileg leið. En að minu
áliti gæti ýmislegt fleira komið til álita,
sem mætti íþyngja þessum mönnum með
á annan hátt. En sökum þess, hversu
timinn er naumur sje jeg ekki ástæða til
að fara út í það.

Annað atriðið er það, að það virðist
vera brýn þörf á því, að auka tekjur lands-
ins, og þá vandfundinn hentugri tekjustofn,
er lægi nær en þessi, því árið 1915 mun
frámleiðslan hafa verið 350,000 tonnur.
En frá árinu 1916 liggja ekki glöggar
skýrslur fyrir; en það er fullyrt, að þrátt

Sildarútflutningsgjald.

fyrir hinar mörgu tálmanir Englendinga og hindranir, hafi þó framleiðslan verið 150,000 tonnnum meiri það ár. Og engum dettur í hug að gjöra ráð fyrir, að minna muni veiðast en 500,000 tonnur næsta ár, ef alt fer með feldu. Er þá hægt að reikna, hvað miklar tekjur landskjóðs yrðu af því: og öllum kemur sam- an um þörf hans fyrir tekjurnar.

En það er annað, sem þarf að taka fram. Það var annað frumvarp í Nd. samferða þessu frumvarpi, og sem átti að verða því samferða. Þau áttu að fylgjast að og hljóta að fylgjast að.

Það er óverjandi, að innlendir menn eigi að greiða sama toll og útlendir. Mjer er ókunnugt um, hvernig á því stendur, að hitt frumvarpið hefir dregist aftur úr, og kemur því hik á mig, hvað langt jeg á að fylgja þessu.

Það hefir orðið nokkur ágreiningur, bæði í þessari deild og neðri deild, hvora aðferðina eigi að hafa, að afgreiða frv. nú eða á næsta þingi. Jeg held, að það sje nokkuð sama hvor aðferðin er höfð, og jeg held, að þessi ótti við nágrannaþjóðirnar sje ástæðulaus. Hvaða ástæða getur verið fyrir aðrar þjóðir, að blanda sjer inn í þetta mál, sem ekki er neitt utanrikismál, heldur algjörlega innanrikismál, sem snertir einstaka þegna og einstaka menn? Getur nokkur minsta ástæða verið fyrir því, að ein þjóð neiti viðskiftum, eða gjöri úr því meiri rekistefnu, þó að nokkrir þegnar hennar stundi sildarútveg í landi, þar sem útflutningstollur er lagður á sild, sem aðalatvinnugrein og tekjustofn landsskjóðs? Álit jeg, að slíkur hugsunarháttur geti leitt þingið út á brautir, sem ekki eru heppilegar. Hvaða ástæða ætti að vera fyrir því, að þeir neiti um vörur til framleiðslunnar? Auk þess, sem þetta hefir breytst þann veg, að vörur þessar hafa verið teknar frá öðrum löndum, Svíþjóð og Danmörku, þá hafa þær fengist frá

Bretlandi. Og þó að svo væri, að oss yrði neitað um ýmsa vöru frá Noregi, ætti oss að liggja það í ljettu rúmi, því að það er svo ákaflega margt, sem mælir með því, að þetta mál nái fram að ganga.

Háttv. þm. Ísf., (M. T.) sem lagði fram dagskrána, hjelt því fram, að leikur væri að afgreiða málið á næsta þingi. Það yrði þá að gjöra strax í þingbyrjun, því annars væri það eigi nema vindhögg, ef það væri ekki gjört fyr en í þinglok. Og landið tapaði að minsta kosti 1 miljón króna tekjum. Mönnum blöskrar ekki að tala um miljón á seinni tíð, en þó er þetta upphæð, sem við getum ekki vel verið að sleppa tækifærinu til að fá í landsskjóðinn, enda væri það lítt verjandi.

Jeg býst við, að ýmsir eigi eftir að taka til máls, og fer það eftir undirtektum, hvort jeg finn ástæðu til að taka aftur til máls.

Jeg vil ekki gjöra mjer málið að kappsmáli, ef það er einlægur ásetningur deildarinnar að láta það ná fram að ganga á næsta þingi, og að þetta sama takmark náist þá. En það á kann ske síður við, að geta þess við þessa umræðu.

Jeg hefi orðið var við óánægju hjá nokkrum mönnum út af því, að eigi sje goldin 2% af tollinum í innheimtulaun, eins og áður, heldur að eins 1%. Af því að hækkinun sje, segja þeir, að innheimtan verði meiri. En það má með sama sanni segja, að af því að tollurinn er meiri, verða og innheimtulaunin meiri, þótt ekki sje nema 1%.

Enn þótt jeg telji algjörlega hættulaust að samþykkja frv. þetta, getur verið, að það sje ekki bráðnauðsynlegt, ef það nær fram að ganga á næsta þingi.

Halldór Steinsson: Háttv. meðnefndarmenn mínir hafa, síðan jeg bað mjer hljóðs, tekið fram flest af því, er jeg vildi sagt hafa, en úr því jeg stóð upp, þá vil

Sildarútflutningsgjald.

jeg taka það fram, að jeg mun greiða atkvæði með frv.

Sildveiði hefir aukist stórum síðari ár-in hjer við land. Aðallega eru það Norðmenn, en þó einnig Íslendingar, sem hafa ausið miljónum króna úr sjónum, og er það mikill auður, sem að mestu hefir lent hjá útlendingum, því að þeir eiga hægari aðstöðu en vjer Íslendingar.

Jeg vil ekki segja að útlendingar hafi bolað Íslendingum frá veiðunum, en það er sýnilegt, að ef jöfn áframhaldandi sókn helst áfram frá þeim, þá getur svo farið, að þeir boli oss frá veiðunum.

Jeg lit svo á, sem frv. eins og þetta hafi tvennskonar tilgang, sem sje í fyrsta lagi að bægja útlendingum frá veiðinni, og í öðru lagi að efla tekjur landssjóðs.

Jeg lit svo á, sem allar auðsuppsprettur vorar, bæði til lands og sjávar, eigi að vera fyrst og fremst fyrir oss Íslendinga. Og útlendingar mega því að eins nota auðsuppsprettur vorar, að það komi ekki á nokkurn hátt í bág við okkar eigin framleiðslu, en sildveiði Norðmanna hefir að ýmsu leyti heft framleiðslu Íslendinga á þeim sviðum, og því þarf með lögum að koma í veg fyrir slíkan ágang útlendinga hjer við land.

En þetta frv. gjörir það ekki, því að eftir því geta Norðmenn veitt hjer eftir sem áður; að eins þurfa þeir að greiða nokkuð hærri toll en verið hefir, og það er engin hættu á, að þeir fyrir það hætti veiðum hjer við land. En þessi tollur verður drjúgur skerfur til landssjóðs, svo frá þeirri hlið er frv. þarft, og frá þeirri hlið er sjálfsgagt að samþykkja það.

Það hefir sjálfsgagt vakað fyrir nefndinni, að styggja ekki Norðmenn fremur en aðrar þjóðir á þessum ófriðartímum, með því að hafa tollinn hærri, og það kann að vera rjett.

Jeg vil taka það fram, að jeg skoða þetta frv. að eins sem byrjun í þá átt, að

hefta ágang útlendinga hjer við land, og að ekki er farið lengra, sje eingöngu gjört vegna hinna erfiðu tíma, er vjer nú eigum við að búa. En þegar stríðið er um garð gengið og jafnvægi kemst aftur á viðskiftalífið, tel jeg sjálfsgagt, að við færum okkur upp á skaftið og tollum sildina hærri, svo að við getum náð þeim tilgangi, að bægja útlendingum frá þeirri veiði hjer við land, og Íslendingar fái í næði, einir að búa að sínu.

Magnús Torfason: Mjer lýst svo, að alt það, sem hinir hv. ræðumenn hafa sagt, miði að því, að það sje rjett, er jeg hjelt fram, að sjálfsgagt væri að fresta máli þessu.

Jeg get undirskrifað flestar almennar ástæður, er háttvirtir þingmenn hafa fært fram í máli þessu, en málið horfir alt öðruvisi við, þegar ófriður geisar yfir Norðurálfu, og miklu erfiðara er um alla aðdrætti til landsins en á friðartímum, þegar við getum verslað, hvar sem við viljum, eða við allan heiminn.

Taka vil jeg það fram, að enginn hv. þm. hefir sýnt fram á, að neitt tapaðist við það, þótt mál þetta biði næsta þings, og í því sambandi vil jeg lýsa því yfir, að ef landsstjórnin leggur, eftir nána athugun, frumvarp um þetta fyrir næsta Alþingi, þá vil jeg styðja það alt hvað jeg get.

Þess ber að gæta, að það er ekki búið að ræða þetta mál með þjóðinni, að minsta kosti er það alveg órætt í mínu kjördæmi, en það má vera, að það sje af því, að þar er þessi atvinnurekstur í byrjun.

Jeg verð að leggja mikla áherslu á, að jeg hefi leitað álits um þetta mál, til sildarútgjörðarmanna í mínu kjördæmi, og telja þeir frv. mjög varhugavert.

(Og það hagar svo til á Ísafirði, að þeir, sem hafa lagt mest fje í sildarútveg þar, eru mestmegnis tiltölulega fátækir menn,

Sildarútflutningsgjald.

sem lifa upp á náð bankanna, og mega því ekki við auknum kostnaði eða verulegum álögum á útgjörðina, eða neinum hnekki í þessari ótryggu atvinnugrein. Og þar sem málið getur orðið til stórtjóns fyrir einstaka menn, þá er það út af fyrir sig eitt næg ástæða til þess, að málinu sje frestað.

Jeg vil biðja hv. þingmenn að athuga það, að það eru að eins örfá kjördæmi á landinu, sem hafa óhag af þessum lögum, og jeg get vel skilið það, að ef jeg væri þm. Snæfellinga, þá yrði mjer starsýnt á miljónina, sem hjer er um að ræða, og að mjer yrði jafnvel of starsýnt á hana. Það gæti því verið, að fulltrúar hinna hjeraðanna ósjálfrátt væru ekki alveg óvilhallir dómendur þessa máls, að því eigi betur athuguðu.

Dagskrá sú, er jeg hefi borið fram, kemur ekki í veg fyrir það, að þau kjördæmi, er vilja moka til sin fje af sjávarafila annara kjördæma, fái vilja sínum framgengt, því hún fer að eins fram á frestun á málinu.

En þegar sjávarhjeruðin bera allan aðalþungann af opinberu framkvæmdunum, þá vil jeg, að þau sje metin svo mikils hjer á hv. Alþingi, að þau sje ekki svift framkvæmdaraflí sínu. Miklu fremur ætti hitt að vera, að hv. Alþingi hjálpaði til að gjöra þau enn öflugri og þróttmeiri, svo þau geti borið sem mest af landsbyrðinni.

Það er sagt hjer, að erlendar þjóðir muni ekki blanda sjer í innanlandsmál vor. Þetta tel jeg rjett, en þær munu hins vegar taka til sinna ráða.

En jeg tel ekki rjett að fara langt út í það mál. Jeg tel best fara á því, að sem varlegast sje talað um öll mál, er að útlöndum vita, og jeg get því ekki sagt neitt verulegt af því, sem mjer býr í brjósti.

Þó get jeg minst á eitt atriði, af því að því hefir áður verið hreyft opinberlega,

og vil jeg þá minna hv. þingheim á það, að það er til nokkuð, sem heitir timburtollur.

Við vitum að nú er timburekla. Við megum ekki miða alt við Reykjavík; við verðum líka að miða við okkur þarna norður á Hornströndum, og jeg get skýrt frá því, að þar hefir verið svo mikil timburekla, að það hefir traudla verið hægt að fá rafta til að refta með fjárhúskofa. Timburtollur gæti því komið óþægilega við.

Mjer finst það því í meira lagi óvarkárt, að óræddu og óathuguðu máli, að ætla að þína þetta mál gegn um þingið.

Það var áðan minst á innheimtulaunin, og sagt, að sumir innheimtumenn væru óánægðir yfir því, að innheimtulaunin væru lækkuð úr 20% niður í 10%. Jeg vil algjörlega afbiðja mjer allar aðdróttanir um, að jeg liti öðruvísi á mál þetta, vegna þessa ákvæðis. Í sambandi við þetta, skal jeg skýra frá því, að jeg hefi afsalað mjer allri dýrtíðaruppbót, og má þó öllum ljóst vera, að störf mín hafa aukist mjög, en launin minkað sökum ófriðaðins.

Hv. þm. Ak. (M. K.) gat þess, að frv. um verðlaun fyrir útflutta síld, væri eigi enn gengið gegn um hv. Nd. Jeg hefi spurt um ástæðuna að þessu, og mjer sagt að dráttur þessi stafi af því, að hv. Nd. vilji færa tjeð frv. til betra máls, og gjöra það aðgengilegra. En jeg tel samt allan varann bestan. En vegna þess að mál þetta, sem er nátvinnuð þessu máli, er eigi enn komið til deildarinnar, þá tek jeg dagskrána aftur, en geymi mjer rjett til að koma með hana síðar.

Sigurður Eggerz: Vitanlega er öllum málum hraðað svo mjög nú á þinginu, að það er með öllu ómögulegt fyrir þessa hv. deild að bera ábyrgð á þeim.

Jeg er yfirleitt mótfallinn tollum á allri framleiðslu, en hjer er vitanlega nokkuð öðru máli að gegna, því að þessi tollur kem-

Sildarútlutningsgjald.

ur að mestu leyti niður á útlendingum, og það er rjett, því að þeir græða miljönr á sildveiði hjer.

Jeg fæ ekki sjeð, að það sje nein ástæða til að fresta þessu máli. Við þurfum að fá fje, því þetta þing hefir verið að mun stórtækara en nokkurt annað þing.

Hvað snertir hræðslu þá, er hjer hefir komið fram, um að útlendingar mundu beita oss einhverjum þrælatökum, þá hygg jeg þá hræðslu með öllu ástæðulausa. Enda væri það tvisýnn hagnaður fyrir Norðmenn að gjöra svo, því við getum hækkað tollinn enn meir, og Norðmönnum er meiri hagnaður en svo að sildveiðum sínum hjer við land, að þeir vilji hætta þeim.

Hv. þm. Ísf. (M. T.) vildi tala með mikilli varúð um þetta mál, vegna þess, að það varðaði oss út á við. Vitanlega er rjett að fara gætilega, en karlmenskunni verður þó að ætla eitthvert rúm, og of mikil hræðsla held jeg, að það sje hjá hv. Alþingi, ef alveg á að sleppa eins sjálfsögðum tolli og sildartollinum. Satt að segja held jeg að okkur standi meiri hætta af deiglunni, sem í oss býr, heldur en af karlmenskunni og áræðinu.

Magnús Kristjánsson: Það er að eins örstutt athugasemd, er jeg vildi gjöra.

Hv. þm. Snæf. (H. St.) áleit að þessi leið væri eina örugga leiðin til að hægja burtu hjeðan veiðum erlendra manna, og jeg lit svo á, að þetta sje besta og eina færa leiðin, en þó ekki með þessari tollupphæð. Til þess að það náist, verður tollurinn að vera margfalt hærri, (*Halldór Steinsson:* Við erum sammála) eins og verðlag er nú á sild. En ef verðið lækkar stórum aftur, og verður eins og slundum var áður fyrir ófriðinu, þetta 15—20 kr. á sildartunnu, þá er þetta hár tollur, svo hár að hann nálgast það, að það sje ókleift að reka þennan atvinnuveg.

Það geta því allir sjeð, að það er nauðsynlegt, að bæði þau frv. um sild, er nefndin hefir mælt með, verði samferða. Og jeg vil ekki afgreiða þetta frv. frá deildinni, nema því að eins, að vissa sje fyrir því, að hitt frv. nái jafnframt fram að ganga.

Hv. þm. Ísf. (M. T.) virtist taka sjer nærri það, sem jeg sagði um innheimtulaunin, en jeg vil frábiðja mjer, að jeg hafi verið með nokkrar getsakir, hvorki í hans garð nje annara. En það er satt, að jeg hefi orðið var við óánægju yfir því, að innheimtulaunin eru hjer að eins 1⁰/₁₀, og hv. þm. Ísf. (M. T.) má vita það, að ekki eru allir jafn óággjarnir sem hann. Undantekningar eru til frá allri reglu.

Jeg vænti þess, að hv. þm. Ísf. (M. T.) sjái það, er hann athugar málið, að jeg móðgaði hann ekki með einu orði.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., föstudagið 12. janúar, kl. 9 síðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 162).

Afbrigði leyfð og samþ.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
2., 3., 4. og 5. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Fr. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Sildarútflutningsgjald.

Á 21. fundi í Ed., sama dag kl. 10¹⁰ síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 162).

Afbrigði frá þingsköpum leyfð af ráðherra, og samþ. af deildinni með 11 samhlj. atkv.

Magnús Torfason: Síðan mál þetta var hjer síðast á dagskrá, þá hefir aðstaða þess breytst svo, að jeg býst við, að hv. þm. sje nú jafnákveðnir í, að láta málið ekki ná fram að ganga, eins og þeir áður voru ákveðnir í að samþykkja það.

Mál það, um verðlaun á útfluttri sild, sem er samgróíð þessu frv., er nú fallið úr sögunni. Því hefir verið ráðið til lykta í hv. Nd. með svohljóðandi rökstuddri dagskrá :

„Með því að þetta mál verður ekki nægilega rannsakað og undirbúið til samþyktar á þessu þingi, telur deildin rjett, að fresta því til næsta þings, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Við sjáum því, að lög um verðlaun fyrir útflutta sild leika alveg í lausu lofti, og það er ekki einu sinni vikið að því með einu orði í dagskrá Nd., að landsstjórnin eigi að hafa neinn undirbúning á þessu máli undir næsta Alþingi.

Síðan mál þetta var hjer síðast á dagskrá, hafa mjer borist mótmæli frá 28 sildarútvegsmönnum á Ísafirði, gegn því, að frv. þetta nái fram að ganga, og lögð afarmikil áhersla á það. Eru það allir sildarútvegsmenn þar, er jeg man nú í svip eftir. (*Halldór Steinsson:* Eru það allt sildarútvegsmenn?) Já. (*Sigurður Eggerz:* Eru mótmælin pöntuð?) Jeg vil alvarlega vísa á bug öllum slikum aðdróttunum; en jeg spurði kjósendur þar um afstöðu þeirra til málsins, og þetta er svar þeirra, án þess, að jeg hafi haft hin minstu

afskifti um meðferð þeirra á málinu, enda hefi jeg haft öðrum hnöppum að hneppa nú í þingannrikinu.

Jeg ber það traust til hæstv. Ed., að hún láti ekki slik lög sem þessi, ná fram að ganga. Lög, sem meira en tvöfalda gjöld á þessari afurð landsins, lög, er koma mjög orjettlátlega niður, þar sem alt, er þarf til útgjörðarinnar, hefir hækkað afskaplega, og tiltölulega miklu meira en önn. að. T. d. hafa sildarnætur nær þrefaldast í verði, og hækka nær daglega.

Jeg vil ekki þreyta hv. Ed. með lengri ræðu, en leyfi mjer að afhenda hæstv. forseta þá rökstuddu dagskrá, er jeg tók aftur í dag, og vænti þess, að hæstv. Ed. samþykki hana. Hún hljóðar svo:

Með því, að deildinni þykir varúðarvert að samþykkja lög um þetta mál nú á aukabínginu, skorar hún á stjórnina að undirbúa frumvarp í þessa átt til næsta reglulegs Alþingis, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Kristinn Daníelsson: Jeg skal ekki tefja lengi hinn stutta tíma er hið háa Alþingi á eftir, en jeg vil gjöra stutta grein fyrir atkvæði minu, því jeg býst við, að það falli nú á nokkurn annan veg, en jeg ráðgjörði í öndverðu.

Hv. þm. Ak. (M. K.) gat þess, að það hefði og verið annað frv., frumvarpið um verðlaun fyrir útflutta sild til innlendra útvegsmanna, er hefði átt að fylgjast með þessu frv., og að hann mundi ekki geta greitt þessu frv. atkv., nema hitt næði fram að ganga. Það var talið sjálfsagt í sjávarútvegsnefndinni, að þau hjeldust í hendur, og annaðhvort yrðu bæði samþ. eða bæði feld.

Jeg hefi sömu skoðun á þessu, en þegar jeg talaði hjer áður um þetta mál, þá láðist mjer að geta þessa.

En nú hefir hitt frv., tviburafumvarpið við þetta, verið felt með dagskrá í hv. Nd.,

Sildarútflutningsgjald,

og treysti jeg mjer þá ekki til að greiða þessu frv. atkvæði mitt, en mun greiða atkv. með þeirri rökstuddu dagskrá, sem hv. þm. Ísf. (M. T.) bar fram.

Dagskrá sú, er líka í alla staði betri, en dagskrá sú, er hv. Nd. samþ. um verðlaunafrv., því að með þessari dagskrá er landsstjórninni beint falið að undirbúa málið undir næsta Alþingi.

Og þar sem Alþingi hefir nú rætt málið, þá mega þeir, sem hlut eiga að máli, vera búnir undir það, að málið verði afgreitt strax í byrjun næsta þings, og komi til framkvæmda fyrir veiðitímann að sumri.

Karl Einarsson: Fyrir nokkrum dögum komu tvær nefndir í þinginu sjer saman um þessi tvö frumvörp.

Og það kom mjer kynlega fyrir sjónir, að Nd. sleit verðlaunafrumvarpið frá þessu frumvarpi. Þau hefðu átt að verða samferða. Jeg skil þó eigi, að þetta þurfi að hafa þau áhrif, sem hv. 2. þm. G.-K. (K. D.) ljét í ljós. Sumir, sem vildu skilja verðlaunafrv. frá þessu í Nd., gjörðu það með þeim fyrirvara, að stjórnin legði málið fyrir næsta reglulegt þing. En þó þetta verðlaunafrumvarp næði eigi fram að ganga, þá var það þó ællun allra þingmanna, að íþyngja ekki innlendum sildarútvegi, og að málið gengi fram í sumar. Það er líka minna tjón fyrir landssjóð, að þessu frv. sje frestað, heldur en frestun á frv. um útflutningsgjaldið. En jeg álit það tæplega samandi, að setja háan toll á sildarútgjörðina, þegar hún er að byrja að sumrinu. Ef við frestum að leggja tollinn á þangað til á þingi í sumar, gjörum við útgjörðarmönnum mikinn óleik. Þeir eru þá komnir hingað með skip sín, og kemur þessi tollur alveg á óvart. Af þessu gætu þeir beðið mikinn fjárhagslegan halla. Jeg get því ekki sjeð, annað en að ógjörlegt verði, að leggja þennan toll á í sumar, ef við fellum frumvarpið nú.

Magnús Kristjánsson: Jeg stóð upp til þess að itreka það, að mjer finst, að ekki geti komið til nokkurra mála, að þetta frv. verði samþ. hjer í deildinni, úr því að verðlaunafrv. hefir verið felt í Nd. En hins vegar er það að vega aftan að mönnum, að fella frv. nú, í því trausti, að demba því yfir útgjörðarmenn þegar þeir eru að byrja sildarveiðar í sumar. Það hefir verið lítið svo á, að hv. deild yði að vera varfærin í gjörðum sínum, og bera meiri hluta ábyrgðarinnar á þeim málum, sem hjer eru afgreidd. Þetta bið jeg hv. deildarmenn að hafa jafnan hugfast. Hjer er það sómi deildarinnar, sem veltur á. Og þá er illa farið, ef okkur skyldi henda það ólán, að tilraun okkar til þess að þrengja kosti erlendra ofbeldismanna, snerist sem vopn gegn innlendum sildarútgjörðarmönnum. En það er einmitt þetta, sem jeg óttast mest. Og ef ekki koma fram lög um endurgreiðslu, mun það gjöra íslenskum sildarútgjörðarmönnum illfært að reka þennan útveg framvegis.

Jeg vil að lokum eindregið mælast til, að þetta frv. sæti sömu forlögum og verðlaunafrv. í Nd., þeim, að dagskráin verði samþ.

Halldór Steinsson: Jeg get ekki sjeð, að sóma Ed. sje borgið fyrir það, þó að við fellum þetta frv., eins og hv. þm. Ak. (M. K.) tók fram. Það litur helst út fyrir, að Nd. hafi haft þetta mál að leiksoppi. Hún mátti vita, að frv. stóðu í svo nánú sambandi hvort við annað, að það var hreint og beint banatilræði við þetta frv., að vísa hinu frá. En þó að þessi rökstudda dagskrá sje komin á laggirnar í Nd., þá á það ekki að verða þessu frv. til fyrirstöðu. Það er stutt til næsta þings, og þá væri auðvelt að bæta íslenskum sildveiðamönnum upp þann halla, er þeir biðu af tollhækkuninni.

Sildarútflutningsgjald.

Eggert Pálsson: Jeg skal játa, að aðstaðan gagnvart þessu frv. hefir breytt við afdrif verðlaunafrv. í Nd. En samt finst mjer hjer vera um svo mikilvægt mál að tefla, að hv. deild sje ekki samandi að hafna þeim möguleikum, sem frv. veitir, til þess að fylla þau skörð, sem við höfum höggið í landssjóð með setu okkar hjer. Jeg er óánægður með, að hjer sje ausið fje úr landssjóði, en hafnað að fylla þessi skörð aftur. Jeg get ekki vikið frá þeirri skoðun, að það sje beinlinis skylda okkar að bæta landssjóði upp það fje, sem við höfum tekið úr honum. Öll alþýða manna litur svo á, að hjer sje um ágætan tekjustofn að ræða. Og jeg fæ ekki sjeð, að það geti valdið neinum skaða, þó að þetta frv. nai fram að ganga nú þegar. En ef við frestum að samþykkja slíkan toll, er hjer um ræðir — frestum því ef til vill þing eftir þing, getum við átt á hættu, að þessi tekjulind landssjóðs hverfi, og að hann missi þess hagnaðar, sem hún gat veitt og átti að veita honum. Á þetta hefir verið bent af skýrum og glöggum mönnum. Og þó svo sje nú komið, að verðlaunafrv. hafi verið visað frá í Nd., þá á það ekki að verða þess valdandi, að vjer höfnum þessum tolli nú, því verðlaunafrv. er alt af innan handar að taka upp aftur og samþykkja á til næsta þingi. En þessu máli finst mjer miklu óhægra og óhyggilegra að fresta til næsta þings, því þó að jeg treysti vel stjórninni til þess að undirbúa málið, þá er þó norsku stjórninni opnaður vegur með frestuninni, til þess að reyna að hindra framgang þess á þingi í sumar. En sje það samþykkt nú þegar, á hún miklu erfiðara um vik að koma í veg fyrir hækkun þessa rjettláta og nauðsynlega tolls.

Jeg er þess vegna eindregið móti því, að málinu sje frestað til næsta þings, og jeg mun greiða atkvæði móti dagskránni, sem komin er fram.

Sigurður Eggerz: Jeg vil taka í sama streng og háttv. 1. þm. Rang. (E. P.). Mjer finst varhugavert að fella þetta frv. Mjer hefir dottið í hug, að tollurinn yrði færður niður í 2 kr. til samkomulags.

Jeg mun ekki greiða dagskránni atkvæði mitt.

Magnús Torfason: Út af því, sem hv. þm. Vestm. (K. E.) sagði, vildi jeg taka það fram, að dagskráin er svo skýr, að engum mun dyljast, að hverju hún stefnir. Hún segir fullum orðum, að landsstjórnin skuli undirbúa málið, og hún hrópur svo hátt: Varaðu þig! að það ábyggilega heyrst um öll Norðurlönd.

Út af þeim orðum, sem fallið hafa hjer í deildinni, að þetta frumvarp eigi að samþykkja, þó að verðlaunafrv. sje fallið, vildi jeg geta þess, að mjer datt ekki í hug, að svona hár tollur yrði lagður á, án þess að leitað væri kjösendaálits. Og þar sem þetta er ekki fjárlagaþing, er slíkt víst eins dæmi í allri þingsögu vorri.

Karl Einarsson: Eins og jeg tók fram áðan, álit jeg það ekki samandi, að setja lög um útflutningsgjald af sild í byrjun næsta þings. Og úr því að þessi frv. hafa mætt svona mikilli mótspyrnu nú á þingi, þá hygg jeg, að sú mótspyrna verði ekki minni í sumar. Það getur vel verið, að dagskráin hrópi til sildarútgjörðarmanna: Varið ykkur. En jeg álit að þessi viðvörðun verði einmitt til þess, að auka mótspyruna gegn frv. á næsta þingi.

Hv. þm. Ísf. (M. T.) talaði um gifurlegan skatt, sem lagður væri á með frv. Jeg verð að mótmæla þessu. Hjer er ekki um eins eyris hækkun að ræða á íslensku sild, ef verðlaunafrumvarpið verður samþ. á næsta þingi.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál.

Sildarútflytningsgjald.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Ísf. (M. T.), sjá A. 188, samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eftir að hlutað hafði verið um, á hverjum byrja skyldi atkvgr., og upp komið hlutur þm. Ak. (M. K.), og sögðu

já:

Magnús Kristjánsson, Sigurður Eggerz,
Magnús Torfason, Eggert Pálsson,
Sigurður Jónsson, Guðmundur Ólafsson,
Guðjón Guðlaugsson, Halldór Steinsson,
Hannes Hafstein, Hjörtur Snorrason,
Jóhannes Jóhanness., Karl Einarsson,
Kristinn Danielsson,
Guðmundur Björnson.

nei:

Málinu þar með

vísað til stjórnarinnar.

C.

Frumvörp ekki útrædd.

1. Fasteignamat.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Frv. til laga um breyting á lögum um festeignamat, nr. 22, 3. nóv. 1915,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 144).

Á 19. fundi í Ed., sama dag, kl. 6 síðdegis, var frv. tekið til 1. umr. (A. 144).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, og voru þau leyfð og samþ.

Eggert Pálsson: Það er ekki neinn tími til að hafa langar umræður. Vil jeg að eins segja fá orð. Jeg hygg, að þetta frv. sje aðallega fram komið fyrir tilmæli fasteignamatsmanna í Rangárvallasýslu. Þeir hafa sent þinginu áskorun, er legið hefir frammi á lestrarsalnum, þess efnis, að þingið vildi breyta eða skýra 9. gr. fasteignamatslaganna. Þessi ósk eða áskor-

un verður að teljast eðlileg, þar sem lögfræðingar ýmsir hafa skilið eða skýrt greinina á annan veg en Alþingi ætlaðist til, er það samdi lög þessi. Það er því full ástæða til að taka af allan vafa.

Jeg lit nú svo á, að hv. Nd. hafi komist að sömu skoðun, sem löggjafinn komst að áður, og sýnt það með 2. gr. þessa frv., hvernig hún ætlast til að skilja beri 9. gr. umræddra laga. Og þótt svo fari, að þetta frv. verði ekki útrætt á þessu þingi, vegna tímaskorts, þá hygg jeg, að hjer sje fengin, af gjörðum hv. Nd., nægileg skýring fyrir matsmenn og aðra, hvernig umrædd lög skuli skilja í þessu efni.

Þótt jeg hefði helst kosið, að þessi lög hefðu verið afgreidd hjer í deild, eins og í Nd., þá get jeg þó nokkurn veginn sætt mig við það, þar sem ekki er um annað að tala en að frv. biði næsta þings, því að matsmenn geta þrátt fyrir það, haldið starfi sínu áfram með þann rjetta skilning á 9. gr. fasteignamatslaganna, sem sýndur er með 2. gr. þessa frv.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal ekki

Fasteignamat.

lengja umræður um þetta mál. Þetta er eitt þeirra mála, sem oss hefir verið búið í hendurnar af hv. Nd.; það er eitt þeirra lítilfjórlegu mála og heyrir ekki til nauðsynjamálunum.

Hv. 1. þm. Rang. (E. P.), enda þótt hann væri hlyntur frv., virtist líta sömu augum og jeg á, að núverandi 9. gr. væri fullskiljanleg, og breytingin því ekki nauðsynleg. Þótt hún ef til vill sje ekki svo ljós, sem æskilegt væri, þá þarf ekki að vera í neinum vandræðum, því ekki þarf annað en líta í Þingtíðindin og taka af allan vafa, því þáverandi 1. kgk. þm. Eiríkur Briem tók skýrt fram tilgang greinarinnar.

Í fasteignamatslögnum stendur, að eyðijarðir, sem hafa verið sjermetnar, og eyðilönd skuli sjermetin, en nú á að breyta því, og ímynda jeg mjer, að þetta ákvæði sje engan veginn betra, og minsta kosti er það vafasamara.

Þá kem jeg að þriðju breytingunni, að kaup fasteignamatsmanna skuli hækkað um eina krónu. Jeg get að visu fallist á, að kaup þeirra hafi verið of lágt, en sje ekki mesta þörf á að breyta því, og þing-ið ekki verið örlátara á síðustu árum, er það hefir ákveðið kaup alþýðu manna við opinber störf. Það er ekki langt síðan að lög um forðagæslu voru samþykkt, og þar var forðagætslumönnum ætlað alt að 2 kr. í kaup, og þeir geta eins átt kaup skilið fyrir sitt starf, sem hvorki er þakklátt nje skemtilegt. Þá hafa sýslunefndarmenn 4 kr., og úttektarmenn 2 kr. á dag, og er það til muna lægra. Það er ekki af því, að jeg álití eigi þetta kaup of lágt, heldur álit jeg óviðkunnanlegt, að sömu þingmenn, sem ákváðu þetta 2 kr. dagkaup fari nú hörðum orðum um, hve lágt kaup matsmanna er, og telji þessa hækkun brýna nauðsyn.

Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) gat þess, að þetta frv. stafaði af því, að nokkrir matsmenn í Rangárvallasýslu hefðu ekki skilið

lögín, eða 9. gr. þeirra, en jeg á bággt með að trúa því. Og þó svo hefði verið, þá gjörði það lítið til; þeir gátu metið samt eftir sem áður, því hún kemur ekki til framkvæmda fyrri en ákveðið er, hvaða skatt skuli leggja á jarðirnar.

Jeg viðurkenni, að sumar breytingarnar eru til bóta, en þykir óviðeigandi, að vera að smábreyta því, því fleiri breytingar geta komið fyrir næsta þing, og er óviðeigandi, að vera að breyta lögnum meðan matið stendur yfir — betra eftir matið.

Og vegna þess, að jeg lit svo á, að það sje betra að biða, og allar breytingarnar lítilfjórlegar, og þó 9. gr. verði gleggri, þá álit jeg hún geti ekki valdið vafa, ætla jeg að leyfa mjer að koma fram með rökstudda dagskrá, er jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp. Hún hljóðar svo:

Í því trausti, að sá skilningur verði lagður í 9. gr. fasteignamatslaganna, sem felst í 2. gr. frumvarpsins, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Stigurður Eggerz: Jeg stend upp að eins til þess að mæla með því, að frv. verði samþ. Aðallega er það til þess, að skýra tvíræða stað í lögnum, og því til bóta. Kaupið má ekki minna vera en 6 krónur, því 5 kr. kaupið er til minkunar. Ef matsmaðurinn ferðast um að vetri til og gjörir reikning fyrir öllu, þá mundi hesturinn með fæði verða 3 kr., lágt reiknað, en næsturgreiði 2 kr. Afgangur því ekkert kaup.

Hvaða vit er að bjóða helstu mönnum sveitanna svona kaup?

Karl Einarsson: Jeg skil ekki, hvernig hv. þingdeildarmenn geta greitt slikri dagskrá, sem hjer liggur fyrir, atkv. sitt, þar sem menn hafa ekki átt kost á að bera frv. saman við lögín. Vil jeg því leyfa mjer að koma fram með þá tillögu,

að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til landbúnaðarnefndar.

Störfum Ed. var lokið þennan dag, og varð því frv.

óútrætt.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. Húnv. (G. Ó.), sjá ræðu hans hjer að framan, feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eftir að hlutað hafði verið um, á hverjum byrja skyldi atkvgr., og upp komið hlutur 4. landsk. þm. (G. G.), og sögðu

já:

Guðmundur Ólafsson, Guðjón Guðlaugsson, Hjörtur Snorrason, Halldór Steinsson, Kristinn Danielsson, Hannes Hafstein, Magnús Torfason, Jóhannes Jóhannesson, Sigurður Jónsson, Karl Einarsson, Eggert Pálsson.

nei:

Magnús Kristjánsson, Sigurður Eggerz, Guðmundur Björnson.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkv.

Sigurður Eggerz: Jeg stend að eins upp til að mótmæla því, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar, því það er sama og drepa það, af því að Alþingi verður ekki framlengt vegna þessa frv.

Frv. vísað til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 187) með 9 : 3 atkv.

Sigurður Eggerz: Þessir menn þekkja ekki mikið til í sveitinni.

2. Verslunarlóð Bolungarvíkur.

Á 15. fundi í Ed., þriðjudaginn 9. janúar, var útbýtt

Frv. til laga um takmörk verslunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu,

eins og það var samþ. við 3. umr. Nd. (A. 105).

Á 16. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. janúar, var frv. tekið til 1. umr. (A. 105).

Of skamt liðið frá útbýtingu frv. Forseti leitaði leyfis til albrigða frá þingsköpum, og voru þau leyfð og samþ. í e. hlj.

Magnús Torfason: Leyfi mjer að óska þess, samkvæmt almennri beiðni manna í Bolungavík, að frv. þetta nái fram að ganga, en jafnframt því að vekja athygli hæstv. forseta á því, að nafnið á verslunarstaðnum Bolungarvík er ekki rjett, hvorki í fyrirsögninni eða greinum frumvarpsins. Verslunarstaðurinn heitir Bolungavík. Hefi jeg átt tal um þetta við háttv. flm. málsins í Nd. (Sk. Th.) um að þessu skyldi breytt, og hygg jeg, að leiðrjetta megí þetta í próförk.

Forseti: Viðvikjandi þessari aths. hv. þm. Ísf. (M.T.) þá lýsi jeg yfir því, að jeg tel þetta málvillu og mun biðja skrifstofustjóra að gæta þess, að hiu verði leiðrjett.

Nefndarálit um frv. kom aldrei fram.

ATKVGR.

Fr. v. visað til 2. um. í e. hlj.

Á 17. fundi í Ed., fimtudaginn 11. janúar, var frv. tekið til 2. umr. (A. 105).

Of skamt liðið frá 2. umr. Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingskápum, og voru þau leyfð og samþ.

Magnús Kristjánsson: Jeg minnst þess, að þetta mál er gamalkunnugt hjer á þingi, og að það sje nokkuð skylt tillögu, er Skúli heitinn Thoroddsen bar fram, og Nd. sýndist við nánari athugun ýmislegt að athuga við. Jeg er ekki kunnugur þarna á þessum stað, svo að jeg geti dæmt um hvort þetta fyrirkomulag er heppilegt, en jeg þykist vita, að þetta land er að sumu leyti eign landssjóðs og að sumu leyti eign verslunar. En það er óhætt að fullyrða það, að það er mikill ágreiningur í þessu efni, hver takmörkin skuli vera, því það getur snert hagsmuni tveggja atvinnuvega, hvernig framkvæmdiu verður. Ef það er satt, sem jeg hefi grun um, að hingað til hafi ekki verið leyft að nota reim næst sjónum sem verslunarlóð, vegna þess, hún væri notuð fyrir uppsátur, þá skiftir miklu máli hvernig takmörk verða dregin.

Það væri æskilegt að hv. þm. Ísf. (M.T.) vildi skýra þetta mál fyrir deildinni. Jeg verð að játa minn kunnugleika eigi nægan, en er hins vegar tregur að greiða því atkvæði mitt, ef það kemur í ljós, að það er til tjóns fyrir þann atvinnuveg, er jeg nefndi. Það er nauðsynlegt að vita það rjetta í þessu, og hvað veldur því, að menn

á þingi hvað eftir annað koma með þetta, en færa engar ástæður fyrir því.

Magnús Torfason: Jeg á bágt með að gjöra gagngjörða grein fyrir þessu máli, því jeg hefi ekki annað fyrir mjer en það, sem jeg hefi talað um það við hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.); því eins og hv. þm. Ak. (M. K.) veit, þá snertir þetta ekki mitt kjördæmi. Hins vegar hefir það ekki komið til minna aðgjörða sem oddvita sýslunefndar N.-Ísf. enn þá, en gjörir það á sínum tíma, ef þetta frv. verður samþykkt, og þykist jeg vita, að þá fá allir, sem hjer eiga hlut að máli tækifæri til þess, að koma fram með sínar ástæður. Jeg held, að það sje óhætt að lýsa því yfir hjer, að það er ekki meiningin með þessu frumvarpi, að ganga á rjett nokkurs atvinnurekanda á nokkurn hátt, og landssjóður hefir hjer einnig hagsmuna að gæta í framtíð frá því að Vatnsfjarðarprestakall verður veitt næst.

Vatnsfjarðarkirkja á malartolla að helming við landeigendur á svæði því, er hjer er um að ræða. Og einmitt af þessari ástæðu virðist mjer að eigandinn hafi fylstu tryggingu fyrir því, að ekkert verði afráðið fyr en till. frá öllum hliðum eru teknar til greina, líka af hendi landssjóðs.

Jeg verð því að lita svo á, þar sem stjórnin hefir úrskurðarvald í þessu máli, þá sje engin ástæða fyrir deildina að vantreysta henni til að gæta allrar varúðar í þessu máli, og gjöra það, sem rjett er og sanngjarnt.

Magnús Kristjánsson: Mætti jeg leyfa mjer að koma með þá tillögu, að málinu verði visað til allsherjarnefndar að umræðunni lokinni?

Guðjón Guðlaugsson: Jeg leit svo á, að það væru stórmál og nauðsynleg, sem

Verslunarlóð Bolungarvíkur.

Þetta þing ætti að hafa til meðferðar, og gjöra ekki mikið að því, að eyða tímanum með smámálum og óþörfum, og finst mér að hjer sje eitt þeirra, er gæti vel beðið til næsta þings. Jeg skil ekki í því, hvers vegna ekki er notast við gildandi lög nr. 37, 20. okt. 1905, og eftir þeim litla kunnugleik, er jeg hefi af þessu, sýnist mér rjett, að athuga þetta nánar áður en til lykta er leitt. Það er vitanlega nokkur trygging, þar sem sýslunefnd N.-Ísf. á að ákveða takmörkin en ekkert gjörir til, þótt athugað sje nánar.

Jeg hefi lítið svo á, sem þessar Malir sje gjöf til Vatnsfjarðarkirkju og að henni fylgi sú kvöð, að þær sje einungis til nota handa sjómönnum til uppsáturs og bygginga verbúða. Nú ef svo er, þá má þing og stjórn ekkert gjöra, er getur komið í bág við upphaflega gjafabrjefið, því hjer er um gjafafje að ræða. Ef nú að Malirnar verða mældar til verslunarlóða, getur það orðið til þess, að útiloka vjelbáta og smábáta þar frá uppsátri eða frá því, að byggja þar sjóbúðir. Og því fremur er þetta ekki rjett, ef verslunarlóðirnar geta verið sjer að meinalausu nokkrum föðmum ofar, og það getur ekki valdið neinu erfiði; að eins að verslanirnar leggi brautir frá sjónum heim.

Jeg vil því styðja till. hv. þm. Ak. (M. K.), þar sem um smámál, litt þarft mál og varhugavert er að ræða, og tel því rjett að setja það í allsherjarnefnd.

Magnús Torfason: Jeg skal að eins taka það fram, að mér finst engin ástæða til að óttast, að Bolvikingar fari að skerða „pláss“ til uppsáturs. Fiskveiðar eru aðalatvinnuvegur þeirra, og næstum eini atvinnuvegur, og finst mér því ganga furðu næst, að láta sjer í hug koma, að hreppsnefnd og sýslunefnd gjöri nokkuð í þá átt.

Jeg tel þetta vantraust til hlutaðeigandi stjórnarvalda, sjerstaklega, er þess er gætt, að þetta hreppsfjelag hefir með tilstyrk landssjóðs og sýslusjóðs varið, og mun verja, tugum þúsunda til að bæta lendinguna þarna, án þess eigandi þessarar lóðar eða malarlengju hafi lagt einn eyri til þessarar stórfenglegu jarðarbótar. Tel því enga ástæðu til að visa þessu í nefnd nú, þar sem málið er svo langt komið. En úr því jeg mintist á verslun þarna, get jeg eigi látið hjá liða, að geta þess, að mjög hefir mönnum verið gjört örðugt fyrir, að koma upp verslunum á þessum stað, og framleiðendur því fengið minna fyrir afla sinn en mátt hefði vera.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli. Hlutað var um hver fyrstur skyldi atkv. greiða, og kom upp hlutur 2. þingmanns Húnvetninga (G. Ó.). Sögðu

já:

nei:

Guðmundur Ólafsson, Hannes Hafstein,
Halldór Steinsson, Magnús Kristjánsson,
Hjörtur Snorrason, Guðjón Guðlaugsson,
Jóhannes Jóhanness.,
Karl Einarsson,
Kristinn Danielsson,
Magnús Torfason,
Sigurður Eggerz,
Sigurður Jónson,
Eggert Pálsson,
Guðmundur Björnson.

2. gr. samþykkt með 8. samhlj. atkvæðum,

Fyrirsögn frumvarpsins samþ. án atkvæðagr.

Verslunarlóð Bolungarvíkur.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 samhlj.
atkv.

Frv. vísað til allsherjarnefndar (sjá A.
bls. 188) með 10 : 1 atkv.

Nefndarálit um frv. kom aldrei fram.

Frv. var aldrei tekið til umr., og varð því

óútrætt.

(A. 142).

D.

Pingsályktanir.

I.

Afgreiddar til landsstjórnarinnar.

1. Rannsókn á hafnarstöðum.

Á 11. fundi í Ed., fimtudaginn 4. janúar, var útbýtt

Till. til þingsályktunar um rannsókn á hafnarstöðum fyrir smáskip og vjelbáta á svæðinu frá Berufirði til Skinnreyjarhöfða og víðar,

eins og hún var samþykkt við síðari umr. í Nd. (A. 59).

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 5. janúar, var till. tekin fyrir hvernig ræða skuli.

Forseti: Eftir að hafa talað við ráðherra, og með hliðsjón af kostnaði þeim, er rannsókn þessi væntanlega hefir í för með sjer, gjöri jeg það að tillögu minni,

að hafðar sje 2 umræður um þingsályktunartillögu þessa.

Tvær umr. samþ. í e. hlj.

Á 14. fundi í Ed., mánudaginn 8. janúar, var till. tekin til fyrri umr. (A. 59, 66).

Guðjón Guðlaugsson: Það er hjerna svolitil brtt. á þgskj. 66. Er hún á þá leið, að inn í þingsál.till. bætist á eftir Þaralátursfirði „og Kollafirði í Strandasýslu“. Nd. bætti Þaralátursfirði inn í till., en sá fjörður er skamt fyrir austan Horn. Ur því nú mælingaskip verða að fara þangað austur eftir, þá sýndist oss rjett, að Kollafjörður, sem er skamt frá Steingrimsfirði, væri tekinn með.

Rannsókn á hafnarstöðum.

Svo er til háttað, að fyrir framan fjörðinn er skerjaklasi, en tvær góðar leiðir eru inn í hann. Fjörðurinn sjálfur er skerjalaus að heita má og allur ein góð höfn, eða heldur margar hafnir, því stærðin er næg til þess. Leiðirnar inn fjörðinn eru áreiðanlega nógu djúpar fyrir allstór skip, en menn þora samt ekki að hætta skipum sínum í að fara þar inn, vegna þess að þær standa ekki á kortum.

Við fjörðinn er enginn kaupstaður. Ástæðan fyrir því, að líklegt er að umferð verði mikil um fjörðinn er því ekki sú, að verslun sje þar rekin svo nokkru nemi. En síðan 1914 er þar löggilt höfn í Stóra-Fjarðarhorni. Stendur svo á löggilding hennar, að postulínsnáma, löngu þekt, er í Mókollsdal, sem liggur fram frá Stóra-Fjarðarhorni. Þessi náma var skoðuð af enskum sjerfræðingum í þeirri grein sumarið 1914. Leitst þeim vel á hana og kváðu postulínsleirinn þar vera einhverja þá bestu postulínsjörð, sem til væri. En nokkru áður en rannsókninni væri að fullu lokið gaus upp heimsstyrjöldin, og voru þá útlendingarnir kallaðir heim til sín.

Síðan þetta gjörðist hefir ekkert verið gjört í þessu námumáli. En líklegt þykir mér, að því verði haldið áfram, og að það komist í framkvæmd að ófriðnum loknum. Fyrirtæki þetta er mjög þarft og arðsamt, ef náman reynist góð, en til þess að geta rekið þar námugróft, þarf að leggja járnbraut milli námunnar og hafnarinnar. Þá braut ætluðu menn sjer líka að leggja, ef farið væri að nota námuna. Ef slikt kæmist í framkvæmd gæti það vel orðið til þess, að draga úr hræðslu Vestfjarðabúa og vantrú þeirra á járnbraut, því þá fengju þeir þó að sjá, hvað járnbraut getur þýtt; en hvorki járnbrautin nje hin löggilta höfn getur komið að tilætludum notum, nema mæld og viðurkend leið sje þekt inn á fjörðinn, til þess að skip þau, sem flytja eiga postulínsleir-

inn þaðan geti farið út og inn fjörðinn. Mælingin er því höfuðskilyrði fyrir þetta fyrirtæki.

Ráðherra Sigurður Jónsson: Þessari fyrri umræðu málsins vildi jeg gjarna láta fylgja nokkur orð til skýringar.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve stórkostlega sjávarútvegur landsmanna hefir aukist á síðustu árum. Hefir slikt hvað eftir annað verið viðurkent af þingi og stjórn, sem á ýmsan hátt hafa hlynt að þessari atvinnugrein. bæði með byggingu vita og ýmiskonar rannsóknum á lendingum o. fl.

En í Austfirðingafjórðungi hefir enn sama og ekkert verið gjört í þessa átt, og stafar það sjálsagt að miklu leyti af því, hve auðugur sá fjórðungur er af góðum höfnum. Annars er sjávarútvegur þar mikið stundaður, mest á smábátum. En óhætt að fullyrða, að um 100 bátar ganga um sumarvertiðina til fiskveiða á svæðinn frá Vopnafirði til Berufjarðar, og samkvæmt landshagsskýrslunum síðustu eru fluttar til útlanda þaðan sjávarafurðir fyrir um 2 miljónir króna. Auk þess er fiskurinn mjög mikið brúkaður heima í hjerudum, svo bersýnilegt er, að hjer er ekki um neinn smávegis atvinnuveg að ræða. En tíminn, sem fiskast á, er stuttur, að eins 4 mánuðir, frá miðjum maí til miðs október. Er því síst að undra, þólt menn langi til að lengja veiðitímann, en það gæti orðið með því, að senda báta suður með landi um vetrarvertiðina. Þetta gjöra menn líka dálítið, og hafa þá stundum aflað á 3—4 vikum jafngildi alls sumaraflans í fiski. En slikar ferðir eru mesta háskaspil. Verða bátarnir að láta sig reka fyrir straumi og veðri, og eiga hvergi hæli eða höfn til að flýja í, því Berufjörður er ekki fær nema í björtu og góðu veðri.

Til þess nú að bæta úr þessu og gjöra

Rannsókn á hafnarstöðum.

útvegsmönnum hægra fyrir að stunda atvinnugrein sína, þarf að rannsaka hvar helst yrðu bættar lendingar á umgetnu svæði. Mundi þá fara um fjárframlag til þess, eins og vanalega á sjer stað, er um fjárframlög landssjóðs til sjávarútvegarins er að ræða, að það mundi margborga sig, að minsta kosti meðan útvegurinn er stundaður á líka lund og nú á sjer stað. Hjer eiga líka 2 sýslufjelög hlut að máli, og ekki þykir mjer ólíklegt, að Austur-Skaftafellssýsla nyti og góðs af að einhverju leyti. — Annars vísa jeg til háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) um þetta mál, sem mun þekkja vel til á þessu svæði.

Brtt. og viðaukatill. finst mjer að hv. deild ætti að fallast á, og mæli jeg yfirleitt hið besta með því, að þetta mál nái fram að ganga.

Kristinn Daníelsson: Jeg er meðmæltur þessari till., enda þótt jeg að hinu leytinu álíti hana ekki beint nauðsynlega, því að till. er frá síðasta Alþingi, þess efnis, að þetta verði rannsakað.

Jeg mun samt greiða till. ásamt viðaukatill. hv. 4. landsk. þm. (G. G.) atkv. mitt. En jeg vil um leið taka það fram, að fleiri till. kunna að koma fram sama efnis. Og mun jeg koma fram með eina við 2. umr. þessa máls, og vonast þá eftir svo góðum undirtekum frá hv. deild, að hún fái fram að ganga. Jeg hugsa mjer að bæta við enn einum stað; það eru Gerðar í Garði, og er þess mikil þörf, að sá staður verði rannsakaður, en jeg ætla ekki að lýsa því neitt nú; læt það biða til síðari umr. þessa máls, er jeg kem með till.

ATKVGR.

Brtt. 66 samþ. með 12 samhlj. atkv..

Till. svo breytt samþ. með 12. samhlj. atkv.

Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Karl Einarsson: Það var víst meinngin, að þessu máli yrði vísað til sjávarútvegsnefndar að þessari umr. lokinni, og gjöri jeg það að till. minni.

Till. vísað tll sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 187) með 12 samhlj. alkv.

Á 15. fundi í Ed., þriðjudaginn 9. janúar, var till. tekin til síðari umr. (107, 112, n. 114).

Frsn. (Kristinn Daníelsson): Brtt. sú, sem hjer liggur fyrir, fer fram á, að bæta við einum sjerstökum stað, sem hefir mjög mikla þörf á góðri lendingu. Jeg þarf varla að mæla mikið með henni. Allir munu vera sammála um nauðsynina yfirleitt. Eins og hv. deild er kunnugt, liggur fyrir till. frá síðasta Alþingi, sem alment felur stjórninni rannsókn hafnarstaða. Og þar sem nú hefir komið aftur fram till. þess efnis, þá sýnir það best þörfina.

Útvegurinn er alt af að aukast; botnvörpungarnir eru engra smámenna meðfæri, en aftur á móti getur almengingur kostað vjelbátautgjörð, því hún er ekki svo afar dýr, en þar stendur aftur hafnleysið þeim fyrir þrifum. Jeg efast ekkert um, að allir hv. deildarmenn eru meðmæltir brtt. þeim, sem fram^hafa komið og samþykki þær.

Jeg ætla að eins að fara nokkrum orðum um brtt. á þgskj. 112. Eiginlega eru þær tvær. Hin fyrri liggur í augum uppi. Þar er að eins breytt eintölu í fleirtölu.

Rannsókn á hafnarstöðum.

Hin síðari fer fram á, að bætt verði inn í Gerðum í Gullbringusýslu. Ástæðan fyrir því, að jeg kem fram með þessa till. er sú, að einmitt nú um þingtímann, hafa menn þar setið á fundi og rætt um, hvernig úr þessu skyldi bæta, og hefir verið skotið til mín, að gjöra nokkuð fyrir það. Hv. deildarmönnum eru öllum kunnugar, að minsta kosti að nafni, veiðistöðvarnar Garður og Leira, að það hafa verið taldir einhverjir fiskisælustu staðir við Faxaflóa. En nú horfir til vandræða, því útvegur á opnum bátum er að verða litt mögulegur, vegna vjelbátanna, sem nú er orðið svo mikið af, en vegna hafnleysis er ekki hægt að hafa þá þarna. Og í nágrennahöfnunum, t. d. Sandgerði, komast varla fleiri bátar að en þegar eru komnir. Ef ekki verður bætt úr þessu, vofir hætta yfir sveitarfjelinu. Auðvitað á þingið ekki fyrst og fremst að hugsa um einstök sveitafjölög í þessu efni, heldur hvað ágóðavænlegast er fyrir landið í heild sinni, en eins og hagar eins er hagar allra, svo getur og á einstökum stöðum verið sjerstök knýjandi nauðsyn, eins og á þessum stað.

Jeg skal svo ekki þreyta hv. deildarmenn með lengri ræðu, en vænti þess, að þessi brtt. megj bætast við þingsál.till., og að hún nai fram að ganga, enda þótt almenna till. sje til frá síðasta þingi, og stjórnin geti samkvæmt henni valið staði til rannsóknar, eftir því sem mest er nauðsyn.

Halldór Steinsson: Jeg var ekki viðstaddur við fyrri umr. um þessa till. og því ekki kunnugt um hvað þar fór fram. En satt að segja bjóst jeg ekki við slíkri þingsál.till. á þessu þingi; því eins og kunnugt er, þá samþ. þingið 1915 áskorun til stjórnarinnar, um að láta fara fram raunsókn á hafnarstöðum og lendingum hjer við land. Mjer er ekki kunnugt um, hvað

stjórnin hefir gjört í þessu, en heyrð hefi jeg, að hún hafi farið þess á leit við norsk-an hafnarverkfræðing að rannsaka hjer hafnstæði, þótt ekki hafi orðið úr framkvæmdum enn. Jeg lit nú svo á, að þetta eigi að biða til næsta reglulegs Alþingis, eða þar til menn sannfærast um, að stjórnin hafi ekki gjört neitt í þessu efni. Jeg efast ekki um, að það sje þörf rannsókna á þessum sviðum, en hvort sú þörf er brýnni en annarsstaðar, það er mjer ekki kunnugt, og er alveg ósannað, bæði hvað viðkemur aðaltillögum og breytingartillögum. Það er enginn vafi á því, að það er mjög víða þörf á rannsókn, en hvar byrja skal og hvar enda, eða hvar þörfin er mest og hvar minst, það verður sjerfróður maður að segja til og stjórnin að fara eftir því.

Það var auðvitað að upphaflega till. mundi hafa dilka í eftirdragi, svo sem Vík, Kollafjörð og Hafnir, og að ekki er farið fram á rannsókn á fleiri stöðum stafar af því, að þingmenn vilja ekki tefja þetta aukaping með óþarfa breytingartillögum.

Ef jeg hefði verið við fyrri umræðu þessarar tillögu, mundi jeg hafa komið fram með rökstudda dagskrá um að málið færi ekki lengra; að eins áminna stjórnina að gjöra það, sem henni ber í þessu. En nú eru menn búnir að binda sig með því að samþ. breytingartillöguna í gær, og mundi því rökstudd dagskrá í þá átt hafa lítinn byr nú.

Jeg vildi að eins taka þetta fram sem grein fyrir atkvæði minu í þessu máli.

Framsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg get að ýmsu leyti verið hv. þm. Snæf. (H. St.) samdóma, en hins vegar get jeg ekki felt mig við það, að þessi tillaga gangi ekki fram, þar sem málið er komið þetta langt, því að það gæti dregið úr

Rannsókn á hafnarstöðum. — Flóabátar.

framkvæmdum, gæti litið svo út sem áhuginn væri horfinn og þörfin ekki svo brýn, sem hún í raun og veru er. Og að jeg nú flyt þessa tillögu um höfn í Garði, stafar af því, sem jeg áður gat um, að einmitt nú hefir verið haldinn fundur þar syðra og skorað á mig að flytja þetta mál. Og jeg hygg, að allir háttv. deildarmenn sje mjer samdöma um það, að þetta geti engan veginn verið hindrun þess, að aðrir staðir verði rannsakaðir. Jeg hefi sjálfur fleiri staði að bera fram í mínu kjördæmi, t. d. Hafnaósa, og eru meiri líkur til, að þar takist fyrri að gjöra bátahöfn, og jeg vona að það verði brátt gjört, en í Garði er nauðsynin ef til vill enn brýnni, hvort sem unt verður nú nokkuð úr henni að bæta.

Jeg vona því að þingsályktunartillagan ásamt breytingartillögu minni nái fram að ganga, þar sem jeg get engan veginn sjeð, að hún skaði á neinn hátt.

ATKVGR.

Brtt. 112, 2. samþ. með 11 samblj. atkv.

Brtt. 112, 1. samþ. án atkvgr.

Till. svo breytt samþ. með 11 samblj. atkv., og afgreidd til Sp.

(A. 117)

2. Flóabátar.

Á 16. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. janúar. var útbýtt

Till. til þingsályktunar um styrk og lán til flóabáta,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A, 120).

Á 17. fundi í Ed., fimtudaginn 11. janúar, var till. tekin til fyrri umr. (A. 120).

Frams. (Guðjón Guðlaugsson): Samgöngumálanefndinni duldist ekki, að eitt strandferðaskip væri allsendis ónógt til þess að fullnægja samgöngupörfum landsmanna. Þess vegna lagði húa til, að flóabátaferðum yrði komið á, þar sem þörfin á auknum samgöngum er brýnust. Einkum leit nefndin svo á, að þessi þörf væri mest á Húnaflóa og þar næst á Austfjörðum. Þar eru margar hafnir, sem þurfa að koma frá sjer miklum flutningi. Sumar þessara hafna eru smáar og krókótt leiðin á þær. Væri því hentugast, að flóabátar gengju á slíkar hafnir en strandferðaskipið á aðalhafnirnar. Nú er svo ástatt, að Austfirðin eiga von á einum leigubát. Þessu er öðruvísi farið um Húnaflóa. Hann hefir orðið mjög svo út undan, þrátt fyrir það, að flutningar eru þar mjög miklir, einkum frá Ísafirði, svo að eitt strandferðaskip mundi ekki koma þar að fullum notum.

Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) gat þess, að strandferðaskipinu væri áætlaðar of margar hafnir, svo að vafi gæti leikið á, að flóabátarnir hefðu nóg að flytja. En jeg hygg, að ótti við það sje alveg ástæðulaus. Bæði er það, að strandferðirnar eru fáar og svo eru margar hafnir, sem eigi hafa verið teknar í áætlunina, t. d. Álftafjörður. Aðalvík, Hornvík o. fl. Enn fremur er að rísa upp mikill staður við Ingólfsfjörð, sem verður líklega ekki minni en Siglu- fjörður með tímanum. Þaðan voru fluttar yfir 10,000 tonn af sild í sumar. Auðvitað flytja flóabátarnir ekki sild. En

Flóabátar.

Þegar staðurinn er upp risinn, myndast verkefni fyrir flóabátinn, að flytja landsafurðir og fóðurefni um allan flóann. Bending í þessa átt er það líka frá nefndarinnar hálfu, að hún slepti þessum höfnum af áætlun strandferðaskipsins. Enda er flóabátur sjerstaklega hentugur á alla þessa staði.

Af því að þetta mál er nú til fyrri umr., skal jeg geyma mjer að fara nánar út í það, þangað til við síðari umr.

ATKVGR

Til visað til síðari umr. í e. hlj.

Á 18 fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, var till. tekin til síðari umr. (A. 120).

Frsn. (Guðjón Guðlaugsson): Þessi þingsályktunartillaga fer í þá átt að heimila landsstjórninni að veita hlutaðeigandi hjeruðum alt að 20,000 kr. styrk, og lán ef með þarf, sem nemi allt að 90,000 kr. það er ætlast til, að þessir bátar verði eigi minni en 100 smálestir. En að því er snertir Austfjarðabátinn, þá hefir nefndin hugsað sjer, að vel gæti komið til mála, að þeir yrði fleiri en einn, en nytu þó sama styrks úr landssjóði og hinir bátarnir hver fyrir sig.

En um Húnaflóabátinn er það að segja, að ekkert hefir verið fastályktað um hann enn þá. Það kom til tals í nefndinni, að landssjóður keypti bátinn og leigði hann síðan hlutaðeigandi hjeruðum, til þess að málið kæmist sem fyrst í framkvæmd. Vjer höfum beðið formann Eimskipafjelagsins að leitast fyrir um kaup á bátnum, og hann lofaði að láta oss vita, ef hann

gæti komist að aðgengilegum kaupum. En til þess að hægt yrði að svara því tilboði játandi, þyrfti maður að hafa eitt-hvað annað til þess að byggja á en laust umtal um málið. Jeg get nú að visu eigi buist við svo skjótu andsvari. Það hlýtur að taka nokkurn tíma. Málið er enn óborið undir sýslunefndir í Húnavatns- og Strandasýslu og bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar. Það á því langt í land enn þá. En það er þó min skoðun, að á þessum stöðvum þurfi einna helst á báti að halda. Strandferðaskipið fullnægir ekki nándar nærri samgöngupörfum vorum, með því líka, að millilandaskipin koma nú álls ekki við á sumum þessum höfnum. Þegar því hlutaðeigandi hjeruð þurfa einvörðungu á strandferðaskipinu að halda, dylst mjer ekki, að þeim er brýn nauðsyn á að eignast flóabát, og það sem allra fyrst. Jeg sje nú, að jeg hefi verið alt of huglaus, að reyna ekki að berja það í gegn, að landssjóður keypti bátinn. Þau kaup hefðu alveg verið hættulaus fyrir landsjóð. En það er ekki til neins að sakast um orðinn hlut.

En hins vegar verð jeg að lýsa yfir því, að þó að til þess sje vitnað í nefndinni, að líkur bátur þeim, sem hjer um ræðir, er gekk um Húnaflóa fyrir nokkrum árum, hafi eigi borið sig, að ástæðurnar hafa breytst mikið síðan. Fyrst og fremst er það, að sá bátur var miklu minni en gjört er ráð fyrir að þessi verði, — að eins 25 smálestir. Hann hafði allt af nægan flutning. En farþegarúmið var svo lítið, að það rúmaði ekki nema 6—10 farþegja. En aðalástæðan til þess, að báturinn borgaði ekki kostnaðinn, var þó sú, að hann gekk árið, sem bestar samgöngur voru um Húnaflóa. Þá kom strandferðaskipið til dæmis sex sinnum sumarsins á Hólmavík, og millilandaskip sameinaðafjelagsins tvisvar að vetrinum og tvisvar að sumrinu, bæði í júní og júlí.

Flóabátar. — Langadalsvegur.

mánuði, og enn fremur Björgvinjarskipin í hverri ferð á Hólmavík. Það er því um ólíkar kringumstæður að ræða, sem hafa bæði bein og óbein áhrif bæði á notagildið og fjárspursmálið.

Það er gjört ráð fyrir, að Austfjarða-báturinn verði 100 smálestir að stærð, vegna þess, að hann þurfi að koma á svo margar hafnir, þar sem framleiðsla er mikil og því oftast nægur flutningur. En það er einnig ráðgjört, að Húnaflóabáturinn rúmi 100 smálestir. Ekki þó eingöngu vegna þess, að hann mundi alt af hafa nægan flutning, heldur og meðfram af því, að svæðið, sem honum er ætlað að fara um, er hættulegra, sjerstaklega vetrarferðir fyrir Horn. Það er líka ástæðulaust að óttast, að báturinn hefði ekki nægan flutning. Hann mundi verða mikið notaður af Ísfirðingum og Steingrímsfirðingum, og svo mundi hann mynda ný samhönd við Ingólfsfjörð.

Jeg skal svo ekki lengja þessar umræður frekar.

ATKVGR.

Till. samþ. með 11 samhlj. atkv., og afgreidd til landsstjórnarinnar sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 170).

3. Langadalsvegur.

Á 16. fundi í Ed., niðvikudaginn 10. janúar, var útbýtt

Till. til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að verja 4000

kr. til Langadalsvegur í Húnavatns-sýslu á næsta sumri,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 121).

Á 17. fundi í Ed., fimtudaginn 11. janúar, var till. tekin til fyrri umr. (A. 121).

Guðmundur Ólafsson: Jeg býst við að geta verið fáorður. Þessi þingsál. till. gekk mótmælalaust gegn um háttvirta Nd., og fjárveitinganefnd sömu deildar hefir gefið henni meðmæli sín. Og það eru einnig tillögur landsverkfræðingsins, að þarna verði gjörður sem fyrst vegur.

Vegurinn er fjölfarinn, en liggur sumstaðar í brattri og giljóttri fjallshlíð og er því oft á hverju ári illfær eða ófær. Verða þá ferðamenn, sem þar eiga leið, oft að neyðast til að fara yfir tún og engjar jarða þeirra, er vegurinn liggur um. Og veldur það einatt sundurþykkju og óánægju. Það er líka óhæfilegt, að langferðamenn, og þá sérstaklega pósturinn, sem ferðast í þarfir landsins, þurfi að eyðileggja tún manna af þessum ástæðum. Fjárhæðin, sem hjer er farið fram á, að landssjóður veiti, er ekki heldur neitt ýkjamikil, og þing og stjórn leggur að sjálfsögðu áherslu á, að þessari bráðnauðsynlegu vegagjörð verð, sem fyrst komið í verk.

En það, sem jeg sjerstaklega vil taka fram og vekja athygli hæstv. deildar á, er það að, þessi fjárveiting má að engu leyti spilla fyrir fjárframlögum landssjóðs til bryggjugjörðar á Blönduósi, því að þótt svo hafi farið, að fjeð hafi ekki orðið notað, eins og ætlast var til, stafar það eingöngu af heimsstyrjöldinni, og dýrtið þeirri er af henni stafar. Áætlun um kostnað við bryggjuna var gjörð áður en dýrtiðin hófst, og er því að líkum alt að helmingi of

Langadalsvegur. — Flórufarþegar.

lág nú. Fjárskorturinn einn er því næg ástæða til, að svo hefir farið með þetta fyrirtæki sem fleiri á þessum tímum, þótt áhugi manna um nauðsyn þeirra sje óbreyttur.

Jeg vænti því, að sótt verði um meira fje til bryggjunnar á næsta þingi, og treysti því að hæstv. deild, sem litur sanngjarnlega á allar dýrtiðaruppbætur nú, veiti nægilegt fje til hennar þá.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 10 samhlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, var till. tekin til síðari umr. (A. 121).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 12 samhljóða atkv. og afgreidd til landsstjórnarinnar sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 168).

4. Flórufarþegar.

Á 17. fundi í Ed., fimtudaginn 11. janúar, var útbýtt

Till. til þingsályktunar um skaðabætur til farþeganna á Flóru í júlí 1916,

eins og hún var samþykkt við síðari umr. í Nd. (A. 129).

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 1 miðdegis, var till. tekin til fyrri umr. (A. 129).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., sama dag, kl. 6 síðdegis, var till. tekin til síðari umr. (A. 129).

Með því að eigi var liðinn lögmæltur frestur frá því, er fyrri umr. fór fram, leitaði forseti leyfis til afbrigða frá þingsköpum, og voru þau leyfð af ráðherra og samþ. af deildinni í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. í e. hlj. og afgreidd til landsstjórnarinnar sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 177).

5. Sameinaða gufuskipafjelagið.

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 9 síðdegis, var útbýtt

Till. til þingsályktunar um skipagöngur sameinaða gufuskipafjellsins til landsins yfirstandandi ár,

Sameinaða gufuskipafjelagið.

eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 149).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, um að ákveða þegar hverning ræða skuli till.

Afbrigðin leyfð og samþ.

Forseti: Jeg leyfi mjer að stinga upp á einni umræðu. Ef enginn mælir í móti, tel jeg það samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Ein umr. ákveðin.

Á 21. fundi í Ed., sama dag, kl. 10¹⁰ síðdegis, var till. tekin til einnar umr. (A. 149).

Afbrigði leyfð og samþ.

Framsm. (Sigurður Eggerz): Jeg býst við, að menn hafi nóg við tímann að gjöra, þar sem vjer eigum eftir 2 fundi enn þá í kvöld. Skal jeg því vera stuttorður.

Þann 7. ágúst 1909 var gjörður samningur um pósthgufuskipaferðir milli Kaupmannahafnar, Íslands og Leith, milli stjórnar dönsku innanrikismálanna og stjórnar Íslands annars vegar og sameinaða gufuskipafjelagsins hins vegar. Framhaldsamningsins var gjört 26. nóvember 1912.

Samkvæmt samningnum var sameinaða fjelaginu skylt að halda uppi stöðugum gufuskipaferðum milli Kaupmannahafnar og Leith annars vegar og Íslands hins vegar, samkv. áætlun, sem þá var nánar tiltekin. Gjaldskrá, samkvæmt samningnum yfir fargjöld og farmgjöld, skal árlega samþykkt af hlutaðeigandi stjórnendum og mega gjöldin eigi vera hærri en tiltekið er í samningi fyrir árin 1908—1909 um gufu-

skipaferðir milli Danmerkur og Íslands, og Leith og Íslands, hvora leiðina.

Samningurinn gildir fyrir árin 1910—1919, að báðum árum meðtöldum. Ísland greiði ekki beinlínis neitt til ferða þessara.

Skjöl þau, sem legið hafa fyrir samgöngumálanefndinni, sýna málaleitun sameinaða fjelagsins, um að losna við samninginn, og skoðanir þess á honum.

Í brjefi til dönsku innanrikisstjórnarinnar, dagsettu 11. október 1916, fer sameinaða gufuskipafjelagið þess á leit, að samningurinn verði úr gildi feldur. Segir það, að ómögulegt sje að halda fastákvæðum ferðaáætlunum og að danski styrkurinn megi falla niður. Fjelagið tekur að visu fram, að það ætli að halda áfram siglingum, en — eftir sínu höfði.

Fjelagið boðar enn fremur, að það ætti að *hækka* fargjöld og farmgjöld upp úr því, sem þau hafa verið, og lætur þess getið, að landið styrki Eimskipafjelag Íslands, sem sje keppinautur sinn. Fyrir nefndinni hefir og legið umsögn aðalpoststjórnarinnar dönsku um málið, og vill hún taka sumar af kröfum fjelagsins til greina, t. d. leyfa því ýmsar takmarkanir á ferðaáætlun og jafnvel auk þess hækkun, en vill að það sigli eftir ákvæðum samningsins.

Eins og fylgiskjal I. sýnir, hefir nú sameinaða gufuskipafjelagið, að því er virðist, án þess að biða eftir svari íslensku stjórnarinnar, sem var þó annar aðilinn í samningsgjörðinni, ákveðið að hækka fargjöld og farmgjöld um 50—100% í beinu striði við samninginn, og enn hefir fjelagið ákveðið breytingar á ferðunum oss í óhag.

Eftir nákvæma ihugun hefir samvinnunefndin komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje á neinn hátt hægt að segja, að hinn upphaflegi samningsgrundvöllur sje

Sameinaða gufuskipafjelagið.

breyttur. Að visu er það rjett, að siglingar eru nú dýrari og kostnaðarmeiri en áður, en ekkert er því til fyrirstöðu, að fjelagið geti fullnægt samningnum. Engin þau atvik liggja fyrir, er sýna, að ómögulegt sje fyrir fjelagið að fullnægja samningnum. Og jeg hygg, að í Danmörku hafi nýlega fallið dómur í Sö- og Handelsretten í þá átt, að kolakaupmenn (Dansk Kul og Kokes Compagni), sem fyrir stríðið voru búinir að gjöra samninga um kolakaup í stórum stil, en neituðu, vegna stríðshækkunar, að láta kolin af hendi fyrir umsamið verð, voru dæmdir til að fullnægja samningnum, með því að kolin voru fáanleg, þótt dýrari væru. Líkt stendur á hjer. Fjelagið getur eins og allir vita fullnægt samningnum. Skipastól hefir það nógan, og nóg hefir það grætt á oss, þótt það græði ekki sjerstaklega á þessum Íslandsferðum einnig. Nefndin leggur því eindregið til, að þingsályktunar till. á þingskjali 97 verði samþykkt, og skorar fastlega á stjórnina að halda fast fram kröfum vorum í þessum efnun.

Nefndin býst við að sameinaða fjelagið muni vera nokkuð uppvöðslusamt, af því það hefir átt því að venjast, að vjer höfum verið því eftirlátir, á meðan oss var ekki vaxinn svo fiskur um brygg, að vjer þyrðum að hugsa þá hugsun, að ráða sjálfir yfir siglingum vorum. Og nú býst jeg við að það muni halda, að það geti haldið þessum gamla hætti, — þeim hætti, að bjóða okkur það, sem því best þóknast.

En jeg hygg að, vjer Íslendingar höfum alvarlega raknað úr rotinu. Árið 1913, þegar sameinaða fjelagið ætlaði að hræða oss frá því, að leggja fje í Eimskipafjelagið, með því að hóta oss, að taka tilboð það um strandferðir til baka, er það hafði

gjört þáverandi ráðherra, ef vjer legðum fje í Eimskipafjelagið, þá vöknudum vjer úr dvalanum við kreptan hnefa fjelagsins. Þá lifðu, eða fyrir þann tíma lifðu, ýmsir í þeirri trú, að það gæli ekki borgað sig að sigla á milli landa. Nú er sú trú horfin. Nú er það vitanlegt, að siglingar milli landa geta verið og eru arðsöm fyrirtæki. Og nú hygg jeg, að menn alment skilji það, hvað vinsamlega þetta fjelag hefir reynst okkur frá því fyrsta. Og nú síðasta vináttubragðið er það, að reyna að kippa að sjer hendinni á þessum ófriðartímum, að bregðast þeim samningum, sem vjer gjörðum við það, og sem vjer vitanlega höfum tekið til greina, er vjer lögðum okkar siglinga-„plan“.

Viðurlög fyrir samningsrof er 1000 kr. fyrir ferðina og er þó næsta lítið. En fyrir farm- og fargjaldabækkun ætti að nægja að gjöra skaðabætur, þar sem hækkunin er ekki samþykkt af stjórnarráði Íslands.

Í því trausti að stjórnin reki erindi lands vors í máli þessu rögg samlega, leyfi jeg mjer að mæla með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Ráðherra Sigurður Jónsson: Það má segja um þetta mál sem önnur, að það er framkomið á síðustu stundu. Jeg ætla ekki að flytja langa ræðu. Að eins lýsa því yfir, að stjórninni er það áhugamál, að sameinaða gufuskipafjelagið breyti í engu frá samningunum, og mun því verða fylgt fram með festu af stjórnarinnar hálfu; hvort það verði rekið svo langt, að farið verði í mál, get jeg ekki sagt um að svo stöddu, en alt annað mun stjórnin leitast við að gjöra.

Dýrtíðaruppbót.

ATKVGR.

Till. samþ. með 12 samhlj. atkv., og afgreidd til landsstjórnarinnar sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 185).

6. Dýrtíðaruppbót.

Á 17. fundi í Ed., fimtudaginn 11. janúar, kl. 1¹/₄ miðdegis, var útbýtt

Till. til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sjúslunarmönnum landssjóðs,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 134).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum til að taka till. þegar til fyrri umr. (A. 134).

Afbrigðin leyfð og samþykkt.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að málinu verði frestað og vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 186) með 10 samhlj. atkv.

Umræðunni frestað.

Forseti:

Jeg skal geta þess, að fjárveitinganefndin hefir beðið mig að mælast til þess við hv. þingmenn, að þeir sitji kyrrir í sætum sínum eftir fundarslit, svo að hún geti

ráðfært sig við þá um ýms mikilvæg málafni, og verða þá allir áheyrendur að vikja burtu.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 1 miðdegis, var till. tekin til frh. fyrri umr. (A. 134, n. 151).

Framsm. (Eggert Pálsson): Það hefir verið tekið fram, að tíminn sje orðinn stuttur og því eigi tök á löngum umræðum.

Jeg skal líka reyna að vera eins stultur orður og jeg get.

Það er meiri vandi en vegsemd að hafa framsögu í þessu máli. Þar er maður staddur milli tveggja elda. Annars vegar er eldur kyntur af uppbótakröfum starfsmanna landssjóðs, sem að allra áliti eiga við mikil rök að styðjast, en hins vegar er eldurinn kyntur af sparsemiskröfum kjósendanna. Meðalvegurinn milli þessara elda er vandfarinn og erfitt að þræða hann svo, að maður brenni sig ekki á öðrum: hvorum til skaða.

Jeg get að vissu leyti sagt, að afstaðan mín í þessu máli sje ekki sem verst, þar sem málið snertir mig persónulega svo harla lítið. Jeg tek sem sje ekki laun min eftir hinum nýrri prestalaunalögum, heldur er jeg svo heppinn að falla undir gömlu prestalaunalögin. Og uppbót á þeim launum, sem samkvæmt gamla laginu eru goldin í friðu, hefir engum komið til hugar að greiða skyldi. Jeg tók það fram áður en prestalaunalögum var breytt, og álit það enn, að eldra fyrirkomulagið hafi átt að haldast, að því er laun presta snerti.

Það var ólíklegt að breytingin sú, að setja presta á landssjóðslaun, yrði til batnaðar, enda hefir reynslan sýnt það gagnstæða, og tel jeg vist að fleiri en jeg sje nú sömu skoðunar og jeg orðnir í þessu efni, eins og sjest meðal annars á því, að nú er jafnvel farið að hugsa um að

Dýrtíðaruppbót.

borga öllum embættismönnum laun eftir verðlagsskrá.

Annars er munurinn á því, hvort maður talar í einhverju máli eða ekki, alls enginn, því skoðanir manna koma fram í því hvernig þeir greiða atkvæði sitt, og viljinn kemur þar alveg í ljós eins og í orðunum.

Þegar þetta mál kemur til yfirvegunar, virðist mér það fyrsta, sem þyrfti að athuga, sje það, hvort þörf sje á dýrtíðaruppbót á launum embættismauna landsins eða ekki. Nú er það öllum ljóst, að þörfin er fyrir, og móti því hafa engin andmæli komið, og þarf því ekki að eyða orðum að því. Það eru allir sammála um, að krafan um uppbót sje rjettmæt. Spurningin er að eins hvernig og með hvaða hætti henni verður fullnægt, hvaða aðferð skuli viðhöfð og hversu langt skuli farið í því efni. Ýmsar uppástungur hafa komið í þá átt, og höfum við átt kost á að hlusta á skoðanir manna í Nd. og heyra uppástungur þeirra, og sömuleiðis hafa, eins og gefur að skilja, komið fram ýmislegar uppástungur hjá oss í nefndinni. Og meðal þeirra er sú skoðun, er jeg fyrir mitt leyti hefi talið heppilegasta, að öllum embættismönnum, sem hafa 1500 kr. laun eða minna, væri veitt dýrtíðaruppbót. Og alls ekkert frekar. Jeg geng út frá því, að þessar 1500 kr. gangi til þess að afla allra brýnustu lífsnaúðsynja. Þetta held jeg, að hefði verið einfaldasta leiðin, hvort sem uppbótin hefði verið sett þá 40%, 50% eða jafnvel 60%.

Önnur till. kom fram í nefndinni, þess efnis, að veitt væri 50% uppbót af 1. þúsundinu, 25% af 2. og 10% af því 3. og svo ekki frekar.

Enn fremur hafði nefndin meðferðis annan „skala“, annan útreikning eftir dr. Ólaf Danielsson. Er þar gengið út frá því, að öll launin verði bætt upp, hin hæstu einnig títíð eitt. Er þar eins og í tillögu fjár-

veitinganefndar Nd. byrjað á 1500 kr. með 50% uppbót, en endað á 5% uppbót á 4500 kr. og það, sem þar er fyrir ofan. Það er því sameiginlegt við allar uppástungur, að miða hæstu prósenturnar við 50%, og er þá gefið, að allir eru þar sammála. Mismunurinn er þá að eins sá, hvernig eigi svo að halda áfram. En þar sem engin tók eru á nú, sakir naumleika tímans, að gjöra gagngjörðar breytingar, verður að halla sjer að grundvelli þeim, er hv. Nd. hefir lagt. Tíminn leyfir ekki, að hægt sje að ræða málið hjer eins og í Nd., eða gjöra verulegar breytingar á því. Því liggur ekki annað fyrir en ganga að till. hv. Nd. óbreyttri, eða gjöra breytingu svo að grundvöllurinn raskist í engu, að eins lagfæra það, sem bæði mér og öðrum hefir fundist að spilst hafi í meðförunum á síðustu stundu í Nd. Tillaga nefndarinnar er því sú, og er ofur einföld, að fella burt viðaukatilögðu þá, er fram kom við síðari umræðu um málið í hv. Nd. Jeg veit að öllum hv. þm. er ljóst í hverju þessi viðaukatill. er tölgin, en samt ætla jeg að fara um hana nokkrum orðum, og sýna misrjettinn, sem hún flytur með sjer.

Í fyrsta lagi fer hún fram á að svifta einhleypa launaþiggjendur $\frac{2}{3}$ af uppbótinni. Það er ljóst hvað þetta snertir, að frádrátturinn kemur aðallega niður á t. d. barnakennurum út um landið, ungum mönnum, sem allir hafa viðurkent, að lifi við sultarlaun, en eru með nauðsynlegustu og þörfustu mönnum þjóðar vorrar að allra dómi. Og á hina hliðina kemur frádrátturinn niður á uppgjafa gamalmennum.

Hinir, sem þar eru á milli, hafa allflestir fyrir einhverjum að sjá, eða það er hreinasta undantekning ef ekki er svo, og þetta snertir þá því ekki.

Hitt atriðið, að þeir eigi einnig að missa $\frac{2}{3}$, sem hafa 600 krónur í tekjur af fram-

Dýrtíðaruppbót.

eidslu einhverrar atvinnu á sjó eða landi, það held jeg að sje afar-þýðingarlitíð. Jeg hygg að slik dæmi, að embættismenn hafi 600 kr. hreinar tekjur af búi sínu, sje hreint og beint ekki til, eða þá sem hreinasta undantekning. Jeg get í þessu efni tekið dæmi af sjálfum mjer. Það er hverjum næst að stinga hendinni í sinn eigin barm. Jeg mundi geta lagt drengskaparorð það, sem hjer er talað um við því, að minn búskapur hefir ekki gefið neinar hreinar tekjur af sjer; þvert á móti hefi jeg jafnan orðið að leggja embættis-tekjurnar inn í hann, til þess að hann fái borið sig, og tel jeg mig þó ekki meiri búskussa en hvern annan.

Jeg hygg því að þó leitað væri, þá væri vart hægt að finna þau bú embættismanna, sem gæfu af sjer þessar hreinu tekjur og er því þetta atriði þýðingarlitíð, að eins til að standa á pappírnum.

Þá kem jeg að hinu atriði viðaukatillög-unnar, að sleppa skuli allri dýrtíðarupp- bót hjá þeim, sem hafa 1500 kr. tekjur auk landssjóðslauna, hvort sem það er fyrir framleiðslu eða á annan hátt. Hvað þetta atriði snertir, þá er mjer það ljóst, að það kæmi órjettlátlega niður á menn, sjerstak- lega hjer í bænum. Það er kunnugt, að margir hjer eru neyddir til að afla sjer tekna auk launa, og ef þær nema 1500 krónum, þá eru þeir sviftir dýrtíðarupp- bótinni samkvæmt þessu. Jeg skal leitast við að koma með dæmi þessu til skýring- ar. Maður, sem hefir 3500 kr. tekjur úr landssjóði, en auk þess vinnur sjer inn aukreitis sem nemur 500 krónum, hann sleppur undan þessu ákvæði, því honum ber samkvæmt aðtillöggunni að fá 25% af 3500 kr. og fær þessa uppbot, er mun verða 875 krónur, sem bætist við 4000 króna launin, og mundi hann þá hafa 4875 krónur. Svo er annar maður, sem hefir 1500 krónur í laun, en tekst að afla sjer með aukavinnu aðrar 1500

krónur. Það verða samtals 3000 krónur. Hann fær ekkert. Hjer kemur fram beint órjettlæti. Annað dæmi skal jeg taka. Maður, sem hefir 2500 kr. í laun, en tekst að afla sér viðbót, er nemur 500 kr. Það verður samtals 3000 kr. Hann fær samkv. tillöggunni 1000 kr. í uppbot eða fær alls 4000 krónur. Svo er annar maður, sem hefir 2000 kr. í laun, en aflar sjer að auki 1500 kr. Það verður samtals 3500 krónur. Hann fær ekkert. Hjer er því sýnilegt, að þessi viðaukatillaga felur í sjer hreinasta órjettlæti. Jafnvel svo mikið, að letin og iðjuleysið sýnist verð- launað, eða að minsta kosti þeim gjört jafnhátt undir höfði, hinum iðjusama og atorkusama og hinum lata og duglausa. Með tilliti til þessa hefir fjárveitinganefnd- in komist að þeirri niðurstöðu, að það sje ekki þinginu samandi að senda frá sjer slíka tillögu, enda hefir þetta komist í Nd. á síðustu stundu inn í aðtillöguna, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, lítt hugsað og undirbúningslaust, og með tilliti til þessa leggur nefndin til, að viðaukatillagan verði feld burtu.

Jeg veit ekki fyrir víst hvernig háttvirt deild litur á þessa niðurstöðu nefndarinnar, og get því ekki fyrirfram mótmælt neinum mótbárum, sem fram kunna að koma, en ef svo færi, að þær kæmu, þá er það mitt að svara, en jeg veit líka að með- nefndarmenn minir gjöra sitt til að hnekkja mótmælunum. Hvað snertir nefndarálit okkar, þá er það, eins og gefur að skilja, ekki eins ítarlegt og æskilegt væri, sök- um þess afskamtaða, afarstutta tíma, er við höfðum yfir að ráða.

Magnús Torfason: Þetta er stórmál að því leyti að afarmiklu fje er ráðstafað. Þingið átti þess vegna kröfu á því, að stjórnin hefði undirbúið þetta mál. Það er vitanlegt, að það er ekki hægt að rann- saka þetta mál til hlitar á svo stuttum

Dýrtíðaruppbót.

tíma, og hljótum við því að greiða atkvæði okkar meira og minna í blindni. Jeg lit svo á, að krafa embættismanna um dýrtíðaruppbót sje rjettlát, en um stærð þeirrar rjettlætiskröfu er mjer alls eigi unt að fella neinn dóm. Það er leiðinlegt, að ekki hefir unnist tími til að athuga nema þessa hlið málsins. En hitt er vitanlegt, að jafn mikil nauðsyn ber til þess, að athuga hvað gjöra skal til þess, að rjetta fátæklingum þjóðar vorrar hjálparhönd, en til þess er enginn tími á þessu þingi.

Eftir atvikum er ekki annars kostur en fallast á till. nefndarinnar í Nd., sem nefndin hjer hefir tekið upp.

Mjer virðist að till. á þgskj. 132, er hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) var aðalflutningsmaður, að spilli aðaltillögumni.

Jeg skal að eins drepa á eitt atriði. Tillagan tekur $\frac{2}{5}$ uppbótar af einhleypum.

Þetta ákæði „einhleypur“ er mjög teygjanlegt lagaákvæði og ilt að átta sig á við hvað er átt. Eru það menn, sem aldrei hafa gift sig, eða á það líka við ekkla og ekkjur? (*Sigurður Jónsson*: Þeir, sem ekki eiga fyrir ómaga að sjá). *Getur verið frá einni hlið. En þegar um lagahugtak er að ræða, þá verður það að vera fastákveðið.* Það er líka spurning, hvort átt er við búsetta ógifta menn, hvort þar undir falla ókvæntir menn, er hafa heimili. Þetta orð er því í fyrsta lagi óljóst, en það er líka órannsakað, hvort ódýrara er að lifa einhleypur eða búsettur. Vist er um það, að það mun allalment álit, að menn byrji fyrst að græða fje, er þeir kvongast.

Ef athugað er, hverjir komast undir þetta ákvæði, þá eru það fyrst ungir menn, er oft geta ekki kvongast, sakir illa borgaðrar vinnu. Frá þjóðarhagssjónarmiði er þetta ekki óheppilegt, því menn hafa fremur ráð á að ganga í heilagt hjóna-

band, ef þeir fá uppbótina. Ef búsettir einhleypir menn hafa heimili, þá kemur þetta sjerstaklega illa niður á búsettum ekklum og ekkjum, er fengju mun minna. Það er vitanlegt, að það er ekki ódýrara að hafa bústýru. Og gamalt mál segir „bústýra er í búi brunni“. En það mun tæplega hafa verið ætlast til að meina þeim að hafa heimili.

Það var sagt hjer áðan, að miðað væri við þá, sem ekki hefðu fyrir öðrum að sjá, en ef það er samkvæmt lögum, þá nær það að eins til barna til 16 ára. Hygg jeg, að ranglæti sje í þessu, því það er vitanlegt, að margir ungir einhleypir menn hafa siðferðisskyldu til að sjá fyrir ættingjum sínum og fósturforeldrum, og eldri menn þurfa oft að sjá fyrir barnabörnum sínum, sem þeir einir standa að.

Sjerstaklega á þetta fjarska illa við um marga þá, er taldir eru í 18. gr. fjárlaganna. Og hjer verður aldrei nema um smámuoi að ræða.

Jeg skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu, en vona, eins og háttv. framsm. tók fram, að hæstv. deild sjái, að þessi umrædda viðaukatillaga er ekki til bóta.

ATKVGR.

Brtt. 151 samþ. með 11 samhlj. atkv.

Till. svo breytt samþ. með 11 samhlj. atkv.

Till. vísað til síðari umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 12. janúar, kl. 6 síðdegis, var till. tekin til síðari umr. (A. 169).

Verzlunar- og vöruflutninganefnd.

Of skamt liðið frá fyrri umr., en afbrigði leyfð og samþ.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 9 samhlj. atkv. og afgreidd til Sp.

(A. 176).

II.

Um skipun nefnda.

Verzlunar- og vöruflutninganefnd.

Á 4. fundi í Ed., laugardaginn 24. desember, var útbýtt

Till. til þingsályktunar um skipun nefndar til að ihuga verzlunarmál og vöruflutninga (A. 14)

Á 5. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. desember, var till. tekin fyrir hvernig ræða skuli (A. 14)

Forseti: Jeg leyfi mjer að stinga upp á einni umr. Ef enginn hefir neitt á móti því, tel jeg það samþ. án atkvæða.

Ein umr. ákveðin.

Á 6. fundi í Ed., fimtudaginn 28. desember, var till. tekin til einnar umr. (A. 14).

Flutnm. (Magnús Kristjánsson): Til-laga þessi, sem hjer liggur fyrir um að skipa 5 manna nefnd, þarf eigi mikilla skýringa við. Þó vil jeg geta þess, að við flutningsmennirnir álitum þetta eina aðal-ástæðuna fyrir því, að þetta aukapíng er svo óvænt og á þessum tíma árs kallað saman, og er því nauðsynlegt að athuga þetta mál vandlega. Þetta hefir og verið gefið í skyn bæði af landsstjórninni og í blöð-um, og hvergi mótmælt.

Jeg hefi ekki orðið var við neitt, sem hefir komið fram hjer í deildinni viðvikj-andi þessu máli, en neðri deild hefir fengið

Verslunar- og vöruflutninganefnd.

einhver skjöl þessu viðvikjandi til meðferðar og þeim hefir verið vísað til viðskiftanefndar Nd., en mjær er ekki kunnugt um, hvað nefndin hefir gjört í þessu.

Okkur flutningsmönnum þótti æskilegast, að þegar í þingbyrjun væri skipuð nefnd í báðum deildum til að athuga þetta, og til þess var líka full ástæða. Mjær fínst einnig, að neðri deild hafi fengið eftirþanka at því, að þessi meðferð málsins hafi ekki verið sem allra formlegust, því nú hefir komið fram till. í Nd. að vísa þessu til nefndar þeirrar, er fjallaði um heimild landsstjórnarinnar til að tryggja aðflutninga til landsins, og verður að líta svo á, að þetta sé ekki fyr formlegt en að þessi tillaga hefir verið samþykkt.

Eins og kunnugt er, hefir ekki legið fyrir þessari deild óþarflega mikið verkefni, en aftur má búast við, eftir því sem fram líður tíminn og mál verða afgreidd frá neðri deild, þá verði hjer ærið nóg að starfa, en jafnframt minkar starfinn í neðri deild. Leiðir af því, að mál verða lítt rædd hjer, þá er fram á þingið líður, og er þá hætt við að þau verði afgreidd í flaustri. Jeg vænti því þess, að allir háttv. deildarmenn líti svo á, að það sje sjálf-sagt og nauðsynlegt, að nefndin verði skipuð, eins og hjer er til ætlast.

ATKVGR.

Till. samþ. í e. hlj.

Hlutfallskosning var viðhöfð.

Fram komu tveir listar. Á lista þeim, er forseti merkti A, stóðu:

Magnús Torfason,
Karl Einarsson,
Guðmundur Ólafsson.

Á lista þeim, er forseti merkti B, voru:

Magnús Kristjánsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Jóhannes Jóhannesson.

Kosningin fór svo, að

A-listinn hlaut 7 atkv. og

B-listinn 6 atkv.

Eggert Pálsson, 1. þm. Rang. var fjarstaddur.

Forseti lýsti þessa 5 þm. rjettkjörna í nefndina og í þessari röð:

Magnús Torfason,
Magnús Kristjánsson,
Karl Einarsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Guðmund Ólafsson.

(Sbr. A. bls. 193).

III.

Ekki útræddar.

1. Raflysing á Ísafirði.

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 5. janúar, var útbýtt

Till. til þingsályktunar um lánveiting til raflysingar á Ísafirði (A. 73).

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 6. janúar, var till. tekin til fyrri umr. (A. 73).

Flutnm. (Magnús Torfason): Hefi sama sem engu að bæta við þær ástæður, sem fylgja tillögunni. Læt mjer nægja að vísa til gildandi fjárlaga, þar sem veittar eru 45000 kr. til fyrirtækisins. Hjer er því eigi að ræða um neina nýja lánbeiðni, heldur að eins breyting á ákveðinni fjárhæð, sem skoða mætti sem eðlilega dýrtíðaruppbót á þessum erfiðu tímum. Auk þess verður rafveitan dýrari meðfram fyrir það, að annað kaupturn á að geta haft hennar not, en fyrir því var eigi gjört ráð í byrjun. Legg jeg því til að till., að umræðum loknum, sje vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv.

Till. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 186) með 10 samhlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., þriðjudaginn 9. janúar, var till. tekin til síðari umr. (A 73, n. 88).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg hygg, að þótt nefndarálitid á þeskj. 88 sje ekki langt, þá sje það nógu skýrt, svo að ekki þurfi mörgum orðum um það að fara. Það er eins og öllum hv. þm. er kunnugt, að fyrir síðasta þingi lágu lánveitinga-beiðnir, til þess að koma upp hjá sér raflysingu, frá ýmsum kaupstöðum, og þar á meðal var Ísafjörður, og var öllum þeim veitt áheyrn. Og fjárlögin bera það með sjer að Ísafirði voru veittar 45,000 krónur að láni til raflysingar. Þá var litid svo á, að kostnaður við raflysingu á Ísafirði mundi nema 100,000 krónum. En nú er upplýst, að vegna dýrtíðarinnar muni kostnaðurinn ekki vera 100,000 krónur,

Raflýsing á Ísafirði. — Kolarannsókn.

heldur 200,000 krónur, og með því má á-lita samræmi að veita nú helmingi meira lán. Þar sem síðasta þing veitti 45,000 króna lán, þá ætti í samræmi, við það að veita nú 90,000 krónur alls, eða 45,000 krónur í viðbót við það, sem síðasta þing veitti.

Upphaflega var hámark lánveitingarinnar 100,000 kr. hjá flutningsmanni till. En það mætti skilja svo, sem þetta þing ætlaði að veita 100,000 kr. til viðbótar hinum áður veittu 45,000 kr., sem auðvitað gat ekki verið meiningin. Þess vegna áleit fjárveitinganefndin rjettað breyta orðalaginu á þann veg, að veita 45,000 kr. til viðbótar hinni áður veittu 45,000 kr. upphæð. Enn fremur áleit fjárveitinganefndin rjett að breyta orðalaginu á þá leið, að heimila landsstjórninni að lána fje, í stað þess að skora á hana að lána fje; í því orðalagi er meira samræmi við venju liðinna tíma.

Hygg jeg svo að lokum, að hv. flm. þingsál.till. (M. T.) hafi ekki á móti brtt. fjárveitinganefndarinnar. Hefi jeg svo ekki öðru við að bæta en því, að jeg tel, að brtt. nefndarinnar megi öllu fremur reiknast til bóta en hitt.

ATKVGR.

Brtt. 88 samþ. með 13 samhlj. atkv.
Till. svo breytt samþ. í e. hlj.
Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Till. afgreidd til Nd.

(A. 118).

2. Kolarannsókn.

Á 16. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. janúar, var útbýtt

Till. til þingsályktunar um kolarannsókn og kolavinslu,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 122).

Á 17. fundi í Ed., fimtudaginn 11. janúar, var till. tekin til fyrri umr. (A 122).

Ráðherra Sigurður Jónsson: Það hefir margsinnis verið tekið fram, að þetta þing hafi einkum verið háð með það fyrir augum, að Ísland yrði fyrir sem minstum halla af heimsstyrjöldinni. Eitt af því, sem hjer til heyrir, er að sjá landinu fyrir viðunanlegum kolabrigðum. Nú á síðustu tímum hafa fundist kol hjer í landi, sem nokkuð hafa verið notuð. En þótt nauðsyn beri nú til að rannsaka þessa kolafundi, finst mjer að mjög örðugt muni verða, eins og stendur, að gjöra verulega mikið í þá átt. Hjer er ætlast til þess, að sjerfræðingar sje fengnir nú þegar til þess, að rannsaka kolafundina. Og hjer ekki um heimild að ræða, heldur beina áskorun til stjórnarinnar. Þessi rannsókn á ekki heldur að fara fram á einum stað, heldur á sem flestum stöðum, hvort sem þeir eru eign hins opinbera eða einstakra manna. Að visu vil jeg eigi leggja á móti því, að tillagan nái fram að ganga, en jeg fæ ekki sjeð, að stjórnin geti neitt verulegt gjört í þessu máli. Það væri helst, að hún reyndi að útvega sjerfræðinga. En þeirra mun einkum að leita á Englandi eða í Þýskalandi. En jeg tel litlar líkur á að þeir fáist. Flestir munu hafa nóg við sína sjerfræðinga að gjöra á þessum tímum. Jeg hefi þess vegna litlar vonir um verulegar framkvæmdir í málinu fyrst um sinn. Ef á að haga framkvæmdunum eftir orðum tillögunnar, kosta þær mikið fje. Sjerfræðingar eru dýrir, og vinslan yrði að sama skapi mikil

Kolarannsókn.

og erfið. Hjer væri nokkuð öðru máli að gegna, ef sá grundvöllur væri lagður, að verja til þeirra rannsókna, sem hjer ræðir um, allmörgum árum í röð, og fje til þess jafnframt veitt í fjárlögunum og sýnishorn af kolunum rannsökuð jafnóðum og þau falla til. Það tel jeg heppilegast fyrir þetta mál, sem jeg játa, að sje þýðingarmikið í sjálfu sjer. Þetta getur næsta þing athugað betur en nú er kostur á. Hitt tel jeg ekki líklegt til mikils árangurs, að ætla sjer að komast að takmarkinu nú í einu viðbragðsstökki.

Þessi þingsál.till. sver sig í ætt við fleiri tillögur, sem komið hafa fram á þessu þingi. Hún er fljótfærnislega orðuð, og á við litla rannsókn að styðjast. Það er líka einkennilegt, að hjer rignir niður þings-

ályktunartill., en svo að segja engin frv. hafa enn komið fram. Í þessari aðferð finst mjer kenna keims af því, að þm. þyki ljettast að varpa sem mestu af á-byrgðinni á breiðar herðar stjórnarinnar. Loks vil jeg endurtaka það, að jeg býst eigi við miklum framkvæmdum í máli þessu nú í bráðina.

ATKVGR.

Till. visað til siðari umr. með 8 samhlj. atkv.

Till. var aldrei tekin til siðari umr., og varð því

óútrædd.

E.

Önnur mál,

I.

Minning Þórhalls biskups.

Á 2. fundi í Ed., mánudaginn 18. desember, áður en til dagskrár væri gengið, mælti

Forseti: Áður en hæstv. deild tekur til starfa að þessu sinni, vil jeg gjöra henni kunnugt, að vjer eigum nú á bak að sjá einum besta og nýtasta manni þjóðarinnar, þar sem er Þórhallur biskup Bjarnarson. Hann andaðist 15. þ. m. Hann var fæddur í Laufási við Eyjafjörð 2. des. 1855. Tók embættispróf í guðfræði við háskólann í Kaupmannahöfn 23. jan. 1883 með 1. einkunn. Var veitt Reykholt í Borgarfirði 18. mars 1884, og var prestvigður þangað 18. maí sama ár. Skipaður prófastur í Borgarfjarðarsýslu 7. júní sama ár. 19. mars 1885 var honum veitt Akureyrarprestakall. 20. ágúst sama ár var hann settur 1. kennari við prestaskólann og var veitt það embætti 24. febr. 1886. Þjónaði

dómkirkjuprestsembættinu í Reykjavík 1889—90, með aðstoð. 10. jan. 1894 var hann settur forstöðumaður prestaskólans, og var veitt það embætti 30. maí sama ár. Skipaður biskup 19. september 1908. Riddari af Dannebrog varð hann 9. des. 1902, og Dannebrogismaður 31. júlí 1906. Hlaut prófessorsnafnbót 9. ágúst 1907. Gaf út Kirkjublaðið 1891—1897, og Nýtt Kirkjublað síðan 1906. Var skipaður af konungi í millipinganefnd í landbúnaðarmálum 4. mars 1904. Formaður landbúnaðarfjelagsins 1900—1907. Alþingismaður Borgfirðinga 1894—1899 og 1902—1907. Var forseti neðri deildar Alþingis 1897—1899.

Jeg sje að hv. þm. hafa staðið upp, og jeg skil, að þeir með því vilji láta í ljós söknuo sinn yfir því, að þjóðin hefir mist þenna mæta mann.

Jeg þakka.

Vinnubætur.

Að loknum störfum á 3. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. desember, mælti

Forseti: Háttvirtir þingbræður!

Áður en jeg slit þessum fundi vildi jeg vekja athygli yðar á því, að á morgun fer

fram jarðarför herra biskups Þórhalls Bjarnarsonar, og hefst með húskveðju í Laufási kl. 11¹/₂. Jeg vænti þess, að þjer allir, háttv. þingmenn, sýnið þessum látna merkismanni þann sóma, að fylgja honum til grafar.

II.

Vinnubætur.

Á 5. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. desember, lýsti forseti yfir því, að lögð væru á borð skrifaranna, þingmönnum til afnota, eyðublöð undir

1. Kröfu um nafnakall.
2. Kröfu um að umræðum skuli lokið.
3. Beiðni um hlutfallskosningu.
4. Ósk um einfalda dagskrá.

Enn fremur lýsti forseti yfir því, að útbýtt væri meðal þingmanna

Eyðublöðum undir beiðni um að mega taka til máls.

Að því loknu mælti

Forseti: Við forsetar deildanna höfum

komið okkur saman um, til vinnuljettis, að láta búa til eyðublöð til afnota fyrir þingmenn, þegar þeir hafa hug á að krefjast einfaldrar dagskrár, nafnakalls, að umræðum skuli lokið eða hlutfallskosningum beitt.

Þessi eyðublöð verða látin liggja á borði hjá skrifurum, en útbýtt hefir verið meðal þingmanna smáeyðublöðum, til afnota, er þeir vilja biðja sjer hljóðs.

Það hefir verið siður að menn hafa beiðni sjer hljóðs með því, að berja í borðið, en sá siður hefir ekki gefist vel. Forseti hefir oft ekki heyrt það, og þingmaður þá orðið útundan. Og nú er svo komið að forseti á að greiða atkvæði og því

naðsynlegt, að hann geti hlustað í næði á ræður þingmanna.

Það er heldur hvergi þingsiður erlendis, að menn biðji sjer hljóðs með barsmið. Erlendis eru tveir siðir tíðkaðir. Annar er enskur; þar biðja menn sjer ekki hljóðs fyrirfram, heldur er það venja, að þegar einhver hefir lokið máli sínu, þá rennir forseti augum yfir þingbekki, og standa þá þeir upp, sem vilja taka til máls, grípa augnaráð forseta (to catch the eye of the speaker), en forseti ræður röðinni, ef margir standa upp í senn. Hinn siðurinn er sá, að mönnum er heimilt að biðja sjer hljóðs fyrirfram, en þó ekki fyr en málið er tekið til umræðu.

Er venjan yfirleitt sú, að menn senda miða til forseta, eða ganga sjálfir til hans, og láta skrifa sig. Þetta er líka miklu tryggara. Þá er engin hætta á því, að forseta sjáist yfir. Ef þingmaður vill að eins gjöra stutta athugasemd, þá er rjett, að hann standi upp og ávarpi forseta, án þess að senda beiðni. En þegar miklar umræður verða um mál, þá er þetta miklu þægilegra, skriflegar eða munnlegar beiðnir, bæði fyrir þingmenn og forseta. Barsmiðin er durnaralegur siður. Og öll hin eyðublöðin, ef menn óska einfaldrar dag-skrár, nafnakalls, að umræðum skuli lokið eða hlutfallskosningum beitt, veita þingmönnum mjög mikil þægindi.

III.

Þinglenging.

Á 9. fundi í Ed., föstudaginn 29. desember, að lokinni dagskrá, mælti

Forseti: Jeg verð að gjöra hv. deildarmönnum kunnugt, að á morgun er sá tími úti, er upphaflega var ætlaður þessu

aukapingi. En hæstv. ráðherra hefir skýrt mjer frá því, að Hans Hátign konungurinn hafi heimilað framlengingu til 31. janúar næsta ár, ef með þurfi.

Þinglenging. — Heimfararleyfi þingmanns.

Þá er lokið var dagskrá á 10. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. janúar, mælti

Forseti: Jeg gjöri hæstvirtri Ed. hjer með kunnugt, að ráðherra hefir tilkylnt mjer, að hann með leyfi Hans Hátignar konungsins hafi framlengt Alþingi til 10. janúar. Jeg vil því skora á háttv. þm. að gjöra alt, sem hægt er til þess, að þingvinnan gangi sem greiðast,

svo að eigi þurfi að lengja þingtimann frekar.

Til næsta dags liggur ekkert fundarefni fyrir, en jeg mun annast um að dagskrá verði auglýst í tæka tíð, enda mest um vert, að þm. hafi sem best næði til að hugsa um þingmálin, og vinna að þeim, áður en þau koma til umræðu og atkvæða á þingfundum.

IV.

Heimfararleyfi þingmanns.

Að lyktum 3. fundar í Ed., miðvikudaginn 20. desember, mælti

Forseti: Jeg vil geta þess að háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir beðið um heimfararleyfi milli jóla og nýárs, en samkv. þingsköpunum má forseti ekki veita lengra leyfi en 2 nátta; verð jeg því að leggja þessa beiðni undir atkvæði. Jeg skal geta þess,

að jeg hefi atlað við hæstv. forseta Nd. og býst hann við, að þörf geti orðið á þingfundum milli jóla og nýárs þar í deild, og jeg tel líklegt að sama verði hjer. Verður nú gengið til atkvæða um þessa beiðni.

ATKVGR.

Samþ. að veita heimfararleyfið með 10 gegn 2 atkv.

V.

Starfsmenn þingsins.

Á 3. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. desember, skýrði forseti frá því, að þessir væru ráðnir starfsmenn þingsins.

1. Á skrifstofu:

Jón Sigurðsson cand. phil.,
Pjetur Lárusson söngkennari,
Petrína Jónsdóttir kennari.

2. Til gætslu skjala og afgreiðslu:

Ingimar Jónsson stud. theol.

3. Til lestrarsalsgætslu:

Ólafía Einarsdóttir stúdent,
Kristín Bjarnadóttir stúdent,
sinn daginn hvor.

4. Innanþingskrifarar:

Páll Eggert Ólason cand. phil.,
Pjetur Zóphoniasson hagstofufritari,
Tryggvi H. Kvaran stud. theol.,
Jón Kjartansson stud. juris,

Árni Sigurðsson stud. theol.,
Freysteinn Gunnarsson stud. theol.

Enn fremur

Þórbergur Þórðarson norrænunemi,
Jónmundur Halldórsson past. emer.,
er taka til starfa við áramótin.

5. Verðir:

Magnús Gunnarsson,
Árni Bjarnason,
Edilon Grimsson,
Guðmundur Einarsson.

6. Þingsveinar:

Halldór Sigurbjörnsson,
Svavar Hjallsted,
Ingólfur Bjarnason,
Gunnar Jacobson,
Sverrir Thoroddsen,
Asgeir Bjarnason.

VI.

Fastanefndir fylltar.

Að lokinni dagskrá á 14. fundi í Ed., mánudaginn 8. janúar, mælti

Forseti: Nú er dagskrá lokið, en jeg vakti athygli hæstv. deildar á því síðast, að nú þyrfti að kjósa 2 menn í fastanefndir, landbúnaðarnefnd og mentamálanefnd, í stað hæstv. ráðherra (S. J.), er sat í þeim nefndum. Vil jeg nú spyrja hæstv. deild, hvort hún hafi nokkrar tillögur á reiðum höndum.

Ráðherra Sigurður Jónsson: Þeir, er völdu mig í landbúnaðarnefnd, mæla með því, að hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) verði kosinn.

Forseti: Við forsetar deildanna höfum komið okkur saman um, að missist þingmaður úr fastanefnd, þá sje rjett, að þeir nefni annan í staðinn, sem kusu þann lista, sem sá stóð á, er frá fer.

Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv. var kosinn í landbúnaðarnefnd í einu hljóði.

Till. kom fram að í mentamálanefnd yrði kosinn Kristinn Danielsson, 2. þm. G. K.

Kristinn Danielsson: Það er ekki hægt að skipa í þessa nefnd, nema með því, að leitað verði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, því enginn maður var afgangs, sem ekki væri í 2 nefndum, nema hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.), sem nú var kosinn í landbúnaðarnefnd.

Magnús Torfason: Jeg ætla að eins að gjöra þá athugasemd við þetta, að það, að enginn maður er afgangs, er ekki þingsköpunum að kenna, heldur hinu, að 5 menn skipa samgöngumálanefndina.

Enn fremur vildi jeg gjöra þá athugasemd, að þingheiti mitt er þingmaður Ísafjarðar, en ekki þingmaður Ísafjarðar-kaupstaðar.

Í mentamálanefnd var í einu hljóði kosinn

Kristinn Danielsson, 2. þm. G.-K.

Forseti: Athugasemd hv. þm. Ísf. (M. T.) skal verða tekin til greina.

VII.

Skipun skrifstofustjóra.

Að settum 14. fundi í Ed., mánudaginn 8. janúar, mælti

Forseti: Áður en gengið er til dag-skrár vil jeg skýra hæstv. Ed. Alþingis frá því, að forsetar þingsins hafa, allir í sam-einingu, ráðið og skipað Einar Þorkels-

son skrifstofustjóra Alþingis, samkvæmt 11. gr. þingskapanna, fyrir tímabilið frá 1. janúar 1917 til 31. desember 1923, og jafnframt samið og selt erindisbrjef fyrir hann 4. þ. m., samkvæmt fyrir-mælum sömu greinar þingskapanna.

VIII.

Þinglok efri deildar.

Á 22. fundi í Ed., föstudaginn 12. jan-úar, kl. 11¹/₄ síðdegis, að aflokinni dag-skrá, mælti

Forseti: Nú er þá fundarefninu lokið, en jeg get ekki sagt fundi slitið fyrir en

gjörðabók er fullrituð, og verð því að fresta fundinum stundarkorn. — —

Áður en jeg slit þessum fundi, vildi jeg láta þess getið, að vjer hjer i hæstv. Ed. Alþingis höfum átt með oss 22 þingfundi. En þetta aukaping hefir afgreitt 13 laga-

Dinglok efri deildar.

frumvörp og 10 þingsályktunartillögur. Ein þeirra á þó eftir úrslita umræðu í sam- einuðu þingi á morgun.

Jeg leyfi mjer að þakka yður, hv. þingbræður, fyrir alla þá velvild, er þjer hafið sýnt mjer í hvivetna sem forseta þessarar hæstvirtu þingdeildar. Það er von mín og þess óska jeg af heilum hug, að þingstarf vort reynist heillaríkt og hamingjusamt fyrir land og lýð.

Svo óska jeg yður, þingbræður, góðrar heimkomu og vona, að við hittumst allir aftur heilir á þingi.

Kristinn Daníelsson: Áður en við skiljum vildi jeg flytja hæstv. forseta þakkir fyrir starf hans og framkomu sem forseta.

Hann hefir sýnt áhuga fyrir því, að öll vinnubrögð þingsins gengi sem best. Hann hefir sýnt glöggan skilning á þingsköpunum, og hann hefir sýnt lipurð og

sanngirni í öllum úrskurðum.

Jeg efast ekki um það, að jeg tala hjer fyrir hönd allra þingbræðra minna, og vænti þess, að þeir sýni það með því að standa upp.

Allir stóðu upp.

Forseti: Jeg þakka þessi vinmæli til mín. En þá er eftir sú óskin, sem jeg veit að rikust er í hugskoti voru, og hún er þessi: Hamingjan verndi ættjörð vora, svo að hún komist klaklaust út úr þeim veraldarháská, sem nú vofir yfir öllum þjóðum í þessari heimsálfu.

Höfum ekki orðin mörg. Neitum allrar orku vorrar í þarfir þjóðarinnar.

Stöndum upp!

(Allir stóðu upp).

Jeg þakka!

Fundi slitið.